

# Greinargerð um umsagnir og athugasemdir og afstaða Skipulagsstofnunar

## **Greinargerð um umsagnir og athugasemdir og afstaða Skipulagsstofnunar**

Útgefandi: Skipulagsstofnun, desember 2012

Texti: Skipulagsstofnun

ISBN: 978-9935-9109-6-7

Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík [www.landsskipulag.is](http://www.landsskipulag.is)

# Efnisyfirlit

<b>1 Inngangur</b> .....	<b>4</b>
<b>2 Almennar athugasemdir við gerð landsskipulagsstefnu</b> .....	<b>7</b>
<b>3 Landsskipulagsstefna 2013 – 2024, tillaga til auglýsingar</b> .....	<b>10</b>
3.1 Athugasemdir við kafla 1.3 Forsendur .....	10
3.1.1 Yfirlit um stefnu stjórnvalda, kafli 1.3.1 .....	10
3.1.2 Samráð, kafli 1.4.2 .....	12
3.2 Athugasemdir við kafla 2.1 Stefna um skipulagsmál á miðhálandi Íslands.....	12
3.2.1 Almennar athugasemdir við kafla 2.1 Stefna um skipulagsmál á miðhálandinu.....	12
3.2.2 Leiðarljós, kafli 2.1.1.....	13
3.2.3 Verndun náttúru, landslags og menningarminja, kafli 2.1.2 .....	13
3.2.4 Orkunýting og orkuflutningur á miðhálandinu, kafli 2.1.3 .....	15
3.2.5 Samgöngur, ferðaþjónusta og almannaréttu á miðhálandinu, kafli 2.1.4.....	17
3.2.6 Beitarmál og landgræðsla á miðhálandinu, kafli 2.1.5 .....	20
3.2.7 Framhald stefnumótunar á miðhálandinu, kafli 2.1.6.....	21
3.3 Athugasemdir við kafla 2.2 Stefna um búsetumynstur og dreifingu byggðar.....	23
3.3.1 Almennar athugasemdir við kafla 2.2 Stefna um búsetumynstur.....	23
3.3.2 Leiðarljós, kafli 2.2.1.....	24
3.3.3 Uppbygging og verndun, kafli 2.2.2.....	25
3.3.4 Samgöngur, ferðaþjónusta og almannaréttur, kafli 2.2.3 .....	26
3.3.5 Landbúnaður, menningarlandslag og ásýnd lands, kafli 2.2.4.....	28
3.3.6 Framhald mótunar stefnu um búsetumynstur, kafli 2.2.5 .....	29
3.4 Athugasemdir við kafla 2.3 Stefna um skipulag á haf- og strandsvæðum .....	31
3.4.1 Almennar athugasemdir við kafla 2.3 Stefna um skipulag haf- og strandsv.....	31
3.5 Athugasemdir við kafla 3 Samantekt umhverfismats .....	33
3.6 Athugasemdir við kafla 4 Viðauki 1. Skilgreining á hugtökum .....	33
<b>4 Umhverfisskýrsla</b> .....	<b>35</b>
4.1 Almennar athugasemdir .....	35
4.2 Athugasemdir við kafla 1.1.1 Samantekt. Vatn .....	35
4.3 Athugasemdir við samantektarkafli 1.1.2 Samfélag og byggð .....	36
4.4 Athugasemdir við samantektarkafli 1.2.1 Vatn.....	36
4.5 Athugasemdir við samantektarkafli 1.3.1 Helstu niðurstöður .....	37
4.6 Athugasemdir við kafla 3.6.2.....	37
4.7 Athugasemdir við kafla 5.1 Leiðarljós .....	37
4.8 Athugasemdir við kafla 5.1.1 Verndun náttúru, landslags og menningarminja.....	38
4.9 Athugasemdir við kafla 5.2.1 Vatn .....	38
4.10 Athugasemdir við kafla 5.2.5 Loftslag .....	39

4.11 Athugasemdir við kafla 5.3 Eftirfylgni og aðgerðir.....	39
4.12 Athugasemdir við kafla 6.1 Leiðarljós .....	39
4.13 Athugasemdir við kafla 6.1.1 Uppbygging og verndun .....	40
4.14 Athugasemdir við kafla 6.1.2 Samgöngur, veitukerfi o.fl.....	40
4.15 Athugasemdir við kafla 6.1.3 Landbúnaður, menningarlandslag o.fl. ....	41
4.16 Athugasemdir við kafla 6.2.2 Umhverfisáhrif stefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar .....	41
<b>5 Greinargerð um stöðu skipulags á haf- og strandsvæðum .....</b>	<b>42</b>
<b>6 Staða og þróun skipulagsmála .....</b>	<b>44</b>
<b>7 Skýrsla um ferðamennsku.....</b>	<b>45</b>
<b>8 Yfirlit um stefnu stjórnvalda .....</b>	<b>46</b>
<b>9 Viðauki 1.....</b>	<b>47</b>
<b>10 Tilvitnanir og heimildir.....</b>	<b>104</b>

# 1 Inngangur

---

Í samræmi við 6. mgr. 11. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 auglýsti Skipulagsstofnun tillögu að landsskipulagsstefnu 2013-2024<sup>1</sup> ásamt umhverfisskýrslu<sup>2</sup> 24. september 2012 og var frestur til að skila athugasemdum til 20. nóvember 2012.

Tillagan varðaði:

- Skipulagsmál á miðhálandi Íslands
- Búsetumynstur og dreifingu byggðar
- Skipulag á haf- og strandsvæðum

Fylgiskjöl tillögunnar sem einnig var hægt að nálgast á <http://www.landsskipulag.is/> eru:

- Yfirlit yfir stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun<sup>3</sup>
- Greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála<sup>4</sup>
- Greinargerð um stöðu haf- og strandsvæðaskipulags<sup>5</sup>
- Skýrsla um ferðamennsku á miðhálandi Íslands<sup>6</sup>

Tillagan ásamt fylgiskjöllum lá einnig frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166 og í Þjóðarbókhöðunni.

Á kynningartímanum voru haldnir kynningarfundir í Borgarnesi, á Egilsstöðum, Blönduósi, Ísafirði, Akureyri, Reykjavík, Reykjanesbæ og Selfossi.

Alls bárust 66 umsagnir og athugasemdir sem Skipulagsstofnun hefur flokkað eftir því við hvaða kafla í tillögu að landsskipulagsstefnu þær eiga og hvaða fylgirit. Lögð er áhersla á að bregðast við öllum umsögnum og athugasemdum sem varða form og efni og byggja á gildandi lögum. Almennar umsagnir og athugasemdir sem varða t.d. aðra stjórnýslu en lög mæla fyrir um er svarað með almennum hætti. Í fylgiskjali er yfirlit yfir umsagnir og athugasemdir.

Í þessari greinargerð kemur fram afstaða Skipulagsstofnunar til umsagna og athugasemda, afgreiðsla skv. 9. gr. laga nr. 105/2006 og tillögur um breytingar þar sem það á við.

Tafla 1. Yfirlit um innkomnar umsagnir og athugasemdir við auglýsta tillögu að landsskipulagsstefnu 2013-2024

<b>Aðilar sem gera athugasemdir - gefa umsögn</b>	<b>Dagsetning</b>
<i>Hafnafjarðarbær</i>	<i>17.9. 2012</i>
<i>Ríkisskattstjóri</i>	<i>27.9. 2012</i>
<i>Sveitarfélagið Árborg</i>	<i>4.10. 2012</i>
<i>Kópavogsbær</i>	<i>4.10. 2012</i>
<i>Hrunamannahreppur</i>	<i>8.10. 2012</i>
<i>Ferðamálastofa</i>	<i>15.10. 2012</i>

<i>Fjallabyggð</i>	<i>18.10. 2012</i>
<i>Próunarfélag Austurlands</i>	<i>23.10. 2012</i>
<i>Orkuveita Reykjavíkur</i>	<i>5.11. 2012</i>
<i>Reykjanesbær</i>	<i>6.11. 2012</i>
<i>Hveragerðisbær</i>	<i>7.11. 2012</i>
<i>Fjarðabyggð</i>	<i>7.11. 2012</i>
<i>Einar Örn Thorlacius</i>	<i>8.11. 2012</i>
<i>Reykjavíkurborg</i>	<i>8.11. 2012</i>
<i>Samorka</i>	<i>13.11. 2012</i>
<i>Landssamband hestamannafélaga</i>	<i>14.11. 2012</i>
<i>Bláskógarbyggð</i>	<i>15.11. 2012</i>
<i>Norðurþing</i>	<i>16.11. 2012</i>
<i>Akureyri</i>	<i>16.11. 2012</i>
<i>Landssamtök hjólréiðamanna</i>	<i>18.11. 2012</i>
<i>Skógrækt ríkisins</i>	<i>19.11. 2012</i>
<i>Landhelgisgæsla Íslands - Árni Þór Vésteinsson</i>	<i>19.11. 2012</i>
<i>Landhelgisgæsla Íslands</i>	<i>19.11. 2012</i>
<i>Hörður Einarsson</i>	<i>19.11. 2012</i>
<i>Landgræðsla ríkisins</i>	<i>19.11. 2012</i>
<i>Trausti Valsson</i>	<i>19.11. 2012</i>
<i>Vegagerðin</i>	<i>19.11. 2012</i>
<i>Skaftárhreppur</i>	<i>19.11. 2012</i>
<i>Samtök ferðaþjónustunnar</i>	<i>19.11. 2012</i>
<i>Háskólinn á Akureyri</i>	<i>19.11. 2012</i>
<i>Sveitarfélagið Ölfus</i>	<i>19.11. 2012</i>
<i>Gunnar Njálsson</i>	<i>19.11. 2012</i>
<i>Háskólasetur Vestfjarða</i>	<i>19.11. 2012</i>
<i>Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva</i>	<i>20.11. 2012</i>
<i>Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands</i>	<i>20.11. 2012</i>
<i>Skútustaðahreppur</i>	<i>20.11. 2012</i>
<i>Innanríkisráðuneytið</i>	<i>20.11. 2012</i>
<i>Landsvirkjun</i>	<i>20.11. 2012</i>

<i>Fjórðungssamband Vestfirðinga</i>	20.11. 2012
<i>Suðurorka</i>	20.11. 2012
<i>Ásahreppur</i>	20.11. 2012
<i>Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik og Háskólasetur Vestfjarða</i>	20.11. 2012
<i>Teiknistofan Eik</i>	20.11. 2012
<i>Skorradalshreppur</i>	20.11. 2012
<i>Húsafriðunarnefnd</i>	20.11. 2012
<i>Samtök sunnlenskra sveitarfélaga</i>	20.11. 2012
<i>Seltjarnarnes</i>	20.11. 2012
<i>Skipulags- og byggingarnefnd uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps</i>	20.11. 2012
<i>Vistbyggðarráð</i>	20.11. 2012
<i>Sigríður Kristjánsdóttir</i>	20.11. 2012
<i>Hafrannsóknastofnun</i>	20.11. 2012
<i>Bændasamtök Íslands</i>	20.11. 2012
<i>Landssamtök landeiganda á Íslandi</i>	20.11. 2012
<i>Samband íslenskra sveitarfélaga</i>	21.11. 2012
<i>Umhverfisstofnun</i>	21.11. 2012
<i>Skeiða- og Gnúpverjahreppur</i>	21.11. 2012
<i>Veðurstofa Íslands</i>	21.11. 2012
<i>Veðurstofa Íslands</i>	22.11. 2012
<i>Þingeyjarsveit</i>	22.11. 2012
<i>Fljótsdalshérað</i>	22.11. 2012
<i>Ísafjarðarbær</i>	22.11. 2012
<i>Landsnet</i>	23.11. 2012
<i>Grímsnes- og Grafningshreppur</i>	23.11. 2012
<i>Mosfellsbær</i>	28.11. 2012
<i>Fornleifavernd ríkisins</i>	30.11. 2012
<i>Ferðafélag Íslands</i>	6. 12. 2012

## 2 Almennar athugasemdir við gerð landsskipulagsstefnu

### Samantekt athugasemda

Í umsögnum og athugasemdum við auglýsta tillögu að landsskipulagsstefnu 2013-2024 ásamt umhverfisskýrslu koma fram fjölmörg almenn sjónarmið sem varða áhrif landsskipulagsstefnu og ferlið við mótnun hennar og innleiðingu. Að hluta til er fjallað um þessar athugasemdir í tengslum við einstaka kafla í auglýstum skjölum, svo sem *Landsskipulagsstefna 2013-2024, Tillaga til auglýsingar og Umhverfisskýrsla, með tillögu að landsskipulagsstefnu*. Nokkur hluti af þessum almennu athugasemdum fellur hins vegar ekki undir tiltekið skjal eða lög og reglur sem gerð landsskipulagsstefnu grundvallast á. Í þessum kafla er leitast við að gera grein fyrir þessum athugasemdum og svara þeim. Í einstaka tilvikum koma umræddar athugasemdir einnig við sögu í öðrum köflum í þessari greinargerð.

Áhrif landsskipulagsstefnu og skipulagsvald sveitarfélaganna er til umræðu í fjölmörgum almennum athugasemdum. Ýmsir umsagnaraðilar fagna framkominni landsskipulagsstefnu og telja hana mikilvæga brú milli stefnu og áætlana á landsvísu og skipulagsáætlana sveitarfélaga. Þetta kemur m.a. fram í athugasemdum Orkuveitu Reykjavíkur, Skógræktar ríkisins, innanríkisráðuneytisins, Vistbyggðarráðs og Háskólans á Akureyri. Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik, Háskólasetur Vestfjarða og Landhelgisgæsla Íslands fagna sérstaklega landsskipulagsstefnu er varðar skipulag á haf- strandsvæðum. Einnig fagnar Veðurstofa Íslands framkominni tillögu að landsskipulagsstefnu og telur slíka stefnumótun afar mikilvæga í nútímasamfélagi þar sem áhrif mannsins á umhverfið eru orðin veruleg.

Sveitarfélögin Árborg og Ásahreppur telja hins vegar að landsskipulagsstefna skerði skipulagsvald sveitarfélaganna og hafna því alfarið. Skútustaðahreppur leggst gegn auglýstri tillögu en telur þó að hugsanlega megi færa rök fyrir því að samræma þurfi einhverja skipulagsþætti með landsskipulagsstefnu svo sem vegagerð og háspennulínur. Það réttlæti þó ekki að landsskipulagsstefna skuli taka yfir Svæðisskipulag miðhálandisins 2015. Sigríður Kristjánsdóttir fjallar m.a. um skipulagsvaldið í sínum athugasemdum og telur að það þurfi að vera skýrt hvar ákvörðunarvaldið liggur. Háskólinn á Akureyri, Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands fjalla einnig um skipulagsvaldið og leggja m.a. áherslu á stöðu landsskipulagsstefnu og að sveitarfélögunum beri skylda til að fara eftir því. Í þessu samhengi er nefnd stefna um miðhálandi Íslands og stefnumörkun stjórnvalda um sjálfbæra þróun og innleiðing hennar í skipulagsgerð sveitarfélaganna.

Fjölmarginir aðilar koma inn á áherslur í fyrstu landsskipulagsstefnu, bæði einstakar áherslur og einnig áherslurnar í heild. Almennt séð eru ekki gerðar miklar athugasemdir við val á áherslum í fyrstu landsskipulagsstefnu, það er miðhálandi Íslands, búsetumynstur og dreifingu byggðar og skipulagsmál á haf- og strandsvæðum. Einnig koma allmargir aðilar inn á ferli við mótnun landsskipulagsstefnu, svo sem Samband íslenskra sveitarfélaga, Samorka, Ferðamálastofa og eru þessir aðilar nokkuð sáttir við ferlið í heild, en benda á afmarkaða þætti sem betur mættu fara. Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands benda á stöðu frjálsra félagagasamtaka og takmarkaða möguleika þeirra til að taka þátt í umfangsmikilli samráðsvinnu líkt og við gerð landsskipulagsstefnu 2013-2024. Þessi samtök telja að um sé að ræða lýðræðishalla á fyrri stigum ferlisins þar sem frjáls félagasamtök hafi ekki haft nægilega möguleika á að sækja samráðsfundi. Samtök ferðaþjónustunnar harma að hafa ekki haft betri aðkomu að undirbúningi landsskipulagsstefnu og Bláskógabyggð o.fl. gera athugasemdir við tiltekna þætti í framkvæmd samráðsfundar.



Trausti Valsson gerir umfangsmiklar almennar athugasemdir við gerð landsskipulagsstefnu og telur m.a. ekki rétt að láta samantekt á stefnumiðum núverandi stjórnvalda vera það sem móti stefnuna. Hann gerir athugasemdir við nálgun í fyrirleggjandi tillögu að landsskipulagsstefnu og telur hana vera í mörgum grundvallaratriðum óheppilega eða ranga. Trausti Valsson dregur fram það sem hann telur að ætti að einkenna landsskipulag. Sigríður Kristjánsdóttir tekur í sama streng í sínum athugasemdum og leggur jafnframt áherslu á að við gerð landsskipulagsstefna verði byggt á rannsóknnum.

Skipulags- og byggingarnefnd uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps, Bláskógabyggð, Suðurorka, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga o.fl. gera athugasemd við hlutverk Skipulagsstofnunar við gerð landsskipulagsstefnu þar sem stofnunin auglýsir tillögu að landsskipulagsstefnu og hefur einnig skilgreint hlutverk við afgreiðslu skipulagsáætlana sveitarfélaga. Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik og Háskólasetur Vestfjarða benda hins vegar á mikilvægi þess að miðla upplýsingum um kvaðir, skyldur og innihald landsskipulagsstefnu til sveitarstjórna.

Nokkur afmörkuð atriði eru einnig nefnd í almennum athugasemdum en Norðurþing bendir á að landsskipulagsstefna sé nokkuð fjárhagslega íþyngjandi fyrir sveitarfélögin og nefnir flokkun landbúnaðarlands í því sambandi. Skútustaðarhreppur spyr hvort það sé eingöngu ráðherra sem getur breytt landsskipulagsstefnu á fjögurra ára fresti. Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands benda á að það vanti að skilgreina hugtakið „sjálfbærni“. Húsafriðunarnefnd og Fornleifavernd ríkisins telja að það vanti meiri umfjöllunum menningarminjar.

### **Svör Skipulagsstofnunar**

Í umsögnum tiltekinna sveitarfélaga koma fram andmæli við því að landsskipulagsstefna sé að takmarka skipulagsvald sveitarfélaga. Skipulagsstofnun vill í því sambandi taka skýrt fram að um gerð landsskipulagsstefnu fer samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2012 og reglugerð um landsskipulagsstefnu nr. 1001/2011. Í fjórðu málsgrein 10. gr. skipulagslaga er kveðið á um áhrif landsskipulagsstefnu en þar segir „Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af samþykktri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar skal hún gera rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send Skipulagsstofnun.“ Að mati Skipulagsstofnunar er vilji löggjafans alveg skýr að þessu leyti og sveitarfélögin skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og breytinga á þeim sbr. 20. gr. reglugerðar um landsskipulagsstefnu.

Skipulagsstofnun vill áréttta að ákvörðun um áherslur landsskipulagsstefnu og gerð landsskipulagsstefnu fer samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2012 og reglugerð um landsskipulagsstefnu nr. 1001/2011. Við upphaf þess ferlis setur umhverfis- og auðlindaráðherra áherslur fyrir gerð landsskipulagsstefnu og felur Skipulagsstofnun að móta tillögu að landsskipulagsstefnu. Í því ferli hefur stofnunin kappkostað að uppfylla þær kröfur sem lög og reglugerðir setja og móta landsskipulagsstefnu í opnu og lýðræðislegu ferli. Stofnaður var sérstakur samráðsvettvangur fyrir gerð landsskipulagsstefnu og haldnir fjölmargir opnir samráðsfundir á öllum stigum ferlisins. Starfrækt hefur verið vefsetur þar sem hægt er að nálgast öll gögn málsins og koma fram athugasemdum. Auk þessa hefur sérstök ráðgjafarnefnd verið Skipulagsstofnun til ráðgjafar við gerð landsskipulagsstefnu. Þess vegna er það mat

Skipulagsstofnunar að landsskipulagsstefna 2013-2024 hafi verið mótuð í breiðu samráði. Hins vegar eru vel þegnar allar ábendingar um hvernig hægt er að bæta ferlið eða einstaka þætti þess. Í því sambandi tekur Skipulagsstofnun undir athugasemdir um möguleika frjálsra félagagasamtaka til að taka þátt í mótun landsskipulagsstefnu. Stofnunin telur ofsagt að lýðræðishalli hafi verið á fyrstu stigum mótunar landsskipulagsstefnu en tekur undir að mikilvægt sé fyrir stjórnvöld að tryggja aðkomu frjálsra félagasamtaka að jafn mikilvægri stefnumótun og landsskipulagsstefnu.

### ***Tillaga að textabreytingu***

Skipulagsstofnun telur ekki ástæðu til að gera tillögu að textabreytingu í ljósi ofngreindra athugasemda.

## 3 Landsskipulagsstefna 2013 – 2024, tillaga til auglýsingar

---

### 3.1 Athugasemdir við kafla 1.3 Forsendur

#### 3.1.1 Yfirlit um stefnu stjórnvalda, kafla 1.3.1

##### *Samantekt athugasemda*

Fjölmarginir aðilar fjalla um yfirlit um stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun og m.a. í athugasemdum Hafnafjarðarbæjar, Mosfellsbæjar og Sigríðar Kristjánsdóttur er lögð áhersla á mikilvægi þess að samræma stefnu hins opinbera í hinum ýmsu málaflokkum.

Samband íslenskra sveitarfélaga, Bláskógabyggð o.fl. benda á að gera þurfi betur grein fyrir hvaða stefnur og áætlanir eru tækar til að leggja grunn að landsskipulagsstefnu. Ástæða sé til að gera skýrari grein fyrir því hvaða ósamþykktu áætlana og stefnumiða er tekið tillit til í landsskipulagsstefnu. Einnig að ástæða sé til að fjalla í landsskipulagsstefnu um reynsluna af framfylgd gildandi áætlana ríkisins svo sem varðandi náttúruverndaráætlun. Nefnt er að lítið sé fjallað í tillögunni um möguleg áhrif hlýnunar jarðar á forsendur landsskipulagsstefnu og gildandi áætlanir ríkis og sveitarfélaga.

Reykjavíkurborg og innanríkisráðuneytið gera m.a. athugasemdir við umfjöllun um misræmi í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga hvað varðar staðsetningu Reykjavíkflugvallar í Vatnsmýri. Í athugasemd Reykjavíkurborgar kemur fram að í *Samgönguáætlun til 2020* sé ekki tiltekið að Reykjavíkflugvöllur skuli vera í Vatnsmýri og áætlunin útiloki ekki aðra staðsetningu flugvallarins innan Reykjavíkur eða á höfuðborgarsvæðinu. Innanríkisráðuneytið kemur einnig inn á misræmi í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga og nefnir í því sambandi legu hringveggar við Vík og mismunandi stefnur aðliggjandi sveitarfélaga í skipulagi svo sem í skipulagi landnotkunar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Athugasemdir eru gerðar við að tiltekinna áætlana ríkisins sé ekki getið í landsskipulagsstefnu eða að ekki sé fullt tillit tekið til einstakra áætlana. Veðurstofa Íslands nefnir áætlun um uppbyggingu varnarmannvirkja til 2020. Skipulags- og byggingarnefnd uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshreppur o.fl. tilgreina áætlanir sem varða búsetumynstur svo sem áætlanir um heilsugæslu, sjúkrahús, þjónustu við aldraða og lögregluumdæmi. Skógrækt ríkisins segir í sinni umsögn að ekki hafi verið gerð formleg landsáætlun um skógrækt og uppgræðslu lands með skógi, en bendir á lög um landshlutaverkefni í skógrækt og telur Skógrækt ríkisins rétt að svo afdráttarlaus stefnumörkun um landnýtingu fái meiri umfjöllun í tillögu að landsskipulagsstefnu. Landsnet og Landsvirkjun gera athugasemd við að Kerfisáætlun Landsnets sé ekki tekin með beinum hætti inn í landsskipulagsstefnu.

##### *Svör Skipulagsstofnunar*

Yfirlit um stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun er unnið í samræmi við 8. gr. reglugerðar um landsskipulagsstefnu nr. 1001/2011. Í yfirlitinu (í töflu 1) er er gerð grein fyrir stöðu viðkomandi áætlana og er hér vísað til þess. Í tveimur tilfellum, Fjarskiptaáætlun 2011-2022 og Verndar- og orkunýtingaráætlun, er um að ræða áætlanir sem eru til umfjöllunar á Alþingi en hafa ekki verið samþykktar. Um er að ræða áætlanir sem settar eru fram samkvæmt lögum og varða mikilvæg grunnkerfi og marka stefnu um landnotkun þegar þær hafa öðlast gildi. Þriðja áætlunin sem gerð er athugasemd við er Kerfisáætlun Landsnets sem starfar á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 með síðari breytingum. Kerfisáætlun Landsnets er ekki staðfest af

stjórnvöldum og því ekki hægt að taka þá stefnu með beinum hætti inn í landsskipulagsstefnu. Hins vegar varðar Kerfisáætlun mikilvægt grunnkerfi sem nauðsynlegt er að fjalla um þrátt fyrir óformlega stjórnsýslulega stöðu Kerfisáætlunar, svo sem hvað varðar núverandi flutningskerfi og mögulega framtíðar uppbyggingu. Mikilvægt er þó að benda á að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB um raforkumál mun væntanlega kalla á endurskoðun raforkulaga um fyrirkomulag og afgreiðslu kerfisáætlana.

Hvað varðar umfjöllun í landsskipulagsstefnu um misræmi í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um landnotkun er tekið undir sjónarmið innanríkisráðuneytisins að nauðsynlegt sé að tilgreina fleiri dæmi en þau sem nefnd eru í kaflanum. Hins vegar er lega hringvegur við Vík ekki lýsandi dæmi um þetta atriði að mati Skipulagsstofnunar. Betra dæmi um mismunandi áherslur í stefnumótun væri e.t.v. lega vega í Húnavatnssýslum og Skagafirði en þar hefur verið ágreiningur milli sveitarfélaganna annarsvegar og Vegagerðarinnar hins vegar. Hvað varðar misræmi í stefnumótun um landnotkun í *Samgönguáætlun 2011-2022* og gildandi *Aðalskipulags Reykjavíkur 2001-2024* þá er tekið undir þær athugasemdir að samgönguáætlun er tímabundin (nær til ársins 2022) og áætlunin útilokar ekki aðra staðsetningu Reykjavíkurflugvallar innan Reykjavíkur eða á höfuðborgarsvæðinu.

Áætlun um uppbyggingu varnarmannvirkja til 2020 og áætlun um varnir gegn sjávarflóðum eru að mati Skipulagsstofnunar áætlanir sem ættu heima í landsskipulagsstefnu þar sem þær varða miklu um skipulag landnotkunar á þeim svæðum sem slík varnarvirki eru reist. Stjórnsýsluleg staða þessara áætlana er hins vegar mjög óljós og gildi þeirra í samhengi við skipulagsgerð sveitarfélaganna. Því er lagt til að gerð verði bragabót á og þessar áætlanir öðlist formlegri stöðu.

Skipulagsstofnun er ekki kunnugt um áætlanir ríkisins sem varða landnotkun og fjalla um heilsugæslu, sjúkrahús, þjónustu við aldraða eða lögregluumdæmi. Hins vegar er tekið undir þau sjónarmið að slíkar áætlanir hafa mikil áhrif á búsetumynstur og bent er á mikilvægi þess að slík áætlanagerð fari fram. Einnig er tekið undir þau sjónarmið að stefnumörkun um landnotkun í tengslum við skógrækt þarf að fá ítarlega umfjöllun í endurskoðun landsskipulagsstefnu. Hvað varðar athugasemd um að ástæða sé til að fjalla um reynsluna af framfylgd gildandi áætlana ríkisins þá er tekið undir þau sjónarmið, þó ekki hafi verið tækifæri til að skoða það sérstaklega við gerð fyrstu landsskipulagsstefnu. Slík umfjöllun ætti að vera eðlilegur þáttur í greiningu stefnu og áætlana.

### ***Tillaga að textabreytingu í kafla 1.3.1***

Skipulagsstofnun gerir tillögu að eftirtöldum breytingum á kafla 1.3.1 Yfirlit um stefnu stjórnvalda sem varða landnotkun.

- Önnur málsgrein bls. 8 hljóði svo: „... en *Samgönguáætlun 2011-2022* gerir eins og fyrir samgönguáætlanir ráð fyrir að Reykjavíkurflugvöllur verði áfram miðstöð innanlandsflugs, í það minnsta til ársins 2020. Önnur dæmi um mismunandi áherslur í stefnumótun eru lega vega í Húnavatnssýslum og Skagafirði en þar hefur verið ágreiningur milli sveitarfélaganna annarsvegar og Vegagerðarinnar hins vegar.“
- Þriðja málsgrein bls. 10 hljóði svo: „Stefna um opinbera þjónustu og fyrirkomulag nærþjónustu svo sem um heilsugæslu, sjúkrahús, þjónustu við aldraða og lögregluumdæmi.“
- Eftir annarri málsgrein bls. 11 komi ný málsgrein (punktur) sem hljóði svo: „Stefna um skógrækt, ekki síst samspil skógræktar við aðra landnotkun, atvinnulíf í dreifbýli og áhrif á landslag. Einnig er mikilvægt að fjalla um skógrækt í tengslum við mótvægisáðgerðir í loftslagsmálum.“

- Eftir þriðju málsgrein bls. 11 komi ný málsgrein sem hljóði svo: „Við endurskoðun landsskipulagsstefnu er ástæða til að fjalla um reynsluna af framfylgd gildandi áætlana ríkisins, þ.e. hlutlæga umfjöllun um áhrif þeirrar stefnu og í því sambandi væri nauðsynlegt að skoða sérstaklega hvort fjármagn hafi verið nægilegt til að hrinda stefnunni í framkvæmd. Einnig þarf að fjalla um möguleg áhrif hlýnunar jarðar á forsendur landsskipulagsstefnu og gildandi áætlana ríkis og sveitarfélaga.“
- Í töflu 1 á bls. 9 verði bætt við Áætlun um uppbyggingu varnarvirkja til 2020.

### 3.1.2 Samráð, kafli 1.4.2

#### *Samantekt athugasemda*

Skútustaðahreppur gerir athugasemdir við niðurstöðu samráðsfundar 3. febrúar 2012 og telur lýðræðisumræðu í landsskipulagsstefnunni sérkennilega en hún virðist lúta að því að umhverfis- og auðlindaráðherra hafi meiri áhrif á nýtingu lands á landsbyggðinni heldur en þeir sem þar búa.

#### *Svör Skipulagsstofnunar*

Vinna Skipulagsstofnunar við gerð landsskipulagsstefnu fer samkvæmt skipulagsslögum nr. 123/2010 og reglugerð um landsskipulagsstefnu nr. 1001/2011. Samkvæmt því ferli sem skilgreint er í lögum og reglugerð felur umhverfis- og auðlindaráðherra Skipulagsstofnun að hefja vinnu við gerð landsskipulagsstefnu og setur fram hverjar áherslur landsskipulagsstefnu skuli vera. Þetta er eina aðkoma ráðherra að landsskipulagsstefnu meðan hún er í vinnslu hjá Skipulagsstofnun. Skipulagsstofnun hefur kappkostað við gerð landsskipulagsstefnu að hún sé mótuð í opnu og lýðræðislegu ferli þar sem allir sem það kjósa hafa átt þess kost að tjá sína skoðun og hafa áhrif á mótun stefnunnar.

#### *Tillaga að textabreytingu í kafla 1.4.2*

Skipulagsstofnun telur ekki ástæðu til að gera tillögu að textabreytingu í ljósi ofangreindra athugasemda.

## 3.2 Athugasemdir við kafla 2.1 Stefna um skipulagsmál á miðhálandi Íslands

### 3.2.1 Almennar athugasemdir við kafla 2.1 Stefna um skipulagsmál á miðhálandinu

#### *Samantekt athugasemda*

Í athugasemdum um stefnuna almennt leggja Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands til að miðhálandið verði ein skipulagseining í umsjón ríkisins. Skipulags- og byggingarnefnd uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshreppur og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga telja nauðsynlegt að skilgreina betur aðkomu og hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga. Landshlutasamtökin hafi ekki skilgreint hlutverk sem stjórnvald samkvæmt skipulagsslögum til að setja fram stefnumörkun sem varðar landnotkun.

### ***Svör Skipulagsstofnunar***

Til að gera það mögulegt að skipa sérstaka samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandisins var skipulagslögum nr. 19/1964 breytt með bráðabirgðaákvæði nr. 73/1993 sem gerði héraðsnefndum kleift að mynda samvinnunefnd. Áður höfðu komið fram hugmyndir um það að gera miðhálandið að sérstöku stjórnsýslusvæði með sjálfstæða stjórn. Sú hugmynd féll í grýttan farveg hjá sveitarfélögunum og var fallið frá henni. Ef gera á miðhálandið að sérstakri skipulagseiningu í umsjón ríkisins þarf að breyta lögum.

Í samráðsferlinu komu fram hugmyndir um að í stað þess að ráðast í gerð svæðisskipulags fyrir hálandishluta sveitarfélaganna eftir formsins reglum mætti koma á fót samráðvettvangi um skipulagsmál á miðhálandinu sem væri tengdur landshlutasamtökum sveitarfélaga. Þannig gætu sveitarfélög eftir aðstæðum haft samráð um útfærslu stefnu um t.d. þjónustustig fyrir ferðamenn og hverfisvernd. Það samráð myndi síðan skila sér í aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaganna. Í sóknaráætlunum landshluta er landshlutasamtökum sveitarfélaga ætluð aukin verkefni og samráð um skipulagsmál á miðhálandinu gæti verið eitt þeirra.

### ***Tillaga að textabreytingu í kafla 2.1***

Skipulagsstofnun telur ekki ástæðu til að gera tillögu að textabreytingu í ljósi þess að ofangreindar athugasemdir eru almenns eðlis og varða ekki tiltekna þætti í kaflanum.

## **3.2.2 Leiðarljós, kafli 2.1.1**

### ***Samantekt athugasemda***

Fornleifavernd og Húsafriðunarnefnd gera athugasemdir við að það vanti umfjöllun um menningarminjar, verndun þeirra, mikilvægi fyrir ímynd svæðisins og nýtingu fyrir í ferðaþjónustu.

### ***Svör Skipulagsstofnunar***

Tekið er undir þau sjónarmið sem koma fram í athugasemdum Fornleifaverndar og Húsafriðunarnefndar.

### ***Tillaga að textabreytingu í kafla 2.1.1***

Skipulagsstofnun gerir tillögu að eftirtöldum breytingum á kafla 2.1.1 Leiðarljós.

- Fyrsti liður leiðarljós breytist og hljóði svo: „Á miðhálandinu er sérstakt landslag og jarðmyndanir, menningarminjar, mikilvægar vistgerðir, líffræðileg fjölbreytni og sérstök náttúruvirkni sem njóta verndar.“

## **3.2.3 Verndun náttúru, landslags og menningarminja, kafli 2.1.2**

### ***Samantekt athugasemda***

Nokkuð margar athugasemdir snúa að þeirri tillögu að myndaðar verði þrjár verndarheildir og tvö mannvirkjabelti. Samorka, Landsvirkjun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Bláskógabyggð o. fl. gera athugasemdir við að lokað verði á frekari framkvæmdir á beltum sem skilgreind voru í svæðisskipulagi miðhálandisins svo sem vegna byggðalínu og vegar um Fjallabak nyrðra og að koma þurfi skýrt fram að ekki verði skylt að afmá þau mannvirki sem skerða víðerni.

Samtök ferðaþjónustunnar fagna hins vegar því að aðeins skuli gert ráð fyrir tveimur mannvirkjabeltum. Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands

ganga lengra og telja að stuðla eigi að friðlýsingu miðhálandisins sem einnar verndarheildar og mótmæla mannvirkjabeltum sem ógna hagsmunum náttúruverndar.

Norðurþing, Akureyri, Bláskógabyggð, Skútustaðahreppur, Samband Íslenskra sveitarfélaga o. fl. telja að heilsársvegir yfir miðhálandið geti orðið mikilvægar samgönguleiðir á meðan Framtíðarlandið o. fl. leggja ríka áherslu á að ekki verði uppbyggðir vegir á miðhálandinu.

Samband Íslenskra sveitarfélaga gerir athugasemd við að áform um að gera ráð fyrir verndarsvæði í kringum verndarsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjórsárvera. Landsskipulagsstefnan eigi ekki að kveða á um stækkun friðlýstra svæða.

Fornleifavernd og Húsafriðunarnefnd gera athugasemdir við að það vanti umfjöllun um menningarminjar, verndun þeirra, mikilvægi fyrir ímynd svæðisins og nýtingu fyrir í ferðapjónustu.

### ***Svör Skipulagsstofnunar***

Við gerð tillögu að landsskipulagsstefnu fyrir miðhálandið voru bornir saman nokkrir kostir allt frá því að nánast engar takmarkanir væru á mannvirkjagerð og til þess að allt svæðið yrði friðlýst. Niðurstaðan var kostur sem segja má að sé á milli þeirrar stefnu sem mörkuð er í svæðisskipulagi miðhálandisins og þess að miðhálandið verði friðlýst sem ein verndarheild. Horft til umhverfisáhrifa þá hefur sú leið sem gengur lengst í friðun jákvæðust áhrif á umhverfið en um leið getur hún vart talist raunhæf vegna vegna eindreginnar andstöðu sveitarfélaganna og erfiðleika við framkvæmd gildandi náttúruverndaráætlunar.

Við mörkun stefnu um mannvirkjabelti var litið til þeirra mannvirkjabelta sem voru skilgreind í svæðisskipulagi miðhálandisins. Þar kemur fram að allri meiriháttar mannvirkjagerð skuli haldið innan ákveðinna brauta, s.k. mannvirkjabelta. Á mannvirkjabeltum eru allir aðalfjallvegir hálandisins og mannvirki sem tengjast raforkuvinnslu, lónastæði, háspennulínur og orkuverin. Ennfremur helstu þjónustusvæði ferðamanna, jaðarmiðstöðvar, hálandismiðstöðvar og skálasvæði. Í tillögu að landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir því að skilgreina aðeins tvö belti fyrir meiri háttar mannvirkjagerð þ.e.a.s. þar sem nú er vegur yfir Kjöl annars vegar og yfir Sprengisand hins vegar. Ekki er gert ráð fyrir því að hróflað verði við mannvirkjum á öðrum skilgreindum beltum og verður gerð breyting á texta til að skýra málið betur.

Lagt er til að grannsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjórsárvera njóti eftir því sem kostur er hverfisverndar í aðalskipulagi sveitarfélaga. Með því geta sveitarfélögin skilgreint og útfært hvaða meginlínur skuli gilda um notkun grannsvæðanna, stuðlað þannig að samræmi í landnotkun og nýtt þá möguleika sem nálægðin við friðlýstu svæðin bjóða uppá.

Tekið er undir þau sjónarmið sem koma fram í athugasemdum Fornleifaverndar og Húsafriðunarnefndar um mikilvægi þess að varðveita og nýta hvers konar menningarminjar sem er að finna á miðhálandinu.

### ***Tillaga að textabreytingu í kafla 2.1.2***

Skipulagsstofnun gerir tillögu að eftirtöldum breytingum á kafla 2.1.2 Verndun náttúru, landslags og menningarminja.

- Við a-lið á bls. 23 bætist: „Þar með er ekki raskað stöðu mannvirkja eða endurnýjun þeirra á öðrum mannvirkjabeltum sem skilgreind voru í svæðisskipulag miðhálandisins s.s. vegna byggðalínu og vegar um nyrðra Fjallabak.“
- Breyting verði á c-lið á bls. 23 og hljóði svo: „Sveitarfélög útfæri í aðalskipulagi tillögur samráðsvettvangs um verndarákvæði um verndarheildir sbr. a og b lið. Við afmörkun

verndarheilda verði tekið mið af afmörkun verndarsvæða, svo sem náttúruverndarsvæða, almennra verndarsvæða og landgræðslusvæða í *Svæðisskipulagi miðhálandisins 2015* og mörkum friðlýstra svæða.“

- Breyting verði gerð á d-lið sem hljóðar svo: „Grannsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjórsárvera njóti eftir því sem kostur er hverfisverndar í aðalskipulagi sveitarfélaganna og tengi þannig friðlýstu svæðin. ...“
- Nýr liður, g-liður, bætist við leiðir og hljóði svo: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fer fram við skipulagsgerð sveitarfélaganna (í aðalskipulagi og deiliskipulagi) og á miðhálandinu þarf sérstaklega að huga að minjum um mannabyggð og útilegumannabústaði auk helstu miðstöðva gangnamanna og merkra fjallvega.“

### 3.2.4 Orkunýting og orkuflutningur á miðhálandinu, kafli 2.1.3

#### *Samantekt athugasemda*

Samorka leggur til að við annað markmið um orkunýtingu og orkuflutning verði bætt: „að sem mestu leyti“.

Í athugasemdum frá m.a. Samorku, Norðurþingi, Bláskógabyggð og Skútustaðahreppi var bent á þá óvissu sem ríkir um afgreiðslu áætlunar um vernd og nýtingu orkusvæða og að varhugavert væri að miða framsetningu í svo ríkum mæli við óafgreitt og endurflutt þingmál.

Þá voru athugasemdir varðandi skilgreiningu biðflokksins frá m.a. Orkuveitu Reykjavíkur, Landsvirkjun, Skaftárhreppi, Samorku, Samtökum íslenskra sveitarfélaga, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Umhverfisstofnun. Það er talið óásættanlegt að virkjunarkostir í biðflokki séu afskrifaðir og bent á að í lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun sé ekki gert ráð fyrir því að sérstök verndarákvæði gildi um virkjunarkosti í biðflokki. Lýst er áhyggjum yfir því að erfitt verði að færa virkjunarkosti í biðflokki í nýtingarflokk og bent er á að verði virkjunarkostir í biðflokki skilgreindir sem svæði sem er háð takmörkunum á landnotkun í aðalskipulagi skuli það einungis vera tímabundið.

Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands telja að engar virkjanir eigi að vera miðhálandinu og enginn orkuflutningur.

Ólíkar skoðanir koma fram á hugsanlegri legu háspennulínu yfir miðhálandið. Landsnet bendir á að háspennulína hafi þegar verið staðfest um Sprengisand í svæðisskipulagi miðhálandisins og aðalskipulagi hlutaðeigandi sveitarfélaga og til þess þurfi að taka tillit í landsskipulagsstefnu. Ferðamálastofa telur mikilvægt að ef ráðist verður í byggingu háspennulínu yfir miðhálandið þurfi að huga sérstaklega að staðsetningu og legu mannvirkja og taka þurfi fullt tillit til náttúrufarslegra, huglægra og sjónrænna áhrifa slíkrar framkvæmdar. Samtök ferðaþjónustunnar fagna því að í tillögunni skuli gert ráð fyrir að meginflutningskerfi raforku verði utan miðhálandisins.

Bændasamtök Íslands og Landssamtök landeigenda telja hins vegar að með friðun miðhálandisins séu stórar raflínur þvingaðar niður í byggð þar sem þær munu takmarka nýtingarmöguleika jarða og hamla uppbyggingu útivistarsvæða, frístundabyggða og íbúðarhúsa á stórum svæðum.

Landsnet bendir á ósamræmi í orðanotkun milli tillögu að landsskipulagsstefnu og umhverfiskýrslu þar sem í tillögu er notað hugtakið „umtalsverð neikvæð áhrif“ í kafli 2.1.3 um orkunýtingu og orkuflutning en í töflu 1 á bls. 18 í umhverfiskýrslu er notað hugtakið „veruleg neikvæð umhverfisáhrif“.



## **Svör Skipulagsstofnunar**

Varðandi verndar- og orkunýtingaráætlun þá gilda um hana sérstök lög nr. 48/2011 þar sem fram kemur að áætlunin er bindandi við gerð skipulagsáætlana. Sveitarstjórnir skulu samræma gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir verndar- og orkunýtingaráætluninni innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Verndar- og orkunýtingaráætlun er eina áætlunin um landnotkun á landsvísu sem með lögum er svo bindandi fyrir sveitarfélögin. Þegar þar við bætist að orkunýting á miðhálandinu er og verður umdeild er útilokað annað en að gera grein fyrir áætluninni og áhrifum hennar í landsskipulagsstefnu þótt hún hafi ekki verið samþykkt á Alþingi. Það er gert í ágrípi forsendna. Í leiðum að markmiðum á bls. 26 er gerð tillaga um að virkjunarkostir í biðflokki verði í aðalskipulagi almennt skilgreindir sem svæði sem háð er takmökun á landnotkun án þess að einstakir virkjunarkostir í biðflokki séu nefndir eða staðfærðir. Það hefur vissulega í för með sér að þegar verndar- og orkunýtingaráætlun hefur verið samþykkt og virkjunarkostir í biðflokki skilgreindir á miðhálandinu þá þarf að færa enn frekari rök fyrir því ef færa á þá síðar úr bið í nýtingu. Á meðan þeir eru hins vegar í biðflokki rúmast þeir innan verndarheilda og má því segja að sú flokkun sé tímabundin þar til annað er ákveðið og verður það skýrt í texta.

Það er rétt sem m.a. Landsnet bendir á að í gildandi svæðisskipulagi miðhálandisins og í aðalskipulagi hlutaðeigandi sveitarfélaga er gert ráð fyrir háspennulínu yfir Sprengisand og á það er bent í ágrípi forsendna fyrir orkunýtingu og orkuflutningi á bls. 24. Umhverfismat flutningskerfis yfir hálandið bendir til umtalsverðra neikvæðra umhverfisáhrifa og eins og Bændasamtök Íslands og Landssamtök landeigenda benda á mun lagning háspennulínu á láglandi austur fyrir land einnig hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Við undirbúning landsskipulagsstefnu kom fram hjá fulltrúum Landsnets að til lengri tíma litið væri ekki útilokað að hvoru tveggja þyrfti að koma til, tenging yfir hálandið og lagning á láglandi.

Í markmiðum og leiðum er ekki verið að útiloka flutningsmannvirki á hálandinu heldur er niðurstaðan að stjórnvöld þurfi að skýra þörf fyrir tengingu flutningslína yfir miðhálandið. Verði ákveðið að leggja flutningslínu yfir hálandið er mörkuð sú stefna að línan skerði ekki sérkenni miðhálandisins, svo sem hvað varðar ósnortin víðerni, lífríki, landslag og fágætar jarðmyndanir.

### **Tillaga að textabreytingu í kafla 2.1.3**

Skipulagsstofnun gerir tillögu að eftirtöldum breytingum á kafla 2.1.3 Orkunýting og orkuflutningur.

- Annað markmið á bls. 26 hljóðar svo: „Að orkunýting og mannvirki henni tengd séu utan verndarheilda og gangi ekki á óbyggðir og víddir sem ferðamenn upplifa á miðhálandinu.“ Til að koma til móts við athugasemdir er lagt til að þessu verði breytt þannig markmiðið verði: „Að orkunýting og mannvirki henni tengd séu að sem mestu leyti utan verndarheilda...“
- Breyting verði gerð á d-lið bls. 26 og við hann bætast nýjar setningar: „Virkjunarkostir í biðflokki verði í aðalskipulagi skilgreindir tímabundið sem svæði sem háð er takmörkun á landnotkun. Meðan þeir eru í biðflokki rúmast þeir innan verndarheilda. Fari þeir í nýtingarflokk þarf að taka afstöðu til áhrifa þeirra á hugsanlegar breytingar á verndarheildum.“
- Þar sem segir „umtalsverðra neikvæðra umhverfisáhrifa“ í þriðju málsgrein á bls. 25 í kafla 2.1.3 verði breytt í „verulegra neikvæðra umhverfisáhrifa“.

### 3.2.5 Samgöngur, ferðaþjónusta og almannaréttu á miðhálandinu, kafli 2.1.4

#### *Samantekt athugasemda*

Fjölmarginir aðilar gera athugasemdir við tillögu að stefnu um samgöngur, ferðaþjónustu og almannarétt á miðhálandinu og þar koma fram ólík sjónarmið. Hvað varðar heilsársveg yfir miðhálandið leggja sveitarfélögin Norðurþing, Bláskógabyggð, Skútustaðahreppur og Akureyri ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga o.fl. áherslu á gerð heilsársvegur yfir hálandið. Sveitarfélagið Ölfus telur mikilvægt að Kaldidalur verði skilgreindur sem einn af helstu tengivegum milli Suðurlands og Vesturlands. Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands og o.fl. leggja hin vegar gegn uppbyggðum heilsársvegum á miðhálandinu. Umhverfisstofnun bendir á áhrif heilsársvegur á tiltekna umhverfisþætti svo sem landslag og ímynd. Stofnunin telur að meta þurfi þá hagsmuni sem eru í húfi þegar kemur að því að raska þeirri ró sem er á miðhálandinu og ímynd hins ósnerta miðhálandis þegar gert er ráð fyrir flutningskerfi raforku og uppbyggingu vega yfir hálandið. Vegagerðin tekur hins vegar ekki afstöðu til þess hvort stofnvegir á hálandinu eigi að verða heilsársvegur en leggur áherslu á að stefnumótun um gerð og hlutverk vega fari fram í samgönguáætlun. Einnig bendir Vegagerðin á að það muni á engan hátt bæta og auðvelda stjórnsýsluna að umhverfis- og auðlindaráðuneytið komi að skilgreiningu og útfærslu vega auk Vegagerðarinnar og innanríkisráðuneytisins.

Innanríkisráðuneytið, Vegagerðin, Skaftárhreppur, Landssamtök landeigenda á Íslandi o.fl. benda á í sínum umsögnum að það vanti að gera betur grein fyrir stofnvegum á miðhálandinu og að tilteknir stofnvegir, svo sem Fjallabaksleið, gegna mikilvægu hlutverki sem öryggisleiðir þegar bregðast þarf við náttúruvá eða þegar aðrar samgönguleiðir lokast.

Stefna um þjónustu við ferðamenn og uppbygging í tengslum við hana er m.a. til umfjöllunar í athugasemdum Framtíðarlandsins, Fuglaverndar, Landverndar, Náttúruverndarsamtaka Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og einstakra sveitarfélaga, Ferðamálastofu, Samtaka ferðaþjónustunnar og Teiknistofunnar Eik. Í meginatriðum er tekið undir þá megin stefnu að uppbygging þjónustu við ferðamenn verði í jaðri miðhálandisins og í byggð, en þó má sjá ákveðinn áherslumun um hvað ganga skal langt. Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands leggja áherslu á að uppbyggingu verði beint í utanverðan jaðar miðhálandisins, þó e.t.v. megi skoða uppbyggingu minni gönguskála til að styrkja gönguleiðir.

Samband íslenskra sveitarfélaga, einstök sveitarfélög og Samtök ferðaþjónustunnar leggja hin vegar til að sveitarfélögin hafi nægilegt svigrúm til að heimila ákveðna uppbyggingu til að bregðast við og dreifa álagi á miðhálandinu. Uppbyggingin þurfi m.a. að hafa það að markmiði að hægt sé að sinna eftirliti, öryggismálum og þjónustu við ferðafólk. Einnig að hægt sé að nýta möguleika sem eru til staðar hvað varðar ferðaleiðir. Þessir aðilar telja mikilvægt að mannvirki tengd þjónustu við ferðamenn séu vönduð, falli vel að landslagi og náttúru. Fornleifavernd ríkisins bendir á í sinni umsógn að það vanti umræðu um mikilvægi fornleifa, t.d. útilegumannaminja og fornra leiða, þjóðsagna þeim tengdum og annars sagnaarfs fyrir ímynd miðhálandisins og nýtingu og varðveislu minja í tengslum við ferðaþjónustu.

Gerðar eru athugasemdir við einstök atriði í forsendum, markmiðum, leiðum og eftirfylgni sem varða stefnu um samgöngur og ferðamennsku á miðhálandinu. Samband íslenskra sveitarfélaga og Teiknistofan Eik gera athugasemdir við leið að markmiðum um skilgreiningu á þölmörkum og mörkum ásættanlegra breytinga á viðkvæmum svæðum sem fjölsótt eru af ferðamönnum. Ferðamálastofa og Umhverfisstofnun gera athugasemdir við skilgreinda leið (f-lið) um kyrrlát

svæði og benda m.a. á að bann við umferð vélknúinna ökutækja þurfi einnig að taka til flugumferðar. Vegagerðin, Ferðamálastofa o.fl. gera athugasemdir við orðalag í forsendum þar sem segir að „...uppbygging á ferðamannastöðum og vegum verði í samræmi við gæði svæðisins, allt í senn fábrotin, látlaus og frumstæð.“ Teiknistofan Eik telur að kveða þurfi fastar að orði um nauðsyn þess að landsskipulagsstefna og aðrar opinberar áætlanir muni tryggja verndun heilda á miðhálandinu miðað við áætlaða aukningu í komu erlendra ferðamanna. Bent er á að móta þurfi stefnu um að dreifa ferðamönnum betur um landið og á þann hátt léttu álaginu af miðhálandinu. Landssamtök hjólréiðamanna gera tillögu um breytingar um eftirfylgni og viðmið um skilgreiningu vega og stíga.

Umhverfisstofnun vekur athygli á markmiði um jafnræði ferðamáta og bendir á að jafnræði ferðamáta getur ekki orðið þar sem vegir fyrir vélknúin farartæki hljóta að hlíta takmörkunum sem gönguleiðir falla ekki undir. Samtök ferðaþjónustunnar og Umhverfisstofnun fjalla um almannarétt og aðgengi að áhugaverðum stöðum og þar er m.a. komið inn á fyrirhugaðar breytingar á lögum um náttúruvernd varðandi skilgreiningu á almannarétti. Einnig er talið vera vandkvæðum háð að skilgreina kyrrlát svæði ef vélknúnum ökutækjum er tryggður aðgangur að fjölbreyttum svæðum sbr. f-lið bls. 29. Hvað varðar vegi á miðhálandinu þá leggur Vegagerðin til að stofnvegir verði ekki flokkaðir í tvo flokka með mismunandi vægi og telur óæskilegt af öryggisástæðum að beina umferð hjólréiðamanna á þjóðvegi. Að mati Umhverfisstofnunar á krafan um samfelldan hönnunarhraða vega á löngum köflum ekki við um vegi á miðhálandinu. Það kalli á miklar framkvæmdir við veglagningu að hönnunarhraði verði samfelldur á löngum köflum og slík krafa muni gera það að verkum að aðlögun að landi verði að víkja fyrir hönnunarforsendum.

Ferðafélag Íslands bendir á að endurskoða þurfi dreifingu og flokkun þjónustustaða og huga að nýjum jaðarmiðstöðvum við miðhálandisbrúnina.

### ***Svör Skipulagsstofnunar***

Tillaga að landsskipulagsstefnu 2013-2024 gerir ráð fyrir að stofnvegir yfir miðhálandið verði fyrst og fremst til sumarnota og í því samhengi er stuðst við gildandi *Samgönguáætlun 2011-2022* sem m.a. markar stefnu um gerð og hlutverk stofnvega á miðhálandinu. Í athugasemdum er minnt á mikilvæga hagsmuni af því að stytta vegalengdir milli einstakra landshluta með heilsárs veltengingu yfir miðhálandið, en einnig eru færð rök fyrir neikvæðum umhverfisáhrifum af lagningu heilsársvegar yfir miðhálandið. Skipulagsstofnun tekur undir þá afstöðu Vegagerðarinnar að stefnumótun um gerð og hlutverk vega komi fram í samgönguáætlun.

Skipulagsstofnun tekur undir þau sjónarmið að gera þurfi betur grein fyrir stofnvegum á miðhálandinu og áréttar að hver og einn vegur gegnir mikilvægu hlutverki í samgöngum á svæðinu, svo sem í tengslum við öryggissjónarmið og náttúruvá. Tiltekið er í tillögu að landsskipulagsstefnu að megináhersla verði á tvo stofnvegi, Kjalveg og Sprengisandsleið. Þessir tveir vegir eru tilgreindir sérstaklega þar sem þeir gegna sérstöku hlutverki í samhengi við stefnu um að stuðla að hreyfanleika, tryggja aðgengi að svæðinu og styðja við stefnu um að uppbygging þjónustu verði fyrst og fremst á jaðri miðhálandisins og í byggð. Þessi áhersla á Kjalveg og Sprengisandsleið dregur hins vegar ekki á nokkurn hátt úr vægi annarra stofnvega á miðhálandinu gagnvart samgönguáætlun eða hlutverki þeirra sem varaleiða ef og þegar náttúruvá steðjar að.

Hvað varðar það sjónarmið, að það muni á engan hátt bæta og auðvelda stjórnsýsluna að umhverfis- og auðlindaráðuneytið komi að skilgreiningu vega, þá skal bent á að þetta verkefni ráðuneytisins er til komið vegna átaks gegn utanvegarakstri og er viðleitni til að skýra línur um hvar leyfilegt er að aka og hvar ekki. Að mati Skipulagsstofnunar er það mikilvægt umhverfismál

að skilgreina alla vegi og slóðir á miðhálandinu með það að markmiði að stemma stigu við jarðvegs- og gróðurskemmdum af völdum utanvegaaksturs.

Skipulagsstofnun tekur undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að hönnun vega taki mið af landslagi. Jafnframt er bent á að stjórnvöld þurfa að uppfylla kröfur laga og reglugerða um veghönnun, svo sem um umferðaröryggi.

Skipulagsstofnun tekur að vissu leyti undir þau sjónarmið að jafnræði ferðamáta getur ekki orðið þar sem vegir fyrir vélknúin ökutæki hljóti að hlíta takmörkunum. Hins vegar er í c-lið bls. 29 lagt til að horft verði til fjölbreyttra ferðamáta þegar vegir, stígar og reiðleiðir eru skipulagðir á miðhálandinu. Með þessu er á engan hátt verið að beina t.d. hjólreiðamönnum á almenna þjóðvegi. Með c-lið er undirstrikað að val ferðamáta er fjölbreytt og það þarf að koma til móts við það. Hvað varðar reiðleiðir á miðhálandinu þá er tekið undir það sjónarmið að þær þarf að festa í skipulagi og er það viðfangsefni í aðalskipulagi sveitarfélaga.

Samkvæmt tillögu að landsskipulagsstefnu verður uppbygging á þjónustu fyrir ferðamenn fyrst og fremst á jaðri miðhálandisins og í byggð. Að öðru leyti er vísað til viðkomandi sveitarfélaga og stofnana að meta þörfina fyrir, móta og útfæra nánar stefnu um uppbyggingu fyrir ferðamenn. Lagt er til að þessi stefnumótunarvinna fari fram á vettvangi landshlutasamtaka sveitarfélaganna, en sveitarfélög geta einnig mótað þessa stefnu með gerð svæðisskipulags skv. skipulagslögum. Skipulagsstofnun tekur undir þau sjónarmið að sveitarfélögin þurfi að hafa ákveðið svigrúm til að bregðast við þeim áskorunum sem blasa við í ferðamennsku á miðhálandinu og eftir atvikum nýta tækifæri til að styrkja gönguleiðir með uppbyggingu fjallaselja. Einnig kann að vera full ástæða til að endurskoða stefnu um staðsetningu þjónustumiðstöðva og væntanlega verður það til umfjöllunar við endurskoðun landsskipulagsstefnu. Að mati Skipulagsstofnunar er mikilvægt að við þá endurskoðun verði tekið mið af megin stefnu landsskipulagsstefnu um uppbyggingu þjónustu á jaðri hálandisins og lágu byggingarstigi innan verndarheilda.

Skipulagsstofnun tekur undir þau sjónarmið að mannvirki tengd þjónustu við ferðamenn séu vönduð og falli vel að landslagi og náttúru viðkomandi svæðis. Í því sambandi vill Skipulagsstofnun vísa til Menningarstefnu í mannvirkjagerð, stefnumörkunar stjórnvalda í byggingarlist. Einnig er tekið undir athugasemdir Fornleifaverndar ríkisins um að mikilvægt sé að varðveita fornminjar, sagnaarf og fjölbreyttar menningarminjar sem tengjast svæðinu og nýta í tengslum við ferðapjónustu. Mikilvægt er að taka umræðu um varðveislu fornminja og menningararfs í tengslum við mótun stefnu sveitarfélaga um ferðamennsku á miðhálandinu og einnig er nauðsynlegt að fjalla ítarlega um það efni við endurskoðun landsskipulagsstefnu.

Skipulagsstofnun tekur undir þau sjónarmið að heppilegt sé að verkefni er varða skilgreiningu á þolmörkum og mörkum ásættanlegra breytinga verði hluti af stefnumörkun sveitarfélaganna o.fl. um ferðamennsku (e-lið). Hins vegar er lagt til að afrakstur þeirrar vinnu verði skjalfestur í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Skipulagsstofnun telur að skilgreining á þolmörkum sé þess eðlis að margir aðilar þurfi að koma að þeirri vinnu og því mikilvægt að slíkum verkefnum sé komið í ákveðið ferli. Skjalfestingin fari hins vegar fram í aðalskipulagi sveitarfélaga og eftir atvikum í áætlunum ríkisins svo sem Ferðamálaáætlun. Skipulagsstofnun tekur einnig undir það sem bent hefur verið á að móta þurfi stefnu um að dreifa ferðamönnum betur um allt landið og á þann hátt létta álaginu af miðhálandinu. Þetta er í það minnsta valkostur sem vert er að skoða nánar við endurskoðun landsskipulagsstefnu og Ferðamálaáætlun.

Tekið er undir þær athugasemdir sem koma fram um að mikilvægt sé að tryggja aðgengi almennings að miðhálandinu en jafnframt að skilgreind verði kyrrlát svæði þar sem umferð vélknúinna farartækja verði bönnuð. Að mati Skipulagsstofnunar þyrfti slíkt bann að útfærast á

hverjum stað og tekið er undir þau sjónarmið að það taki einnig til flugumferðar í lágflugi svo sem hvað varðar útsýnisflug með litlum flugvélum og þyrlum.

### ***Tillaga að textabreytingu í kafla 2.1.4***

Skipulagsstofnun gerir tillögu að eftirtöldum breytingum á kafla 2.1.4 Samgöngur, ferðaþjónusta og almannaréttur.

- Breyting verði gerð á fimmtu málsgrein bls. 27 og hún hljóði svo: „Á miðhálandinu eru skilgreindir fjórir stofnvegir samkvæmt *Samgönguáætlun 2011-2022* en það eru Sprengisandsleið, Kjalvegur, Fjallabaksleið nyrðri og Kaldadalsvegur. Fjölmargir aðrir vegir og slóðar eru á miðhálandinu, en unnið er að verkefni á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og sveitarfélaganna, Ávallt á vegi, þar sem ætlunin er að skilgreina vegi (aðra en stofnvegi) og slóða sem aka má um á miðhálandinu og festa þá í sérstakri reglugerð. ...“
- Síðasta setning sjöttu málsgreinar bls. 27 hljóði svo: „Hins vegar þarf að gæta þess að öll uppbygging á ferðamannastöðum verði í samræmi við gæði svæðisins, allt í senn fábrotin og látlaus.“
- Breyting verði gerð á a-lið bls. 29 og hann hljóði svo: „Megináhersla verði á stofnvegi yfir miðhálandið, Kjalveg og Sprengisandsleið (sbr. mynd 5), fyrst og fremst til sumarnota og um þá fari megin umferðin um miðhálandið. Áhersla verði einnig á aðra skilgreinda stofnvegi á miðhálandinu, þ.e. Kaldadalsveg og Fjallabaksleið nyrðri sem gegna mikilvægu hlutverki t.d. sem öryggisleiðir.“
- Breyting verði gerð á b-lið bls. 29 og hann hljóði svo: „Í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga verði skjalfest þolmörk og mörk ásættanlegra breytinga á viðkvæmum svæðum sem fjölsótt eru af ferðamönnum sbr. e-lið og skilgreindar mótvægisáðgerðir þar sem þörf er á. Tryggt verði eins og kostur er að mannvirki sem reist eru séu vönduð og falli sem best að landslagi og náttúru, sbr. *Meningarstefnu í mannvirkjagerð, stefnu íslenskra stjórnvalda í byggingarlist*.“
- Breyting verði gerð á fyrstu setningu e-liðs bls. 29 og hljómi svo: „Sveitarfélög á miðhálandinu efni til samstarfs á vettvangi landshlutasamtaka í samstarfi við Skipulagsstofnun og Ferðamálastofu um að móta stefnu um ferðamennsku ...“
- Breyting verði gerð á e-lið bls. 29 og ný setning komi eftir annarri setningu og hljóði svo: „Eftir atvikum verði skilgreind þolmörk og mörk ásættanlegra breytinga á viðkvæmum svæðum sem fjölsótt eru af ferðamönnum. ...“
- Aftan við texta í f-lið bls. 29 bætist við ný setning sem hljóði svo: „Slíkt bann taki einnig til flugumferðar í lágflugi svo sem hvað varðar útsýnisflug með litlum flugvélum og þyrlum.“
- Annar liður í eftirfylgni og viðmiðum bls. 30 breytist og hljóði svo: „Viðhorf ferðamanna, ferðaþjónustuaðila, landvarða og nytjaréttarhafa til náttúru, upplifunar og ferðamáta. ...“
- Fjórði liður í eftirfylgni og viðmiðum bls. 30 breytist og hljóði svo: „Skilgreining vega, reiðleiða og stíga (þ.m.t. hjólastíga) og útfærsla í aðalskipulagi. ...“

### **3.2.6 Beitarmál og landgræðsla á miðhálandinu, kafli 2.1.5**

#### ***Samantekt athugasemda***

Í umsögnum Framtíðarlandsins, Fuglaverndar, Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands, Landgræðslu ríkisins o.fl. er tekið undir þau sjónarmið sem koma fram í landsskipulagsstefnu að

beitarmálum skuli þannig háttað að dragi úr jarðvegsrofi og að landgræðslusvæði skuli skilgreind í aðalskipulagi sveitarfélaga. Jafnframt koma fram sjónarmið um að æskilegt sé að ganga lengra í að draga úr jarðvegseyðingu. Gunnar Njálsson leggur til að öll beit á miðhálandinu verði bönnuð. Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands leggja áherslu á að stefna um beitarmál verði unnin í samræmi við vísindalegar rannsóknir og mat á ástandi lands. Einnig er lagt til að beit verði bönnuð á svæðum sem ekki eru talin þola beit, þar til gróður og jarðvegur hefur náð sér að nýju.

### ***Svör Skipulagsstofnunar***

Í tillögu að landsskipulagsstefnu er lagt til að beit á miðhálandi Íslands verði hagað í samræmi við landgæði og ástand lands. Tekið er undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að beitarmál verði unnin í samræmi við vísindalegar rannsóknir og bestu fánlegu þekkingu á ástandi vistkerfa. Í tillögunni er hnykk á markmiðum landgræðslulaga og hlutverki Landgræðslu ríkisins við að stöðva jarðvegseyðingu, græða land og hafa eftirlit með ástandi gróðurs og jarðvegs. Einnig er undirstrikað mikilvægi þess að framkvæmd beitarmála á svæðinu verði framkvæmd í samráði og sátt við hlutaðeigandi hagsmunaaðila, svo sem viðkomandi sveitarstjórnir, bændur og aðra nytjaréttarhafa.

### ***Tillaga að textabreytingu í kafla 2.1.5***

Skipulagsstofnun gerir tillögu að eftirtöldum breytingum á kafla 2.1.5 Beitarmál og landgræðsla.

- Breyting verði gerð á a-lið bls. 31 sem hljóði svo: „Í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga komi fram skipulagsákvæði um beitarvæði í samráði við bændur og Landgræðslu ríkisins. Þar verði rökstutt að leyfilegt beitarálag sé í samræmi við ástand vistkerfa og markmið um að styrkja vistkerfi og draga úr jarðvegseyðingu.“
- Breyting verði gerð á b-lið bls. 31 sem hljóði svo: „Tilgreind séu markmið og skilgreind landgræðslusvæði í aðalskipulagi, eftir því sem við á. Svæði sem ekki eru talin þola beit verði tímabundið friðuð fyrir búfjárbreit þar til gróður og jarðvegur hefur náð sér að nýju.“

### **3.2.7 Framhald stefnumótunar á miðhálandinu, kafla 2.1.6**

#### ***Samantekt athugasemda***

Einstakar athugasemdir, sem áður hefur verið fjallað um og varða tiltekna þætti í stefnu um skipulagsmál á miðhálandi Íslands, vísa með óbeinum hætti til þess að ástæða væri til að taka viðkomandi umfjöllun upp við endurskoðun landsskipulagsstefnu.

Teiknistofan Eik gerir beina tillögu um að við endurskoðun landsskipulagsstefnu verði skoðað með hvaða hætt betur er hægt að dreifa ferðamönnum um allt landið með það að markmiði að létta álagi af fjölförnum viðkvæmum svæðum á miðhálandinu.

Fornleifavernd ríkisins bendir á að það vanti umfjöllun um verndun og nýtingu fornminja á miðhálandinu.

### ***Svör Skipulagsstofnunar***

Í tillögu eru tilgreind ýmis atriði sem nauðsynlegt er að taka til umfjöllunar við endurskoðun landsskipulagsstefnu og sá texti innifelur flestar ef ekki allar þær óskir. Skipulagsstofnun tekur undir ofangreinda tillögu um að skoðað verði með hvaða hætti er betur hægt að dreifa ferðamönnum um allt landið. Einnig er tekið undir þau sjónarmið að fjalla þurfi um fornminjar og

aðrar menningarminjar á miðhálandinu og Skipulagsstofnun leggur til að það verði gert við endurskoðun landsskipulagsstefnu.

### *Tillaga að textabreytingu í kafla 2.1.6*

Skipulagsstofnun gerir tillögu að eftirtöldum breytingum á kafla 2.1.6 Framhald mótunar stefnu um miðhálandið.

- Við þriðju málsgrein bætist eftirfarandi setning: „Jafnframt þarf að skoða valkosti um að dreifa betur ferðamönnum innan hálandisins og um allt landið með það að markmiði að dreifa álaginu af völdum ferðamanna og léttu álagi af fjölförnustu stöðum á miðhálandinu. Einnig þarf við endurskoðun landsskipulagsstefnu að fjalla um varðveislu fornminja, sagnaarfs og annarra menningarminja sem tengjast svæðinu og mögulega nýtingu þess í tengslum við ímynd svæðisins og ferðaþjónustu.“



### 3.3 Athugasemdir við kafla 2.2 Stefna um búsetumynstur og dreifingu byggðar

#### 3.3.1 Almennar athugasemdir við kafla 2.2 Stefna um búsetumynstur

##### *Samantekt athugasemda*

Í almennum athugasemdum um stefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar má sjá nokkuð ólíkar áherslur og afstöðu til tillögunnar. Ýmis samtök, stofnanir og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu taka almennt undir þær áherslur sem lagðar eru til í stefnunni um umhverfismál, sjálfbærni, félagslega og efnahagslega þætti. Þetta eru t.d. Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd, Náttúrverndarsamtök Íslands, Vistbyggðarráð, Samtöki ferðaþjónustunnar, Samorka, Umhverfisstofnun, Orkuveita Reykjavíkur, Reykjavíkurborg, Hafnafjarðarbær og Mosfellsbær. Ýmsir benda á í sínum umsögnum, t.d. Veðurstofa Íslands og Vistbyggðarráð, að æskilegt hefði verið að stefnan hefði tekið til fleiri þátta, svo sem til búsetumynsturs í þéttbýli og náttúruvár.

Allmargir aðilar, einkum sveitarfélög, gera athugasemdir við umfjöllun um búsetumynstur í dreifbýli og að búseta í dreifðum byggðum njóti ekki sannmælis hvað varðar sjálfbærni og að litið sé framhjá þeim jákvæðu hliðum sem dreifing íbúðarbyggðar hafi í för með sér. Þetta kemur m.a. fram í athugasemdum Norðurþings, Bláskógarbyggðar, Skorradalshrepps, skipulags- og byggingarnefndar uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sigríður Kristjánsdóttir bendir á mikilvægi þess að landsskipulagsstefna taki tillit til vistkerfisins og að vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi. Húsafriðunarnefnd gerir hins vegar athugasemd um að það vanti umfjöllun um húsvernd og bendir á að heilstætt menningarlandslag og vel haldinn byggingararfur gefi góða ímynd og auðgi tilveru okkar.

##### *Svör Skipulagsstofnunar*

Við gerð tillögu að landsskipulagsstefnu voru bornir saman nokkrir kostir um stefnu hvað varðar búsetumynstur og dreifingu byggðar. Niðurstaðan af þeim samanburði gaf ákveðin skilaboð um jákvæð umhverfisáhrif af þéttingu byggðar og ákveðnari stefnumörkun um búsetu í dreifbýli og þéttbýli. Þessi samanburður valkosta gaf einnig vísbendingar um að staða sveitarfélaganna er ólík, svo sem hvað varðar íbúáþróun, þróun byggðar o.fl. Það var mat Skipulagsstofnunar að forsendur væru fyrir hendi að stíga fyrstu skref í stefnumótun um búsetumynstur og dreifingu byggðar, sem væri nánar útfærð í aðalskipulagi sveitafélaga. Greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála hjá sveitarfélögunum gaf fullt tilefni til að staldra við og endurskoða stefnumörkun sveitarfélaganna um búsetumynstur og dreifingu byggðar. Mörgum spurningum er þó ósvarað í þessari stefnumörkun og er nauðsynlegt að styrkja þann gagnagrunn sem byggt er á og efla þarf rannsóknir á þessu sviði.

Hvað varðar athugasemdir fyrrgreindra sveitarfélaga þess efnis að litið sé framhjá jákvæðum hliðum búsetu í dreifbýli án tengsla við búskap og kostum þess að dreifa byggð, þá tekur Skipulagsstofnun að ákveðnu marki undir þau sjónarmið. Almennt séð er ósjálfbært að dreifa byggð, þar sem það kallar t.d. á umfangsmeira grunnkerfi, lengri akstursleiðir og erfiðara getur reynst að uppfylla ýmsar kröfur, svo sem um almenningssamgöngur og nærþjónustu. Þetta eru sjónarmið sem flest fjölmennustu sveitarfélög landsins hafa tekið mið af í sinni stefnumörkun í aðalskipulagi og nægir þar að nefna Reykjavík og Hafnarfjörð. Þetta samhengi í sjálfbærni búsetumynsturs og dreifingu byggðar er ef til vill ekki eins eins augljóst í fámennari sveitarfélögum þar sem áhersla hefur verið á að fjölga íbúum m.a. til að styrkja byggð. Því skal



haldið til haga að í landsskipulagsstefnu er því síður en svo haldið fram að byggð í dreifbýli sé óæskileg og Skipulagsstofnun vill áréttta mikilvægi búsetu í dreifbýli sem tengist landbúnaði eða hvers konar atvinnurekstri í dreifbýli svo sem ferðaþjónustu. Hins vegar er umfangsmikil almenn dreifing búsetu í dreifbýli, án tengsla við búskap, talin ósjálfbær þegar til langs tíma er litið.

Skipulagsstofnun tekur undir þau sjónarmið að það sé nauðsynlegt við útfærslu landsskipulagsstefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar að líta til sérstöðu einstakra sveitarfélaga, svo sem fámennra og dreifbýlla sveitarfélaga þar sem mikilvægt er að viðhalda byggð. Jafnframt er árétttað að tillaga að landsskipulagsstefnu gerir ráð fyrir að sveitarfélög sem kjósa að marka stefnu um íbúðir í dreifbýli taki mið af staðháttum, hafi sjónarmið um sjálfbæra þróun í huga, frekar en að marka almenna stefnu um tiltekinn fjölda íbúðarlóða á jörðum án tengsla við búrekstur.

Í umsögnum og athugasemdum eru reifuð fjölmörg atriði sem varða uppbyggingu og verndun og varða aðra þætti stefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar. Hér er leitast við að svara athugasemdum undir þeim kafla sem athugasemdirnar varða sérstaklega.

### ***Tillaga að textabreytingu í kafla 2.2***

Skipulagsstofnun telur ekki ástæðu til að gera tillögu að textabreytingu í ljósi þess að ofangreindar athugasemdir eru almenns eðlis og varða ekki tiltekna þætti í kaflanum.

### **3.3.2 Leiðarljós, kafli 2.2.1**

#### ***Samantekt athugasemda***

Reykjavíkurborg, Hafnafjarðarbær, Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands o.fl. taka undir leiðarljós í þessum kafla, svo sem að skipulag byggðar styðji við fjölbreyttan ferðamáta og greiðar samgöngur og góð tengsl milli íbúða, atvinnusvæða og náttúrusvæða. Jafnframt taka fjölmargir umsagnaraðilar, t.d. Umhverfisstofnun, Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands, sérstaklega undir leiðarljós um að fólk hafi greiðan aðgang að náttúrusvæðum í sínu daglega umhverfi og að verðmætt landbúnaðarland verði flokkað eftir jarðgæðum til ræktunar og það tekið frá til framtíðarnota.

Veðurstofa gerir athugasemd við leiðarljós og leggur til að náttúruvá verði nefnd sérstaklega í leiðarljósum um búsetumynstur og dreifingu byggðar. Lögð er áhersla á að byggð sé í sátt við náttúrufar á viðkomandi svæði. Landssamtök hjólréiðafólks tekur undir þær áherslur sem birtast í leiðarljósum og telur þær þjóna hagsmunum hjólréiðafólks. Samtökin benda þó á að viðbót eins og „eins og staðhættir leyfa“ sé óþarfi.

#### ***Svör Skipulagsstofnunar***

Skipulagsstofnun tekur undir þær athugasemdir sem koma fram um mikilvægi þess að marka stefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar. Jafnframt tekur stofnunin undir þær athugasemdir að í landsskipulagsstefnu verði sett fram leiðarljós um náttúruvá og að byggð þróist í samræmi við náttúrufar viðkomandi svæðis. Hvað varðar athugasemdir Landssamtaka hjólréiðafólks þá er gerð grein fyrir þeim undir kafla 2.2.2. Uppbygging og verndun.

### ***Tillaga að textabreytingu í kafla 2.2.1***

Skipulagsstofnun gerir tillögu að eftirtöldum breytingum á kafla 2.2.1 Leiðarljós.

- Eftir þriðja lið í leiðarljósum bls. 33 komi nýr liður sem hljóði svo: „Skipulag byggðar tekur mið af náttúruvá og náttúrufari almennt á viðkomandi svæði.“

### 3.3.3 Uppbygging og verndun, kafli 2.2.2

#### *Samantekt athugasemda*

Hafnafjarðarbær, Orkuveita Reykjavíkur, Hveragerðisbær o.fl. taka undir þær áherslur sem koma fram í markmiðum og leiðum í stefnu uppbyggingu og verndun, svo sem hvað varðar að íbúðarbyggð verði almennt komið fyrir innan núverandi þéttbýlis eða í þéttu samfelldu framhaldi af byggð sem fyrir er.

Fornleifavernd og Húsafriðunarnefnd gera athugasemdir við að það vanti umfjöllun um menningarminjar, verndun þeirra og mikilvægi þeirra m.a. þar sem heilstætt menningarlandslag og vel haldinn byggingararfur gefi sérlega góða ímynd, auðgi tilveru okkar og verði ekki metinn til fjár.

Veðurstofa Íslands, Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands o.fl. gera athugasemd við að það vanti stefnu um náttúruvá, svo sem af völdum eldgosa, jarðskjálfta og ofanflóða. Einnig að það þurfi að skoða áhrif af völdum hækkunar sjávarýfirborðs með tilliti til skipulagsgerðar sveitarfélaganna.

Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands gera athugasemd við umfjöllun um verndun lífríkis, búsvæða og vistkerfa. Samtökin telja að tengja þurfi betur áhrif mismunandi landnotkunar, svo sem vegna frístundabyggðar, skógræktar og ræktunar, við verndun vistkerfa og jarðminja og setja markmið og leiðir að því hvernig tryggja megi vernd þeirra, svo sem votlendis og náttúrulegra birkiskóga.

Bændasamtök Íslands, Skaftárhreppur og Sveitarfélagið Ölfus gera athugasemd við stefnu um að draga úr byggingu stakra íbúðar- og frístundahúsa á landbúnaðarsvæðum og að nýrri íbúðarbyggð verði almennt komið fyrir innan núverandi þéttbýlis. Bændasamtökin benda m.a. á að samþjöppun byggðar og þar með samþjöppun þjónustu á einn stað geti haft í för með sér lakara og erfiðara aðgengi íbúa í dreifbýli að þessari sömu þjónustu. Einnig er bent á í umsögnum Skaftárhrepps og Sveitarfélagsins Ölfus að frá fjölmörgum heimilum í dreifbýli þar sem landbúnaður er stundaður sé einnig stunduð samhliða vinna af bæ árið um kring eða á ákveðnum tímum ársins.

#### *Svör skipulagsstofnunar*

Í landsskipulagsstefnu um uppbyggingu og verndun eru dregnir fram nokkrir þættir sem varða sjálfbærni búsetumynsturs í víðu samhengi sem huga þarf að við skipulagsgerð sveitarfélaganna. Annars vegar er það stefna um að þetta byggð og stuttar vegalengdir milli heimilis, vinnustaðar og nærþjónustu. Hins vegar er lagt til að í aðalskipulagi verði verndargildi svæða metið með tilliti til fjölmargra þátta og hugað að aðgengi íbúa að opnum svæðum. Ítrekað er að einungis er um að ræða tiltekna þætti sem huga þarf að þegar fjallað er um sjálfbærni byggðar, en umræða t.d. um búsetumynstur í þéttbýli verður væntanlega tekin upp við endurskoðun landsskipulagsstefnu.

Tekið er undir þau sjónarmið sem koma fram í athugasemdum Fornleifaverndar og Húsafriðunarnefndar og Skipulagsstofnun leggur til að mótuð verði ný markmið og leiðir um það efni. Einnig er tekið undir þau sjónarmið sem koma fram um að það vanti markmið og leiðir um náttúruvá í skipulagsgerð svo og viðbrögð við loftslagsbreytingum. Gerð er tillaga að stefnu um

Þetta viðfangsefni en jafnframt er lagt til að nánar verði fjallað í skipulagsgerð um náttúrvá og viðbrögð við loftslagsbreytingum við endurskoðun landsskipulagsstefnu.

Hvað varðar athugasemdir um verndun vistkerfa og jarðminja, svo sem votlendis og náttúrulegra birkiskóga, þá er tekið undir þær athugasemdir að í landsskipulagsstefnu þurfi að koma skýrt fram hvað skuli leggja til grundvallar. Gerð er tillaga að breytingu í þessum tilgangi. Einnig er lagt til að við endurskoðun landsskipulagsstefnu verði fjallað um samspil mismunandi landnotkunar í dreifbýli, svo sem vegna frístundabyggðar, skógræktar og annarrar ræktunar, við verndun vistkerfa og jarðminja.

Hvað varðar ábendingar um að þétting byggðar og samþjöppun þjónustu þurfi ekki endilega að þýða betra aðgengi að þjónustu fyrir íbúa í dreifbýli þá er tekið undir það sjónarmið að nokkru leyti. Á hinn bóginn er bent á að með stefnu um að uppbygging íbúðarbyggðar verði innan núverandi þéttbýlis er leitast við að styrkja byggð á þeim svæðum með því að skapa öflugri og sjálfbærari einingar sem eru líklegri til að bjóða upp á fjölbreytta þjónustu fyrir sína íbúa. Íbúar í dreifbýli í nágrenni við öflugra þéttbýlisstaði njóta að sjálfsgöðu þeirrar þjónustu sem þar er í boði. Það á einnig við um vinnusókn og atvinnulíf á slíkum svæðum en líkt og bent er á í umsögnum er algengt að fólk stundi vinnu af bæ samhliða búskap.

### ***Tillaga að textabreytingu í kafla 2.2.2***

Skipulagsstofnun gerir tillögu að eftirtöldum breytingum á kafla 2.2.2 Uppbygging og verndun.

- Í markmiðum bls. 35 komi nýtt markmið eftir fyrstu málsgrein og hljóði svo: „Að byggð verði skipulögð með tilliti til náttúruvár og breytinga í hinu náttúrulega umhverfi, svo sem vegna loftslagsbreytinga.“
- Nýtt markmið komi eftir annari málsgrein bls. 35 og hljóði svo: „Að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.“
- Eftir e-lið bls. 35 komi nýr liður, f-liður sem hljóði svo: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fer fram við skipulagsgerð sveitarfélaganna (aðalskipulag og deiliskipulag). Leitast verði við að nýta þær upplýsingar til að marka stefnu um yfirbragð byggðar og hverfisvernd sbr. a-lið.“
- Eftir hinn nýja f-lið bls. 35 komi nýr liður, g-liður sem orðist svo: „Við gerð aðalskipulags skal lagt mat á og tekið tillit til hættu sem talin er stafa af náttúruvá, svo sem af snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jarðskjálftum og hækkun yfirborðs sjávar með það að markmiði að varna gegn slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum.“

### **3.3.4 Samgöngur, ferðaþjónusta og almannaréttur, kafla 2.2.3**

#### ***Samantekt athugasemda***

Reykjavíkurborg og Hafnafjarðarbær taka undir þær áherslur sem koma fram í markmiðum og leiðum sem lagðar eru til, svo sem að skipulagi byggðar sé þannig hagað að hugað sé að hagkvæmni við uppbyggingu, viðhald og rekstur grunnkerfa, að stuðlað sé að vistvænum ferðamatum og að góð tengsl séu á milli íbúða og nærþjónustu. Landssamtök hjólréiðamanna taka einnig undir stefnu um þéttingu byggðar en telja viðbót „eins og staðhættir leyfa“ vera óþarfa.

Innanríkisráðuneytið bendir á að í samgönguáætlun er lögð rík áhersla á aukið samstarf sveitarfélaga um skipulag byggðar með tilliti til samgangna og telur ráðuneytið að það fari vel á því að þeirri áherslu væri gerð frekari skil í landsskipulagsstefnu, enda sé samstarf skipulags- og samgönguyfirvalda ein grunnforsenda þess að koma á góðum almenningssamgöngum og m.a. fylgja eftir stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum. Vistbyggðarráð tekur undir áherslu á vistvæna ferðamáta, en leggur einnig áherslu á að vinna þarf að frekari samræmingu í stefnumótun opinberra aðila hvort sem það er Vegagerðin og/eða sveitarfélög þegar kemur að skipulagningu og hönnun umferðarmannvirkja.

Nokkur sveitarfélög, svo sem Skaftárhreppur og Sveitarfélagið Ölfus hafa í sínum umsögnum efasemdir um að hægt sé að stytta fjarlægðir milli heimilis, vinnustaðar og skóla. Skaftárhreppur spyr um uppbyggingu hins opinberra á nærþjónustu og Sveitarfélagið Ölfus telur að e.t.v. vanti í landsskipulagsstefnu að marka stefnu um lífsgæði og hvað íbúar kjósa að telja til lífsgæða.

### **Svör Skipulagsstofnunar**

Í tillögu að landsskipulagsstefnu er mörkuð stefna um að í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga verði ný íbúðarbyggð almennt skipulögð í þéttni og samfelldu framhaldi af byggð sem fyrir er, eftir því sem staðhættir leyfa. Þessi viðbót „eftir því sem staðhættir leyfa“ er til kominn vegna athugasemda í ferlinu þar sem bent er á að staðhættir séu mjög mismunandi og sveitarfélögin þurfa að að útfæra landsskipulagsstefnu í sínum aðalskipulagsáætlunum. Skipulagsstofnun tekur undir áherslur í *Samgönguáætlun 2011-2022* um eflingu samstarf skipulags- og samgönguyfirvalda með það að markmiði að styrkja almenningssamgöngur. Gerð er tillaga um viðbót við d-lið þar sem dregið er fram mikilvægi almenningssamgangna í því samstarfi. Einnig er tekið undir þau sjónarmið að vinna þurfi að samræmingu stefnumótunar samgönguyfirvalda og skipulagsyfirvalda.

Hvað varðar efasemdir um að hægt sé að stytta fjarlægðir milli heimilis, vinnustaðar og skóla, þá á það, að mati Skipulagsstofnunar, við þegar til skamms tíma er litið. Áhrif ákvarðana í skipulagi eru hins vegar til langs tíma og því mikilvægt að huga vel að slíkum sjálfbærniþáttum þegar ný byggð er skipulögð eða skipulagi eldri byggðar er breytt. Landsskipulagsstefna setur ákveðin viðmið að þessu leyti en hlutverk sveitarfélaga er að útfæra þessa stefnu í sínu aðalskipulagi. Það kemur því í hlut sveitarfélaganna að marka í skipulagi stefnu um hvernig komið er til móts við ólíkar óskir íbúanna, svo sem um búsetu, þjónustu og önnur lífsgæði, en viðmið um það efni er að finna í opinberum stefnuskjólum svo sem landsskipulagsstefnu.

### **Tillaga að textabreytingu í kafla 2.2.3**

Skipulagsstofnun gerir tillögu að eftirtöldum breytingum á kafla 2.2.3 Samgöngur, veitukerfi, nærþjónusta og vinnusókn.

- Við d-lið bls. 37 bætist eftirfarandi setning: „Meðal annarra áherslna í því samstarfi verði samræming í stefnumótun stjórnvalda og skipulagsyfirvalda, efling almenningssamgangna og annarra vistvænna samgöngumáta.“

### 3.3.5 Landbúnaður, menningarlandslag og ásýnd lands, kafli 2.2.4

#### *Samantekt athugasemda*

Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands gera athugasemd við umfjöllun um skógrækt. Samtökin telja að skógrækt eigi ekki frekar en frístundabyggð að keppa um notkun þess lands sem fýsilegast er til matvælaframleiðslu. Einnig telja samtökin að huga beri að áhrifum skógræktar á landslag, þ.m.t. búsetu- og menningarlandslag, með það að markmiði að skapa frekari sátt um skógræktina. Skaftárhreppur og Skógrækt ríkisins telja einnig að fjalla beri nánar um skógrækt og landnotkun henni tengdri eigi síðar en við endurskoðun landsskipulagsstefnu.

Bændasamtök Íslands benda á í sinni umsögn að menningarlandslag í sveitum verður ekki til nema þar sé byggð og byggð í dreifbýli byggist ekki eingöngu á landbúnaði heldur einnig fjölbreyttari landnotkun. Ef skipulagsvaldi er haldið hjá sveitarfélögunum aukast líkurnar á að jafnvægi í menningarlandslagi skapist á hverjum stað.

Fjölmarginir aðilar koma inn á flokkun landbúnaðarlands, svo sem Bláskógabyggð, Skaftárhreppur, Bændasamtök Íslands, Samband Íslenskra sveitarfélaga, Sveitarfélagið Ölfus og Norðurþing. Helst er um að ræða athugasemdir við kostnað við slíka greiningu og flokkun lands og að óljóst sé hverju það komi til með að skila inn í aðalskipulagsgerð sveitarfélaganna. Í umsögnum er einnig að finna stuðning við slíka flokkun lands enda sé markmiðið að standa vörð um verðmætt landbúnaðarland til ræktunar og matvælaframleiðslu til framtíðar. Bláskógabyggð leggur m.a. áherslu á að finna leið til að meta verðmæti landbúnaðarlands sem breið samstaða og sátt ríkir um. Skaftárhreppur og Sveitarfélagið Ölfus benda einnig á að æskilegt sé að grófflokka landbúnaðarland svo að ekki þurfi að fara í kostnaðarsama kortlagningu.

Uppskipting bújarða er talsvert til umfjöllunar í athugasemdum. Samband íslenskra sveitarfélaga, Skorradalshreppur, Skaftárhreppur o.fl. geta þess að sveitarfélögin hafi um nokkurt skeið lýst áhyggjum sínum yfir því að of auðvelt sé að skipta upp bújörðum og taka hluta jarðar úr landbúnaðarnotum. Bændasamtökin taka einnig undir þá stefnumörkun sem sett er fram í tillögu að landsskipulagsstefnu að verðmætt landbúnaðarland til ræktunar verði ekki tekið úr landbúnaðarnotum nema brýna nauðsyn beri til, en telja að forsenda búsetu í dreifbýli og þess að hægt verði að stunda búrekstur í sveitum sé að ákvarðanir um uppbyggingu íbúða og atvinnurekstrar verði á hendi sveitarfélaganna.

#### *Svör Skipulagsstofnunar*

Tillaga að landsskipulagsstefnu um landbúnað, menningarlandslag og ásýnd lands gerir ráð fyrir því að landbúnaðarland verði flokkað og greint með tilliti til verðmætis þess til ræktunar og mikilvægis sem landbúnaðarlands. Einnig er lagt til að hvert og eitt sveitarfélag skilgreini í aðalskipulagi gildi landslags og eftir atvikum útfæri skilmála um það efni. Tillagan fjallar ekki sérstaklega um landnotkun vegna skógræktar og tekur Skipulagsstofnun undir ábendingar um að nauðsynlegt sé að fjalla nánar um hana við endurskoðun landsskipulagsstefnu. Jafnframt er tekið undir ábendingar um menningarlandslag, en eðli málsins samkvæmt er menningarlandslag og ásýnd lands síbreytilegt og þróast í tímans rás. Tillagan gerir hins vegar ráð fyrir því að hvert og eitt sveitarfélag skoði gildi landslags líkt og landslagssáttmálinn gerir ráð fyrir.

Flokkun landbúnaðarlands, umfjöllun um uppskiptingu bújarða og sú þróun að landbúnaðarland er tekið úr landbúnaðarnotum eru viðfangsefni sem eðlilegt er að skoða í samhengi. Undirstrikað er mikilvægi þess að skilgreina og flokka landbúnaðarland með tilliti til verðmætis til ræktunar, en

um er að ræða mikilvæga forsendugreiningu, fyrir aðalskipulagsgerð. Tekið er undir þau sjónarmið sem koma fram í athugasemdum að slík greining sé með viðeigandi nákvæmni fyrir aðalskipulagsgerð. Einnig er mikilvægt að kostnaðurinn við þetta verkefni verði ekki íþyngjandi og að sátt geti skapast um framkvæmdina. Að mati Skipulagsstofnunar væri skynsamlegt að setja þetta verkefni í ákveðið ferli þar sem unnið væri samkvæmt leiðbeiningum með samræmdri flokkun. Í upphafi gæti t.d. megin áherslan verið á verðmætasta ræktarlandið, en að öðru leyti væri um að ræða mjög grófa greiningu á landbúnaðarlandi. Nákvæmni þessarar vinnu gæti svo aukist eftir því sem fram vindur, svo sem við hverja endurskoðun aðalskipulags sveitarfélaga.

Gerð er tillaga um að landbúnaðarsvæði sem teljast verðmæt til mögulegrar ræktunar eða eru mikilvæg fyrir landbúnað að öðru leyti, verði ekki tekin úr landbúnaðarnotum nema brýn nauðsyn beri til. Að mati Skipulagsstofnunar er mikilvægt í því sambandi að stjórnvöld hafi skýr viðmið um það efni, svo sem í jarðalögum. Flokkun landbúnaðarlands í aðalskipulagi væri einnig nauðsynleg í þessu samhengi og í raun lykillinn að því að þessi stefna nái fram að ganga.

Angi af sama meiddi er uppskipting jarða en samkvæmt umsögnum við landsskipulagsstefnu hafa sveitarfélögin o.fl. haft áhyggjur af því að of auðvelt sé að skipta upp bújörðum. Við vinnslu stefnunnar, svo sem við vinnu með sviðsmyndir, var velt upp valkostum um þetta efni. Talsverð andstaða var við það að landsskipulagsstefna væri að marka stefnu um þetta efni og voru margs konar rök færð því til stuðnings. Af þeim sökum var fallið frá því að fjalla um uppskiptinu jarða, en Skipulagsstofnun tekur engu að síður undir þessar áhyggjur og leggur til að umræða um þetta efni verði tekin upp á öðrum vettvangi svo sem við endurskoðun jarðalaga.

#### ***Tillaga að textabreytingu í kafla 2.2.4***

Skipulagsstofnun gerir ekki tillögu að breytingum á kafla 2.2.4 Landbúnaður, menningarlandslag og ásýnd lands.

### **3.3.6 Framhald mótunar stefnu um búsetumynstur, kafli 2.2.5**

#### ***Samantekt athugasemda***

Einstakar athugasemdir sem varða tiltekna þætti í stefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar vísa með óbeinum hætti til þess að ástæða væri til að taka viðkomandi umfjöllun upp við endurskoðun landsskipulagsstefnu. Þetta á við athugasemdir Skógræktar ríkisins um skógarauðlindina og skógrækt sem mikilvægan þátt í atvinnulífi í dreifbýli. Hið sama gildir um umfjöllun Framtíðarlandsins o.fl. um áhrif mismunandi landnotkunar á vernd vistkerfa og jarðminja.

Veðurstofa Íslands o.fl. hafa bent á nauðsyn þess að fjalla um náttúruvá og hvernig tekið er mið af henni í skipulagi byggðar. Einnig hefur verið vakin athygli á þörf fyrir umfjöllun um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á byggð.

Teiknistofan Eik gerir tillögu um að við endurskoðun landsskipulagsstefnu verði umfjöllun um frístundabyggð, m.a. greining á byggðamynstri í gegnum tíðina á einstökum svæðum.

Vistbyggðarráð telur æskilegt í sinni umsögn að við endurskoðun landsskipulagsstefnu verði fjallað um búsetumynstur í þéttbýli og að gerð verði nákvæmari útfærsla á byggðaþróun í þéttbýli. Bent er á í því sambandi að að gera megi ráð fyrir að mörg sveitafélög endurskoði aðalskipulag á ný í kjölfar næstu kosninga til sveitarstjórna vorið 2014.

## *Svör Skipulagsstofnunar*

Skipulagsstofnun tekur undir ofangreindar athugasemdir og gerir tillögu um breytingar á texta.

### *Tillaga að textabreytingu í kafla 2.2.5*

Skipulagsstofnun gerir tillögu að eftirtöldum breytingum á kafla 2.2.5 Framhald mótunar stefnu um búsetumynstur.

- Eftir fyrstu málsgrein bls. 39 komi ný málsgrein sem hljóði svo: „Við endurskoðun landsskipulagsstefnu verði sérstök umfjöllun um frístundabyggð þar sem hún verður skoðuð í sögulegu samhengi og út frá einstökum landssvæðum eða landshlutum. Þá verði skoðuð sérstaklega landnotkun vegna frístundabyggðar, samspil við aðra landnotkun og áætlanir sveitarfélaganna í því efni. Einnig verði skoðuð svokölluð tvöföld búseta og áhrif hennar á búsetumynstur í dreifbýli.“
- Önnur málsgrein bls. 39 breytist og hljóði svo: „Áhrif loftslagsbreytinga hnattrænt, á landsvísu og áhrif á byggð svo sem áhrif breytinga á sjávaryfirborð af þess völdum, verða skoðuð nánar og hvernig megi grípa til mótvægisáðgerða. Nánar verður fjallað um náttúruvá og þróun byggðar í samræmi við náttúrufar svæða.“
- Þriðja málsgrein bls. 39 breytist og hljóði svo: „Þörf er á að fjalla um áhrif mismunandi landnotkunar, svo sem vegna frístundabyggðar, skógræktar og ræktunar, við verndun vistkerfa og jarðminja. Sérstök ástæða er til að fjalla um skógrækt ekki síst í tengslum við atvinnulíf í dreifbýli og mótvægisáðgerðir í loftslagsmálum, en einnig hvað varðar áhrif skógræktar á landslag og landnotkun.“

## 3.4 Athugasemdir við kafla 2.3 Stefna um skipulag á haf- og strandsvæðum

### 3.4.1 Almennar athugasemdir við kafla 2.3 Stefna um skipulag haf- og strandsv.

#### *Samantekt athugasemda*

Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva telja að málefni hafsins og sérstaklega málefni sem snerta sjávarútveg eigi að heyrja undir atvinnuvega - og nýsköpunarráðuneytið og vera á forræði þess.

Flestar athugasemdir snéru að lögsögumörkum sveitarfélaga til hafsins. Samband íslenskra sveitarfélaga telur að lögsaga sveitarfélaga, netlög, sé úrelt fyrirkomulag og að mótun á framtíðarstefnu um skipulagslögsögu sveitarfélaga verði mikilvægur þáttur í frekari vinnu við skipulag strandsvæða. Frekar ætti að miða mörkin við miðlínu fjarða og eina sjómílu út frá grunnlínupunktum fiskveiðilögsögunnar. Öll sveitarfélög sem gerðu athugasemdir við stefnu um skipulag á haf- og strandsvæðum telja eðlilegt að skipulagsmörk sveitarfélaga á haf út eigi að miða við eina sjómílu út frá grunnlínupunktum (Fjarðabyggð, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Ísafjarðarbær, Skaftárhreppur, Sveitarfélagið Ölfus).

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur mikilvægt að lögsögumörkin verði skilgreind nú þegar og strax eigi að hefja vinnu við strandsvæðaskipulag. Ísafjarðarbær telur að skipulagsmál yrðu skilvirkari, heildstæðari og einfaldari ef skipulagsvald á strandsvæðum yrði fært til sveitarfélaga. Fjarðabyggð telur það íþyngjandi að skylt sé að útfæra stefnu landsskipulagsstefnu innan netlaga í aðalskipulagi sveitarfélaga. Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands taka undir að fyrst verði sett löggjöf um skipulag haf- og strandsvæða og ábyrgð og stjórnýsla í málefnum hafsins skýrð. Félögin leggja til að í tillögu að landsskipulagsstefnu verði mörkuð stefna um vernd og nýtingu þess hluta haf- og strandsvæða sem sveitarfélög hafi skipulagsvald yfir og vinnu við löggjöf verði hraðað sem kostur er. Strax í framhaldinu verði hafin vinna við gerð landsskipulagsstefnu á þeim svæðum sem eftir standa.

Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva taka undir þau sjónarmið að stefna Íslands um málefni hafsins eigi að byggjast á Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna, sjálfbærri nýtingu og því sjónarmiði að stjórnun og ákvarðanatöku við verndun hafsins og nýtingu lifandi auðlinda hvíli á þeim sem mestra hagsmuna eigi að gæta og ákvarðanir snerta með beinum hætti. Samband íslenskra sveitarfélaga telur mikilvægt að gera greinarmun á gerð skipulags- og nýtingaráætlana fyrir annars vegar strandsvæði og hafsvæði hins vegar. Viðfangsefni á sviði skipulagsmála geti verið ólík hvort um sé að ræða strandsvæði eða haf. Á strandsvæðum sé fjölbreytt starfsemi og hagsmunir sveitarfélaga, íbúa og landeigenda liggja almennt skýrir fyrir en á hafi sé viðfangsefni skipulags aðallega veiðar og siglingar, en þó einnig efnisvinnsla af hafsbotni og olíu- og gasvinnsla. Sigríður Kristjánsdóttir telur æskilegt að landsskiplagsstefna taki tillit til vistkerfisins og að skipulag sé unnið út frá heildarsýn á náttúrufar og landsgæði, svokallaðri vistkerfisnálgun. Ef skipulagt sé með hliðsjón af vistkerfinu sé eðlilegt að vinna það út frá vatnasvæðum. Samtök ferðaþjónustunnar telja að skipta þurfi hafsvæðum í flokka sem hafi mismunandi takmarkanir á umferð og nýtingu til að hægt verði að ná markmiðum um nýtingu og vernd. Þannig sé hægt að fylgjast með þróun vistgerða og vistkerfa í hafinu. Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik og Háskólasetur Vestfjarða benda á að ef skipulagsmörk verði áfram miðuð við netlög sé mikilvægt að mörk netlaga verði kortlögð. Landhelgisgæsla Íslands telur að kortlagning hafsbotsins sé ein af mikilvægustu stöðum haf- og strandsvæðaskipulags. Háskólasetur Vestfjarða mælir með að lög um skipulag á haf- og strandsvæða verði endurmetin



fimm árum eftir gildistöku með hliðsjón af aðalskipulagi einstakra sveitarfélaga og hafskipulags aðliggjandi svæða.

Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik og Háskóla Vestfjarða gera athugasemd við að nýting fjarða fái fremur lítinn sess í landsskipulagsstefnu, en þar sé þó þéttust nýting. Samband íslenskra sveitarfélaga tekur í meginatriðum undir tillögu landsskipulagsstefnu varðandi skipulag haf- og strandsvæða og segir ljóst að þörf sé fyrir skýra stefnumörkun og brýnt sé að sett verði skýr löggjöf um það efni. Meðan að það hafi ekki verið gert leggur Sambandið til að yfirvöld viðurkenni gildi nýtingaráætlana sem unnar séu fyrir einstök strandsvæði, svo sem fyrir Arnarfjörð.

Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik og Háskóla Vestfjarða segja ánægjulegt að tekist hafi að ná utan um viðfangsefnið skipulag haf- og strandsvæða miðað við þann stutta tíma sem gefinn var til verksins og jákvætt að leitað hafi verið eftir víðtæku samráði og samvinnu við þá sem málið varðar. Mikilvægt sé að upplýsingum um kvaðir, skyldur og innihald landsskipulagsstefnu verði miðlað til sveitarstjórna. Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva telja mikilvægt að ræða nánar og í samráði við hagsmunaaðila ef breytingar verða á mörkum skipulagsvalds sveitarfélaga og að vinna við framhald mótunar stefnu um skipulag haf- og strandsvæða fari fram í góðri samvinnu við hagsmunaaðila. Ferðamálastofa telur að huga verði sérstaklega að afmörkun strandsvæða og að fullt tillit verði tekið til hagsmuna ferðaþjónustunnar, sérstaklega hvað varðar hvala-, sela- og fuglaskoðun.

Háskóla Vestfjarða telur mikilvægt að vandað verði til löggjafar og samþættra áætlana um skipulag haf- og strandsvæða og þess m.a. gætt að hugtök séu skýr frá upphafi og um þau ríki sátt. Háskóla Vestfjarða, ásamt Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Teiknistofunni Eik, bendir á að í tillögu að landsskipulagsstefnu sé talað um strandsvæði sem ströndina og svæði á sjó út að netlögum og telur að skilgreining á hugtakinu sé óljós. Innri mörk strandsvæða komi ekki fram sem þó sé nauðsynlegt, m.a. með tilliti til aðgengis að svæðinu og áhrifa af hækkandi sjávarborði. Mikilvægt sé að samræmi sé í hugtökum og skilgreiningum þeirra og mælst er til að skilgreiningar þeirra verði birt í viðauka með orðskýringum.

### ***Svör Skipulagsstofnunar***

Samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands 30. ágúst 2012<sup>7</sup> verða málefni hafskipulags á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Stefna Íslands um málefni hafsins, sem skipulag á hafi- og strandsvæðum mun byggja á, birtist í margvíslegum stefnuskjólum stjórnvalda, sbr. kafla 2.2 í greinargerð um stöðu haf- og strandsvæðaskipulags. Fyrir liggur að mörk sveitarfélaga til hafsins miða við netlög og samkvæmt skipulagslögum nær skipulagsskylda til hafs innan marka sveitarfélaga. Landsskipulagsstefna byggir á gildandi lögum og af þeim sökum er ekki fjallað um önnur skipulagsmörk í þeirri tillögu að landsskipulagsstefnu sem nú er fjallað um. Því er ljóst að aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga ná til hafsvæða næst strönd og það verður sveitarfélaga að útfæra skipulag þeirra svæða með hliðsjón af landsskipulagsstefnu. Ekki verður séð að það muni íþyngja sveitarfélögum umfram það sem aðalskipulagsáætlanir þurfa að uppfylla nú þegar, þ.e. taka mið af svæðisáætlunum og einnig er ljóst að landsskipulagsstefna er sveitarfélögum til leiðbeiningar við skipulagsgerð (sbr. 20. gr. reglugerðar um landsskipulagsstefnu).

Í markmiðum tillögunnar um landsskipulagsstefnu kemur m.a. fram að taka eigi ákvörðun um hvernig stjórnsýslulegri ábyrgð skuli fyrir komið og landfræðilega afmörkun skipulagsáætlana fyrir haf- og strandsvæði. Þegar landsskipulagsstefnan verður endurskoðuð í fyrsta skipti er líklegt að löggjöf um hafskipulag hafi verið sett og mögulegt að hún segi fyrir um önnur skipulagsmörk en

núgildandi lög kveða á um og einnig að skilgreind verði mörk strandsvæða á landi og í sjó. Fyrirsjáanlegt er að ef breyta á skipulagsmörkum mun það krefjast ítarlegs samstarfs og samráðs ráðuneyta, stofnana og hagsmunaaðila sem varðar nýtingu og vernd hafsins og fjarða landsins. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar um að vinnu við löggjöf um hafskipulag þurfi að hefja sem allra fyrst og að leggja eigi meiri þunga á það en gert er í auglýstri tillögu að landsskipulagsstefnu.

Skipulagsstofnun telur að þegar lög um hafskipulag hafa verið sett sé kominn grundvöllur til að útfæra hvaða aðferðum skuli beitt við gerð skipulags fyrir haf- og strandsvæði. Nefnd landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra sem fjallaði um framkvæmdir og athafnir með ströndum landsins og í efnahagslögsögunni benti réttilega á að knýjandi þörf er á að hefja vinnu við skipulag á strandsvæðum. Þegar lög um hafskipulag liggja fyrir er eðlilegt að fyrst verði hafist handa við skipulag á strandsvæðum, einkum Vestfjarða og Austurlands.

### ***Tillaga að textabreytingu í kafla 2.3***

Skipulagsstofnun gerir tillögu að eftirtöldum breytingum á kafla 2.3.3 Framhald mótunar stefnu um skipulag á haf- og strandsvæðum.

- Við þriðju málsgrein í kafla 2.3.3 bls. 44 bætist við: „Mikilvægt er að hefja undirbúning að frumvarpi til laga um skipulag á haf- og strandsvæðum og stefna skal að því að lögin hafi tekið gildi þegar unnið verður við næstu endurskoðun á landsskipulagsstefnu.“

## **3.5 Athugasemdir við kafla 3 Samantekt umhverfismats**

### ***Samantekt athugasemda***

Nokkrar athugasemdir bárust þar sem vísað er til samantektar umhverfismats í skjalinu *Landsskipulagsstefna 2013-2024, tillaga til auglýsingar*. Um þær athugasemdir er fjallað þar sem svarað er athugasemdum við umhverfisskýrslu (4 Umhverfisskýrsla) og er vísað til þess.

### ***Svör Skipulagsstofnunar***

Svör Skipulagsstofnunar við athugasemdum við kafla 3, Samantekt umhverfismats, er að finna í 4. kafla greinargerðar þessarar í umfjöllun um athugasemdir við umhverfisskýrslu.

### ***Tillaga að textabreytingu í kafla 3***

Sjá tillögu að textabreytingu í umhverfisskýrslu.

## **3.6 Athugasemdir við kafla 4 Viðauki 1. Skilgreining á hugtökum**

### ***Samantekt athugasemda***

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar bendir á að víðerni sé mikilvægt hugtak sem þarf að skilgreina vel. Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands koma inn á það að víða í tillögu að landsskipulagsstefnu sé rætt um sjálfbærni og mikilvægt sé að skilgreina hugtakið. Háskólasetur Vestfjarða telur að bæta þurfi inn skilgreiningum Skipulagsstofnunar á hafskipulagi og strandsvæðaskipulagi.

### ***Svör Skipulagsstofnunar***

Skipulagsstofnun tekur undir athugasemdir um skilgreiningu á hugtökum.

### *Tillaga að textabreytingu í kafla 4*

Skipulagsstofnun gerir tillögu að eftirtöldum breytingum á kafla 4 Viðauka 1, Skilgreining á hugtökum, en hvað varðar skilgreiningu á hafskipulagi og strandsvæðaskipulagi er vísað til umfjöllunar um skjalið *Greinargerð um stöðu haf- og strandsvæðaskipulags*.

- Eftir 8. mgr. bls. 53 bætist ný málsgrein sem hljóði svo: „Sjálfbær þróun: Þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum kynslóða til að mæta þörfum sínum.“
- Eftir 11. mgr. bls. 53 bætist ný málsgrein sem hljóði svo: „Víðerni: Víðerni eða ósnortin víðerni eru landsvæði sem er a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum. Skilgreining á víðernum miðist við skilgreiningu náttúruverndarlaga á hverjum tíma.“

## 4 Umhverfisskýrsla

---

### 4.1 Almennar athugasemdir

#### *Samantekt athugasemda*

Landsvirkjun telur ástæðu til að framkvæmt verði mat á umhverfisáhrifum landsskipulagsstefnunnar.

Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við orðanotkun einkum hvað varðar vatn og telur að þegar kemur að umræðu um vatn, ætti að vera samræmi við skilgreiningar í lögum nr. 36/2011.

Fornleifavernd ríkisins telur að alla umfjöllun vanti um menningarminjar. Þótt orðið "menningarminjar" komi fyrir á nokkrum stöðum í skjalinu, þá sé þar enga umfjöllun að hafa um t.d. líkleg umhverfisáhrif stefnunnar eða mismunandi sviðsmynda á fornleifar, hugsanlegar aðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum, vöktun eða eftirfylgni. Núgildandi þjóðminjalög nr. 107/2001 séu nefnd á einum stað í umhverfisskýrslunni en annars er hvergi vísað til þeirra, t.d. sem viðmiða í tengslum við mat á umhverfisáhrifum

#### *Svör Skipulagsstofnunar*

Unnið var umhverfismat skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og er það sett fram í umhverfisskýrslu með Landsskipulagsstefnu 2012-2014 .

Leitast er við að lagfæra orðanotkun um vatn til samræmis við athugasemd Umhverfisstofnunar.

Í ljósi athugasemda Fornleifaverndar bendir Skipulagsstofnun á að í landsskipulagsstefnu er sett almenn stefna um þrjú meginviðfangsefni þar sem m.a. er vísað til þess að taka þurfi tillit til menningarminja af því að þær eru almennt taldar mikilvægar.

Við ákvörðun um umfang og áherslur í umhverfismati landsskipulagsstefnu voru skilgreindir þeir umhverfisþættir sem taldir voru eiga við með hliðsjón af nákvæmni landsskipulagsstefnu. Ekki var talið að nákvæmni landsskipulagsstefnu hefði áhrif á menningarminjar og því voru þær ekki skilgreindar sem umhverfisþáttur.

Ljóst er að við nánari útfærslu í aðalskipulagi og við ákvarðanir í deiliskipulagi um framkvæmdir þarf að leggja mat á áhrif ákvarðana á staðbundnar menningarminjar.

### 4.2 Athugasemdir við kafla 1.1.1 Samantekt. Vatn

#### *Samantekt athugasemda*

Umhverfisstofnun telur að betur færi á því að vísa einnig til vatnasvæða í fyrstu setningu þess kafla þannig að hún orðist svo: "Markmið landsskipulagsstefnu um þrjár stórar verndarheildir sem ná yfir vatnasvið og vatnasvæði er líklegt til að hafa..."

#### *Svör Skipulagsstofnunar*

Orðalag um vatn lagfært til samræmis við athugasemdina.

#### *Tillaga að textabreytingu í kafla 1.1.1*

Skipulagsstofnun gerir tillögu um eftirfarandi breytingu í kafla samantektarkafli 1.1.1 Vatn

- Upphaf fyrstu málsgreinar í kafla 1.1.1 orðist svo: „Markmið landsskipulagsstefnu um þrjár stórar verndarheildir sem ná yfir vatnasvið og vatnasvæði er líklegt ....“

### 4.3 Athugasemdir við samantektarkafla 1.1.2 Samfélag og byggð

#### *Samantekt athugasemda*

Umhverfisstofnun bendir á að í landsskipulagsstefnu komi fram hugmyndir um mannvirkjabelti og ýmsar framkvæmdir aðrar á hálendinu sem eiga rætur í Svæðisskipulagi Miðhálandisins. Umhverfisstofnun vill benda á að síðan þessar tillögur komu fram hefur fjöldi ferðamanna sem sækja landið heim stóraukist. Við markaðssetningu Íslands hafi verið byggð upp ímynd af landinu þar sem áhersla er lögð á óraskaða náttúru og óbyggðir þar sem unnt sé að njóta útiveru á friðsælum stöðum. Umhverfisstofnun telur að í landsskipulagsstefnu séu þau verðmæti sem felast í víðernum á hálendinu vanmetin og að endurskoða eigi hugmyndir um að skipta hálendinu upp með mannvirkjabeltum án þess að skilgreina hvaða framkvæmdir unnt verði að ráðast í án þess að eiga á hættu að skerða víðerni og þar með þá ímynd sem byggð hefur verið upp af landinu erlendis.

#### *Svör Skipulagsstofnunar*

Sjá svör við athugasemdum í kafla 3.2.3 í greinargerð þessari.

#### *Tillaga að textabreytingu í kafla 1.1.2*

Sjá svör við athugasemdum í kafla 3.2.3 og tillögur að orðalagsbreytingum.

- Athugasemdin leiðir ekki til breytinga á kafla 1.1.2 í samantekt Umhverfisskýrslu.

### 4.4 Athugasemdir við samantektarkafla 1.2.1 Vatn

#### *Samantekt athugasemda*

Orkuveita Reykjavíkur leggur áherslu á í umsögn sinni að ekki sé síður mikilvægt að leggja áherslu á takmörkun á landnotkun til að vernda neysluvatn með tilvísun í síðasta málslið kafla 1.1.2.

#### *Svör Skipulagsstofnunar*

Skipulagsstofnun bregst við athugasemd Orkuveitu Reykjavíkur með lagfæringu á orðalagi, sjá tillögur.

#### *Tillaga að textabreytingu í kafla 1.2.1*

Skipulagsstofnun gerir tillögu að eftirtöldum breytingum í kafla 1.2.1 Vatn í umhverfisskýrslu.

- Síðasta málsgrein í kafla 1.2.1 fari út og í hennar stað standi: „Með því að standa vörð um svæði með verndargildi vegna vatnsverndar svo sem með því að gera ekki ráð fyrir byggð á verndarsvæðum, né annarri landnotkun sem líkleg er til að hafa mengandi áhrif, er ólíklegt að vatn verði fyrir neikvæðum áhrifum.“

Málsliður neðst á bls. 59 í kafla 6.2 í umhverfisskýrslu orðist með sama hætti.

## 4.5 Athugasemdir við samantektarkafla 1.3.1 Helstu niðurstöður

### *Samantekt athugasemda*

Umhverfisstofnun bendir á að ósamræmi sé á milli niðurstaðna um áhrif á loftslag í kafla 1.3 um helstu niðurstöður og kafla 1.1.5 um loftslag.

### *Svör Skipulagsstofnunar*

Málgreinin í kafla 1.3 er óskýr og í henni felst ósamræmi við annan texta og er því gerð tillaga um að fella málgreinina út þar sem hún kemur fyrir. Að öðru leyti er vísað til svara í kafla 3.2.4 í greinargerð þessari.

### *Tillaga að textabreytingu í kafla 1.3*

Skipulagsstofnun gerir tillögu að eftirtöldum breytingum í kafla 1.3 Helstu niðurstöður.

- Annarri málgrein í kafla 1.3 Helstu niðurstöður er sleppt.

## 4.6 Athugasemdir við kafla 3.6.2

### *Samantekt athugasemda*

Veðurstofan Íslands telur mikilvægt að tekin sé saman sérstakur kafla um náttúruvá undir kafla 3.2 Umhverfisáhrif tillögu að stefnu um búsetumynstur og dreifingu í stefnuskjali landsskipulagsstefnu og orðalagsbreytingar í kafla 3.6.2 í umhverfisskýrslu.

### *Svör Skipulagsstofnunar*

Í kafla 3.6.2 í umhverfisskýrslu er gerð grein fyrir að náttúruvá, sem hafi áhrif á búsetumynstur, hafi ekki verið til umfjöllunar að þessu sinni. Skipulagsstofnun gerir tillögu um orðalagsbreytingu í kafla 3.6.2 í umhverfisskýrslu til samræmis við athugasemdir Veðurstofunnar. Sjá að öðru leyti svör við athugasemdum í kafla 3.3.2 í greinargerð þessari og tillögur að orðalagsbreytingum.

### *Tillaga að textabreytingu í kafla 3.6.2 Samfélag og byggð*

Skipulagsstofnun gerir tillögu að eftirtöldum breytingum.

- Fyrsti málsliður annarrar málgreinar í kafla 3.6.2 í umhverfisskýrslu verði að eftirfarandi tveimur málsliðum: „Nýjar áskoranir á sviði náttúruvá er viðfangsefni sem m.a. kemur til vegna loftslagsbreytinga. Þar má nefna áhrif hækkunar sjávarborðs á byggð við strendur landsins og aukna tíðni ofsaveðra.“
- Bætt verði við nýjum málslið neðst í kafla 3.6.2. „Mikilvægt er að náttúruvá verði til ítarlegrar umfjöllunar í fyrstu endurskoðun landsskipulagsstefnunnar.“

## 4.7 Athugasemdir við kafla 5.1 Leiðarljós

### *Samantekt athugasemda*

Sjá samantekt athugasemda í kafla 3.2.2 í greinargerð þessari.

### *Svör Skipulagsstofnunar*

Sjá svör við athugasemdum í kafla 3.2.2 og tillögur um orðalagsbreytingar.

### ***Tillaga að textabreytingu í kafla***

Til samræmis við tillögur um orðalagsbreytingar í kafla 3.2.2 er orðalag leiðarljóss í kafla 5.1 lagfært og orðist: „Á miðhálandinu er sérstakt landslag og jarðmyndanir, mikilvægar vistgerðir, líffræðileg fjölbreytni, menningarminjar og sérstök náttúrufyribæri sem njóta verndar.“

## **4.8 Athugasemdir við kafla 5.1.1 Verndun náttúru, landslags og menningarminja**

### ***Samantekt athugasemda***

Umhverfisstofnun telur að sérkennum miðhálandisins verði stefnt í hættu með því að skipta hálandinu í þrennt með mannvirkjabeltum, verið sé að skerða en ekki viðhalda núverandi ástandi.

### ***Svör Skipulagsstofnunar***

Sjá svör við athugasemdum í kafla 3.2.3 og tillögur um orðalagsbreytingar.

### ***Tillaga að textabreytingu í kafla***

- Gerðar verða orðalagsbreytingar í a-, c- og d-lið í leiðum í kafla 5.1.1 í umhverfisskýrslu og bætt við nýjum lið, g-lið, til samræmis við tillögur að orðalagsbreytingum í kafla 3.2.3 í greinargerð þessari.

## **4.9 Athugasemdir við kafla 5.2.1 Vatn**

### ***Samantekt athugasemda***

Umhverfisstofnun bendir á að í kaflanum ætti fremur að tilgreina markmið laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála en tilgang vatnatilskipunarinnar.

Samorka bendir á að vegna óvissu um niðurstöður þingmáls um verndar- og orkunýtingaráætlun er lagt til að lágmarki að bæta við orðunum „meðal annars“ á eftir orðinu „byggir“ í kafla 5.2.1, 1. mgr. á bls. 44 í umhverfisskýrslu.

### ***Svör Skipulagsstofnunar***

Brugðist er við athugasemd Umhverfisstofnunar með því að skipta út tilvísun í tilgang vatnatilskipunarinnar með orðalagi úr markmiðum laga um stjórn vatnamála.

Brugðist er við athugasemd Samorku með breytingu á orðalagi.

Sjá að öðru leyti svör í kafla 3.2.4 í greinargerð þessari.

### ***Tillaga að textabreytingu í kafla 5.2.1***

Skipulagsstofnun gerir tillögu að eftirtöldum breytingum í umhverfisskýrslu í kafla 5.2.1, Vatn.

- Í kafla 5.2.1 verður settur inn eftirfarandi texti í stað texta um vatnatilskipunina: „Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011:
  - Hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar.
  - Stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.
  - Önnur viðmið sem sett verða í vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun skv. lögnum.

- Málsliður efst á bls. 44 í kafla 5.2.1 orðist: „Landsskipulagsstefna um orkunýtingu og orkuflutninga byggir m.a. á tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða sem lögð hefur verið fram á Alþingi.“

#### 4.10 Athugasemdir við kafla 5.2.5 Loftslag

##### *Samantekt athugasemda*

Samorka telur að um misskilning sé að ræða þar sem segir: „...landsskipulagsstefnan geri ekki ráð fyrir frekari orkuvinnslu vatns og jarðvarma á miðhálandinu.“

##### *Svör Skipulagsstofnunar*

Sjá svör í athugasemdum við kafla 3.2.4 í greinargerð þessari.

##### *Tillaga að textabreytingu*

Skipulagsstofnun leggur ekki til breytinga á kafla 5.2. 5 í umhverfiskýrslu vegna athugasemdarinnar.

#### 4.11 Athugasemdir við kafla 5.3 Eftirfylgni og aðgerðir

##### *Samantekt athugasemda*

Fornleifavernd ríkisins telur stofnanir þjóðminjavörslu hafi ekki neitt hlutverk í skipulaginu, sbr. t.d. töflu 7 á bls. 52 í umhverfiskýrslunni. Ef landsskipulagsstefnu sé ætlað að taka til menningarminja og varðveislu þeirra þá eigi vinnan við þennan málaflokk enn nokkuð í land.

##### *Svör Skipulagsstofnunar*

Þar sem menningarminjar er ekki skilgreindur umhverfisþáttur í umhverfismatinu á ekki við að vakta áhrif á menningarminjar á þessu stigi. Því á ekki við að skilgreina Fornleifavernd ríkisins né Húsafriðunarnefnd í töflu 7 þó óumdeilt sé að þær stofnanir og ný Minjastofnun Íslands hafi mikilvægu hlutverki að gegna í tengslum við menningarminjar og skipulag.

##### *Tillaga að textabreytingu í kafla 5.3*

Skipulagsstofnun gerir ekki tillögu að breytingu í kafla 5.3 Eftirfylgni og aðgerðir.

#### 4.12 Athugasemdir við kafla 6.1 Leiðarljós

##### *Samantekt athugasemda*

Sjá samantekt athugasemda í kafla 3.3.2 í greinargerð þessari.

##### *Svör Skipulagsstofnunar*

Sjá svör í kafla 3.3.2 hér að framan.

##### *Tillaga að textabreytingum*

- Til samræmis við tillögu að textabreytingu í kafla 3.3.2 í greinargerð þessari verður bætt við nýjum lið aftan við þriðja lið í leiðarljósi í kafla 6.1 í umhverfiskýrslu og orðist



svo:“Skipulag byggðar tekur mið af náttúruvá og náttúrufari almennt, á viðkomandi svæði.

- Í lok kafla 6.2.2, um áhrif framangreindrar stefnur á samfélag og byggð, bætist við eftirfarandi málsgrein sem orðist svo: „Stefna um að staðsetja byggð utan svæða þar sem hætta er talin á náttúruvá styður við öryggi íbúa og dregur úr hættu á tjóni á eignum og stuðlar því að jákvæðum áhrifum á samfélag og byggð.“

#### 4.13 Athugasemdir við kafla 6.1.1 Uppbygging og verndun

##### *Samantekt athugasemda*

Sjá samantekt athugasemda í kafla 3.3.3 í greinargerð þessari.

##### *Svör Skipulagsstofnunar*

Sjá svör í kafla 3.3.3 í greinargerð þessari.

##### *Tillaga að textabreytingu í kafla 6.1.1*

Til samræmis við tillögu að orðalagsbreytingum í 3.3.3 verða gerðar breytingar á markmiðum í kafla 6.1.1 í umhverfisskýrslu og nýjum liðum, f-lið og g-lið, bætt við leiðir að markmiðum.

#### 4.14 Athugasemdir við kafla 6.1.2 Samgöngur, veitukerfi o.fl.

##### *Samantekt athugasemda*

Umhverfisstofnun telur að líta eigi til samnýtingar samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu og að hugað verði skipulagsforsendum fyrir skipulag almenningsamgagna.

##### *Svör Skipulagsstofnunar*

Réttmætt sjónarmið og sjálfgefið að líta þurfi til skipulagsforsendna fyrir skipulag almenningsamgagna í dreifbýli sem þéttbýli. Það á ekki við í nákvæmni landsskipulagsstefnu en er viðfangsefni aðalskipulagsgerðar. Athugasemdin leiðir ekki til breytinga á umhverfisskýrslu. Sjá að öðru leyti svör við athugasemdum í kafla 3.3.4 hér að framan og tillögur um orðalagsbreytingar.

##### *Tillaga að textabreytingu í kafla 6.1.2*

Skipulagsstofnun gerir tillögu að eftirfarandi breytingu í kafla 6.1.2 Samgöngur, veitukerfi, nærþjónusta og vinnusókn.

- Til samræmis við tillögu að textabreytingu í kafla 3.3.4 í greinargerð þessari verður bætt aftan við d-lið í kafla 6.1.2 í umhverfisskýrslu eftirfarandi málslið: „Meðal annarra áherslna í því samstarfi verði samræming í stefnumótun stjórnvalda og skipulagsyfirvalda, efling almenningsamgangna og annarra vistvænna samgöngumáta.“

#### **4.15 Athugasemdir við kafla 6.1.3 Landbúnaður, menningarlandslag o.fl.**

##### ***Samantekt athugasemda***

Umhverfisstofnun telur að líta eigi til fleiri þátta en mögulegra landbúnaðarnota, t.d. verndargildis votlendis.

##### ***Svör Skipulagsstofnunar***

Kafli 6.1.3 er stefna um landbúnaðarland og því er áherslan á þann þátt. Ávallt ber að líta til annarrar stefnu stjórnvalda við skipulagsgerð og tryggja að unnt sé að uppfylla ákvæði annarra laga um þætti sem skipulagsákvörðun getur haft áhrif á. Vakin er athygli á að í kafla 6.1.1 er stefna um uppbyggingu og vernd.

##### ***Tillaga að textabreytingu í kafla 6.1.3***

Skipulagsstofnun gerir ekki tillögu um breytingu á texta í kafla 6.1.3 Landbúnaður, menningarlandslag og ásýnd lands.

#### **4.16 Athugasemdir við kafla 6.2.2 Umhverfisáhrif stefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar**

##### ***Samantekt athugasemda***

Sjá samantekt athugasemda í kafla 3.3.3 í greinargerð þessari.

##### ***Svör Skipulagsstofnunar***

Sjá svör í kafla 3.3.3 hér að framan.

##### ***Tillaga að textabreytingu í kafla 6.1.1***

Til samræmis við tillögu að orðalagsbreytingum í 3.3.3 verða gerðar breytingar á markmiðum í kafla 6.1.1. í umhverfisskýrslu og nýjum liðum, f-lið og g-lið, bætt við leiðir að markmiðum.

## 5 Greinargerð um stöðu skipulags á haf- og strandsvæðum

---

### *Samantekt athugasemda*

Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik og Háskólasetur Vestfjarða benda á að fjallað er um verndun og nýtingu hafsins á frekar grófum skala og nýting fjarða hafi fremur lítinn sess í greinargerðinni og landsskipulagsstefnu. Fjalla mætti nánar um hagsmuni sveitarfélaga í þessu sambandi og tengsl nýtingar á sjó og landi (aðalskipulag) og mikilvægi þess að skipulag utan netlaga sé í samræmi við aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga, svo sem mannvirki á landi vegna fiskeldis í sjó, kalkþörungavinnslu og sjótengdrar ferðaþjónustu. Landhelgisgæsla Íslands kemur á framfæri upplýsingum um hlutverk stofnunarinnar varðandi skeldýrarækt og eftirlit á hafinu skv. lögum um stofnunina og lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þá telur stofnunin að kortlagning hafsbotnsins sé ein af mikilvægustu stöðum undir skipulag haf- og strandsvæða. Reykjanesbær gerir athugasemdir við að í greinargerð sé ekki tekið tillit til frárennslis- og mengunarmála og hafnarsvæða og strandsiglinga, betri skil þurfi að gera fiskeldi í sjó og reikna eigi með sjótengdri ferðaþjónustu. Aðrar efnislegar athugasemdir við greinargerðina bárust ekki, en nokkrar ábendingar vörðuðu leiðréttingu á texta (Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik og Háskólasetur Vestfjarða, Einar Örn Thorlacius, Hafrannsóknastofnunin og Landhelgisgæsla Íslands).

### *Svör Skipulagsstofnunar*

Greinargerðinni er ætlað að gefa fyrstu heildarsýn yfir stöðu og þróun skipulags á haf- og strandsvæðum við Ísland. Eðli málsins samkvæmt er hún alls ekki tæmandi og á grófum skala, enda fjallað um hafsvæði innan efnahagslögsögu Íslands. Skipulagsstofnun fellst ekki á að nýting fjarða fái lítinn sess og bendir á að umfjöllun um verkefni Vestfirðinga um gerð nýtingaráætlunar fyrir Arnarfjörð er í raun ítarleg í samanburði við yfirborðskennda umfjöllun um þætti sem varða lífríki, notkun og vernd haf- og strandsvæða á landsvísu. Þá telur Skipulagsstofnun að glögglega komi fram áhersla á mikilvægi þess að skipulag á strandsvæðum verði að raunveruleika sem allra fyrst. Hins vegar eru tengsl nýtingar á sjó og landi og skipulag utan netlaga háð því hvernig boðuð löggjöf um hafskipulag verður og niðurstöðum samráðs um gerð skipulagsáætlana sem byggja á þeim lögum.

Skipulagsstofnun tekur undir að nákvæm kort af hafsbotni við Ísland sé mjög mikilvægur grunnur skipulags fyrir haf- og strandsvæði líkt og hæðarlínukort fyrir skipulagsáætlanir á landi. Fyrirliggjandi greinargerð var ætlað að gefa grófa yfirsýn yfir stöðu skipulagsmála og er því ekki ítarleg varðandi þá málaflokka sem skipulagsáætlanir fyrir haf- og strandsvæði þarf að byggja á. Við hverja endurskoðun landsskipulagsstefnu mun fylgja uppfærð greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála á haf- og strandsvæðum (sbr. 9. gr. reglugerðar um landsskipulagsstefnu). Eðlilegt er að þar verði einnig fjallað um kortlagningu hafsbotnsins í tengslum við yfirlit yfir lífríki, notkun og vernd íslenskra hafsvæða á svipaðan hátt og gert er í kafla 4.2 í greinargerðinni sem nú fylgir tillögu að landsskipulagsstefnu. Líklegt er að við endurskoðun landsskipulagsstefnu verði einnig gerð grein fyrir öðrum þáttum sem fyrirliggjandi greinargerð tekur ekki á, t.d. frárennslis- og mengunarmálum, hafnarsvæðum og strandsiglingum.

### ***Tillaga að textabreytingu í greinargerð um stöðu skipulags á haf- og strandsvæðum***

Skipulagsstofnun mun bæta við umfjöllun um Landhelgisgæslu Íslands í kafla 4.1.1 greinargerðarinnar - sem fjallar m.a. um hlutverk viðeigandi stofnana - í samræmi við áendingar stofnunarinnar. Einnig verður texti greinargerðarinnar endurskoðaður með hliðsjón af ábendingum Fjórðungssambands Vestfirðinga og frá Teiknistofunni Eik og Háskólasetri Vestfjarða, Einari Erni Thorlacius, Hafrannsóknastofnuninni og Landhelgisgæslu Íslands. Verða gerðar leiðréttingar á textanum eftir því sem Skipulagsstofnun telur þörf á.

## 6 Staða og þróun skipulagsmála

---

### *Samantekt athugasemda*

Teiknistofan Eik fjallar í sínum athugasendum um frístundabyggð og bendir á að gera þurfi greiningu á byggðamynstri í gegnum tíðina á einstökum svæðum. Nauðsynlegt sé að horfa til sérstöðu hvers svæðis.

### *Svör Skipulagsstofnunar*

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar um nauðsyn þess að greina nánar frístundabyggð á grundvelli svæða og þetta atriði verður haft að til hliðsjónar við endurskoðun landsskipulagsstefnu.

### *Tillaga að textabreytingu í kafla*

Skipulagsstofnun telur ekki ástæðu til breytinga á *Greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála* vegna þessa.

## 7 Skýrsla um ferðamennsku

---

### *Samantekt athugasemda*

Landssamband Hestamannafélaga mótmælir harðlega því sem kemur fram í skýrslunni *Ferðamennska á miðhálandi Íslands; Staða og spá um framtíðarhorfur*, þar sem segir á bls. 40 „Hesthúsi og hestaleigu í hjarta friðlandsins er alveg ofaukið í Landmannalaugum“

Trausti Valsson gerir margháttaðar athugasemdir við skýrsluna *Ferðamennska á miðhálandi Íslands; Staða og spá um framtíðarhorfur*. Einnig gagnrýnir hann það að Skipulagsstofnun skuli hafa valið Önnu Dóru Sæþórsdóttur til móta landsskipulagsstefnu um ferðamennsku á miðhálandi Íslands.

### *Svör Skipulagsstofnunar*

Skýrslan *Ferðamennska á miðhálandi Íslands; Staða og spá um framtíðarhorfur* sem Anna Dóra Sæþórsdóttir tók saman að beiðni Skipulagsstofnunar er hennar verk og skoðast sem slík. Um er að ræða yfirgripsmikla samantekt á stöðu mála í ferðamennsku á svæðinu, en skýrslan er ekki opinber stefna um ferðamennsku á miðhálandi Íslands. Önnu Dóru Sæþórsdóttur var falið þetta verk vegna mikillrar þekkingu hennar á þessum málafloki og rannsókna á ferðamennsku á miðhálandinu í samstarfi við fjölmarga aðila.

### *Tillaga að textabreytingu í kafla*

Skipulagsstofnun hefur komið ofangreindum athugasemdum til höfundar skýrslunnar *Ferðamennska á miðhálandi Íslands; Staða og spá um framtíðarhorfur*.

## 8 Yfirlit um stefnu stjórnvalda

---

### ***Samantekt athugasemda***

Reykjavíkurborg gerir athugasemd við orðalag þar sem fjallað er um ólíkar áherslur í *Samgönguáætlun 2011-2024* annars vegar og *Aðalskipulags Reykjavíkur 2001-2024* og í *Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024* hins vegar.

Aðrar athugasemdir varða einnig kafla 1.3.1 í skjalinu *Landsskipulagsstefna 2013-2024, tillaga til auglýsingar* og er vísað til þeirra athugasemda.

### ***Svör Skipulagsstofnunar***

Skipulagsstofnun tekur undir athugasemdir Reykjavíkurborgar um mismunandi áherslur í stefnumörkun ríkis og Reykjavíkurborgar. Tekið verður mið af tillögu að breytingu á texta í kafla 3.2.

Hvað varðar svör Skipulagsstofnar við öðrum athugasemdum þá er vísað til athugasemda við kafla 1.3.1 í skjalinu *Landsskipulagsstefna 2013-2024, tillaga til auglýsingar*.

### ***Tillaga að textabreytingu í kafla 3.2***

Skipulagsstofnun gerir tillögu að eftirtöldum breytingum á kafla 3.2 Samþætting við skipulagsgerð sveitarfélaganna. Einnig mun Skipulagsstofnun uppfæra aðra kafla skjalsins í samræmi við athugasemdir sem gerðar hafa verið við kafla 1.3.1 í *Landsskipulagsstefna 2013-2024, tillaga til auglýsingar*.

- Breytingar verði gerðar á síðustu setningu fyrstu málsgreinar bls. 23 og við hana bætist einnig ný setning og hljóði svo: „Samgönguáætlun gerir eins og fyrri samgönguáætlanir ráð fyrir að Reykjavíkflugvöllur verði áfram miðstöð innanlandsflugs, í það minnsta til 2020, en aðalskipulagið gerir ráð fyrir að flugvöllurinn víki í áföngum. Samgönguáætlun útilokar hins vegar ekki aðra staðsetningu flugvallarins í Reykjavík eða annars staðar á höfuðborgarsvæðinu.“

## 9 Viðauki 1

Innkomnar athugasemdir flokkaðar eftir skjölum, köflum og stefnumiðum		
	Almennar athugasemdir og umsagnir	
Efni	Umsögn eða athugasemd	Aðili
Skipulagsvald sveitarfélaganna	„Nefndin [Skipulags- og bygginganefnd Árborgar] leggst gegn löggjöf sem skerðir skipulags- og sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga.“	Sveitarfélagið Árborg, Skipulags- og bygginganefnd
Samræming áætlana	„Eins og fram kom í athugasemdum Orkuveitu Reykjavíkur frá 31. ágúst sl. fagnar fyrirtækið fram kominni tillögu að landsskipulagsstefnu og telur að samræming geiraáætlana og „brú milli stefnu og áætlana á landsvísu og skipulagsáætlana sveitarfélaga“, sé afar mikilvæg.“	Orkuveita Reykjavíkur, dags. 5. nóv. 2012.
Áhrif landsskipulagsstefnu	Háskólinn á Akureyri bendir á nauðsyn þess að samræma stefnumótun á landsvísu. „Þarna er bent á tvö mikilvæg atriði sem afar brýnt er að tekið sé á og þetta undirstrikar í reynd nauðsyn þess að frá landsskipulagi verði lögformlega gengið með þeim hætti að það sé ekki einungis leiðbeinandi, heldur þarf staða þess að vera svo sterk að dæmi eins og að framan greinir verði samræmd án undanbragða og að viðkomandi aðilar verði að hlíta ákvæðum landskipulags, þegar mismunandi hagsmunir rekast á. Hið sama má raunar segja um búsetumynstur og dreifingu byggðar. Augljós dæmi má finna í aðalskipulagi margra sveitarfélaga um að leyfð sé byggð sem alls ekki getur talist sjálfbær eða hagkvæm. Ef sjálfbærni á að vera eitt af leiðarljósum verður á einhverju stigi skipulagsmála að vera til vald sem kemur í veg fyrir að unnið sé gegn þeim gildum sem þó eru viðhöfð í orði. Þá má nefna línulega innviði s.s. vegi og rafmagnslínur sem eðli málsins samkvæmt þvera oft mörg sveitarfélög og varða gjarnan hagsmuni stærri heildar eða samfélagsins alls.“ Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Háskólinn á Akureyri, dags. 19. nóv. 2012.
Áherslur í stefnunni	Í athugasemdum Hafnafjarðarbæjar er m.a. tekið undir þær áherslur sem fram koma varðandi umhverfismál, sjálfbærar samgöngur, félagslega og efnahagslega þætti, sem eru í allflestum atriðum samhljóða stefnumörkun sem fram kemur í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Hafnafjarðarbær, Skipulags- og byggingarráð, dags. 17. nóv. 2012.
Áherslur í stefnunni	Að mati skipulags- og bygginganefndar Hveragerðisbæjar ...“er margt jákvætt að finna í tillögunni s.s. þá áherslu sem lögð er á verndun náttúru, landslags og menningarminja.“	Hveragerðisbær, skipulags- og bygginganefnd, dags. 07. nóv. 2012.



Áhrif landsskipulagsstefnu	„Skógrækt ríkisins fagnar fram komnum tillögum að landsskipulagsstefnu og þeim áformum um að sveitarfélög taki mið af landskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana sinna.“	Skógrækt ríkisins, dags. 19. nóv. 2012.
Áhrif landsskipulagsstefnu	Gerð er athugasemdir við áhrif landsskipulagsstefnu. „Samtökin gagnrýna að engar bindandi skyldur verði lagðar á sveitarfélög til að framfylgja landsskipulagsstefnu, heldur skuli þau einungis taka mið af henni við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana. Þá er harðlega gagnrýnt það fyrirkomulag sem lagt er upp með telji sveitarstjórnir að ekki beri að taka mið af samþykkttri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana...Samtökin telja að sveitarfélögum beri skylda að fara eftir landsskipulagi, ekki síst á miðhálandi Íslands sem er sameign allrar þjóðarinnar. Þá þarf að tryggja betur að ríkið hafi skýrari valdheimildir og deili ákvörðunarvaldi með sveitarfélögum. Ennfremur er nauðsynlegt að landsskipulagsstefna kveði á um að fagaðilar hjá stofnunum ríkisins hafi ekki einungis ráðgefandi hlutverk heldur beri sveitarstjórnnum og ríkinu að taka tillit til álits þeirra.“ Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands, dags. 19. nóv. 2012.
Áhrif landsskipulagsstefnu	„Sveitarstjórn Skútustaðahrepps leggst gegn auglýstri tillögu að Landsskipulagsstefnu 2013-2024. Þó hugsanlega megi færa rök fyrir því að samræma þurfi einhverja skipulagsþætti á landsvísu svo sem vegagerð og háspennulínur með landsskipulagsstefnu réttlætir það ekki að landsskipulagsstefna skuli taka yfir Svæðisskipulag miðhálandisins 1999-2015.“	Skútustaðahreppur, dags. 20. nóv. 2012.
Haf- og strandsvæði	„Landhelgisgæslan fagnar útgáfu heildstæðrar landsskipulagsstefnu, sérstaklega hvað varðar skipulag á haf- og strandsvæðum sem er starfssvæði Landhelgisgæslunnar skv. 3. gr. laga nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands.“	Landhelgisgæsla Íslands, 19. nóv. 2012.
Nálgun	Trausti Valsson gerir athugasemdir við nálgun í fyrirbyggjandi tillögu að landsskipulagsstefnu og telur að hún sé í mörgum grundvallaratriðum óheppileg eða röng. Dregur hann fram það sem einkenna ætti landsskipulag að hans mati og þætti í faglegri vinnu við landsskipulag.	Trausti Valsson, dags. 19. nóv. 2012.
Áherslur í stefnunni	„Undirritaður telur að það sé ekki rétt að láta samantekt á nær aðeins stefnumiðum núverandi stjórnvalda vera það sem móti stefnuna um landsskipulag/stefnu til framtíðar, en sú stefnumótun sem nú er í gildi, er að mestu leyti mótuð af fyrstu hreinu vinstristjórn á Íslandi og sjónarmið t.d. Framsóknar- og Sjálfstæðiflokka koma þar lítið við sögu.“	Trausti Valsson, dags. 19. nóv. 2012.

Próun stefnuskjals	Samorka gerir verulegar athugasemdir við breytingar frá fyrri drögum að landsskipulagsstefnu. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Samorka, dags. 13. nóv. 2012.
Samráðs-vettvangur	Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gagnrýnir ákveðna þætti í framkvæmd samráðsvettvangs, þ.e. að umræðan var mjög stýrð, málefnið tekið fyrir á of yfirborðskenndan hátt og umræður um samantektir ábótavant. Einnig eru sumir efnisþættir landsskipulagsstefnu ekki nægilega ígrundaðir og rökstuddir að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar.	Bláskógabyggð, dags. 15. nóv. 2012.
Samráðsferli	„Aðkoma náttúruverndarsamtaka að gerð þessarar stefnu var mismunandi. Sumum náttúruverndarsamtökum var boðið að tilnefna aðila fyrir samráðsvettvang og stórir samráðsfundir voru opnir og auglýstir almenningi, sem er vel. Samtökin telja engu að síður að þátttakan hafi reynt allt of lítil....Það er mat samtakanna sem að þessari umsögn standa að náttúruvernd, sem annars er lögð rík áhersla á í áherslum umhverfisráðherra, sé ekki nægilega vel tryggð í tillögu Skipulagsstofnunar að landsskipulagsstefnu og er hér fyrst og fremst vísað til skipulags á miðhálandinu. Í ljósi lýðræðishalla á fyrri stigum, er það eindregin krafa umsagnaraðila að ríkulegt tillit verði tekið til þeirra atriða sem fram koma í umsögn þessari.“ Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands, dags. 19. nóv. 2012.
Ferlið	„Þá er rétt að ítreka að fulltrúi Samorku hefur tekið þátt í samráðsfundum sem Skipulagsstofnun hefur haldið í þessu ferli og hefur sú vinna í alla staði verið til fyrirmyndar af hálfu stofnunarinnar. Í fyrri umsögn Samorku kom fram það mat samtakanna að almennt séð hefði tekist nokkuð vel til með umrædd drög, þótt samtökin settu fram nokkrar athugasemdir.“	Samorka, dags. 13. nóv. 2012.
Kostnaður sveitarfélaganna	„Landsskipulagstillagan er nokkuð fjárhagslega íþyngjandi fyrir sveitarfélög. Sérstaklega virðist greining, kortlagning og flokkun landbúnaðarlands eftir verðmæti íþyngjandi fyrir dreifbýl landbúnaðarhéruð.“ Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Norðurþing, skipulags- og byggingarnefnd, dags. 16. nóv. 2012.
Skilgreining á sjálfbærni	Hugtakið „sjálfbærni“ ber ítrekað á góma í þeirri stefnu sem hér er til umfjöllunar án nokkurrar skilgreiningar né tilvísunar. Nauðsynlegt að gera betri skil á þessu. Brýnt er að halda til haga að sjálfbær þróun byggir á þremur stoðum, efnahagslegri, félagslegri og verndun umhverfisins. Hér er lagt til að sterk sjálfbærni, meginreglur umhverfisréttar, varúðarreglan, þátttökuréttur almennings og greiðslureglan verði leiðarljós landsskipulagsstefnu enda byggja tvær stoðanna, efnahagslegir og félagslegir þættir, á hinni þriðju, verndun umhverfisins.	Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands, dags. 19. nóv. 2012.

Breytingar á landsskipulagsstefnu	Skútustaðahreppur spyr hvort það sé eingöngu ráðherra sem geti á fjögurra ára fresti breytt landsskipulagsstefnunni og hvaða möguleika sveitarfélög hafi til að óska eftir breytingum.	Skútustaðahreppur, 20. nóv. 2012.
Samþætting áætlana	Innanríkisráðuneytið dregur fram hlutverk landsskipulagsstefnu í að samþætta áætlanir, sérstaklega hvað varðar samgöngur-, orkuflutninga og fjarskipti. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Innanríkisráðuneytið, dags. 20. nóv. 2012.
Samþætting áætlana	Fjórðungssamband Vestfirðinga fjallar um að í landsskipulagsstefnu séu tekin fyrstu skrefin í að ná fram meiri yfirsýn og fá skýrari mynd af stefnu stjórnvalda.	Fjórðungssamband Vestfirðinga, dags. 20. nóv. 2012.
Hlutverk Skipulagsstofnunar	Suðurorka hefur efasemdir um að Skipulagsstofnun sé rétti aðilinn til að fara með skipulagsvald miðhálandisins. Einnig er Suðurorka ekki viss um að almennur skilningur sé á hvernig stjórnsýslu skipulagsmála t.d. á miðhálandi verði háttáð eftir tilkomu Landsskipulagsstefnu.	Suðurorka, dags. 20. nóv. 2012
Skipulagsvald sveitarfélaga	„Hreppsnefnd Ásahrepps telur að það verði ekki uppbyggingu á landsbyggðinni til framdráttar að skipulagsvald sveitarfélaganna sé að flytjast af landsbyggðinni til opinberra stofnanna á höfuðborgarsvæðinu í æ ríkara mæli. Því að með gerð áætlana svo sem rammaáætlunar, náttúruverndaráætlana, samgönguáætlana o.s.frv. öðlast þær lögskipaðan rétt innan Landskipulagsstefnu, sem sveitarfélögunum er gert skilt að aðlaga aðalskipulag sitt að. Vakin er athygli á að í stefnu um búsetumynstur er gerð gróf tilraun til að skerða sjálfákvörðunarrétt íbúa í dreifbýli um val á búsetu. Hreppsnefnd Ásahrepps hafnar því alfarið tillögu að Landskipulagsstefnu 2013-2024 eins og hún liggur fyrir.“	Ásahreppur, dags. 20. nóv. 2012.
Innleiðing landsskipulagsstefnu	Bent er á mikilvægi þess að miðla upplýsingum um kvaðir, skyldur og innihald landsskipulagsstefnu til sveitarstjórna.	Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik og Háskólasetur Vestfjarða, dags. 20. nóv. 2012.
Hlutverk landsskipulagsstefnu	Veðurstofa Íslands fagnar framkominni tillögu að landsskipulagsstefnu og telur slíka stefnumótun afar mikilvæga í nútímasamfélagi þar sem áhrif mannsins á umhverfi sitt eru orðin veruleg.	Veðurstofa Íslands, dags. 21. nóv. 2012.

Hlutverk Skipulagsstofnunar	Gerð er athugasemdir við hlutverk Skipulagsstofnunar við gerð landsskipulagsstefnu. „Það er almennt óheppilegt að Skipulagsstofnun hafi bæði hlutverk samkvæmt lögum að leggja fram tillögu að Landsskipulagsstefnu og staðfesta aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga.“	Skipulags- og byggingarnefnd uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps, dags. 20. nóv. 2012.
Almennt	Samhljóða umsögn skipulags- og byggingarnefnd uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps sbr. hér að framan.	Grímsnes- og Grafningshreppur, dags. 23. nóv. 2012.
Ferlið og samgöngur	„LHM telja að landsskipulagsstefnan sé vel unnin og eru ánægð með að jafnræðis ferðamáta sé gætt og að sjálfbærum/vistvænum samgöngum svo sem almenningssamgöngum sé gert hærra undir höfði.“	Landssamtök hjólréiðamanna, dags. 18. nóv. 2012.
Ferðamennska	„Ferðamálastofa fagnar þeirri vinnu sem liggur að baki gerð landsskipulagsstefnu 2013-2024 og sérstaklega þeirri undirbúningsvinnu sem unnin var með það að markmiði að skoða áhrif ferðaþjónustunnar á miðhálandið og nýtingu þess fyrir atvinnugreinina.“	Ferðamálastofa, dags. 15. okt. 2012.
Ferlið, áhersla á sjálfbærni byggðar	Vistbyggðarráð fagnar því að nú hefur verið sett fram stefna um Landsskipulag sem hefur það leiðarljós að „... tryggja heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana og stuðla[r] að sjálfbærri þróun og skilvirkri áætlanagerð.“ Gerð landsskipulagsstefnu er að mati Vistbyggðarráðs viðleitni til að samræma skipulag á landsvísu og efla og auka samvinnu þeirra aðila sem vinna að skipulagsgerð almennt. „Vistbyggðarráð tekur undir þær almennu áherslur sem fram koma í stefnunni einkum og sér í lagi áhersluna á sjálfbæra þróun... Vistbyggðarráð þakkar að lokum fyrir að fá tækifæri til að koma að undirbúningsvinnu við Landsskipulag og telur að vel hafi verið staðið að samráði í vinnsluferlinu innan þess tímaramma sem gefinn var verkefninu. Það er þó nokkuð ljóst að taka þarf tillit til afar ólíkra hagsmuna við gerð svo víðtækrar stefnu og æskilegt væri að vinna frekar að nánari útfærslu. Skýr markmið stjórnvalda um sjálfbæra þróun og þéttingu byggðar út frá sjónarmiðum umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar er mikilvægt leiðarljós í þeirri vinnu sem framundan er við nánari útfærslu stefnunnar.“	Vistbyggðarráð, dags. 20. nóv. 2012.

Skipulagsvaldið rökstuðningur stefnu o.fl.	Sigríður Kristjánsdóttir fjallar m.a. um skipulagsvaldið og telur að það þurfi að vera skýrt hvar ákvörðunarvaldið liggur. Einnig er því velt upp hvort landsskipulagsstefna sé stefna sem hægt er að stýra eftir. „Eftir að hafa lesið landskipulagsstefnuna yfir þá vakna upp spurningar eins og „Hvernig á að nýta þetta plagg?“ „Hvernig á að vinna eftir þessu?“. Landsskipulagsstefnan þarf að vera betur rökstudd svo hægt sé að færa rök fyrir að farið sé eftir henni.“ Þá er því velt upp til hvaða svæða landsskipulagsstefna nái til og segir m.a. „Mörg skipulagsvandamál koma upp í þéttbýli og landskipulagsstefna þarf að ná yfir það og tengingu þéttbýlis, sveitar og hálendis. Það er ekki æskilegt að nálgast gerð landskipulagsstefnu í flýti til þess að fylla upp í gat sem verður til þegar skipulag miðhálandisins fellur úr gildi og horfa fram hjá mikilvægi þéttbýlissvæða.“ Einnig leggur SK áherslu á að landsskipulagsstefna eigi fyrst og fremst að vera skematískur rammi þar sem dregnar eru línur til langs tíma, en ekki pólitískt plagg.	Sigríður Kristjánsdóttir, dags. 20. nóv. 2012.
Rannsóknir o.fl.	„Víða erlendis er til stefnumörkun um landnotkun á landsvísu og er Holland gott dæmi um þetta. En sú vinna kallar á hóp og jafnframt er nauðsynlegt að landsskipulagsstefna nái yfir landið og marki stefnu fyrir skipulag á landsvísu þar sem stefnumörkun og rannsóknarvinna á auðlindum og landnotkun fara saman hönd í hönd. Loks vaknar spurningin „Af hverju liggur svona á?““	Sigríður Kristjánsdóttir, dags. 20. nóv. 2012.
Samráð	„Samtökin harma að hafa ekki haft betri aðkomu að undirbúningi landsskipulags og telja að hagsmunir atvinnulífs hafi verið fyrir borð bornir í því samráði sem átti sér stað við gerð landsskipulags. Einnig sakna samtökin þess að ekki er gert ráð fyrir beinu samstarfi við atvinnulífið í því samráði sem boðað er í drögum að landsskipulagi.“	Samtök ferðaþjónustunnar, dags. 19. nóv. 2012.
Skipulagsvald og ferli skipulagsmála	„Landsskipulag fjallar að miklu leiti um það sem er íþyngjandi fyrir þá sem vilja fara í framkvæmdir á hálendinu og lítið er minnst á skyldur leyfisveitanda varðandi afgreiðsluhraða mála. Það er nauðsynlegt að leyfisveitendur vinni í skilvirku kerfi þar sem svör við beiðnum hafa tímafrest og að ekkert svar sé ígildi samþykkis. Ferli mála þurfa að ganga fljótt fyrir sig þannig að skynsamleg uppbygging og þróun atvinnutækifæra á miðhálandinu glattist ekki. Einnig mælast SAF til þess að umsóknir til skipulagsyfirvalda hafi málskotsleið ef talið er að úrskurðir skipulagsyfirvalda séu ekki í anda laga og reglugerða.“	Samtök ferðaþjónustunnar, dags. 19. nóv. 2012.
Haf- og strandsvæði	„Háskólasetur Vestfjarða fagnar framkominni greinargerð vegna Landsskipulagsstefnu sem kynnt var á haustmánuðum 2012. Einkum fagnar Háskólasetrið þeirri ákvörðun að málaflokkurinn haf-og strandsvæði skildu vera einn hinna þriggja grunnflokka. Skipulagsstofnunin gerir vel í því að leggja áherslu á að vistfræðilega nálgun og samþættingu. Einnig er jákvætt að bent sé á helstu skaranir í nýtingu og verndun, svo sem siglingar stórskipa og fyrirhugaðar rannsóknir á magnetíti við stendur landsins (sjá bls. 41-42).“	Háskólasetur Vestfjarða, dags. 19. nóv. 2012.

Skipulagsvald sveitarfélaganna	„Bændasamtökin vilja vekja athygli á því að ákveðin hætta kann að fylgja því að auka miðstýringu á skipulagsvaldi. Ekki má takmarka um of skipulagsvald sveitarfélaga. ...Í drögum gætir ákveðinnar tilhneigingar til tilfærslu á skipulagsvaldi frá sveitarfélögum til ríkisins og í raun er sú staðreynd að heildstæð stefna fyrir búsetumynstur er að líta dagsins ljós, til marks um slíka tilhneingingu. Bændasamtökin leggja ríka áherslu á að í landsskipulagsstefnu verði kveðið á um sjálfstjórnarvald sveitarfélaganna og þeim ekki settar of þröngar skorður til að ráða sínu eigin skipulagi. Fyrirliggjandi drög leggja of mikla áherslu á miðstýringu valds og í raun bendir allt til þess að auka eigi miðstýringu enn frekar frá því sem nú er.“	Bændasamtök Íslands, dags. 20. nóv. 2012.
Áherslur í stefnunni	„Skipulags- og umhverfingefndar tekur í meginatriðum undir athugasemdir skipulagsmálanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga við drög að tillögu að landsskipulagi.“	Pingeyjarsveit, dags. 22. nóv. 2012.
Áherslur í stefnunni	„Ekki verður séð að vikið sé að verndun menningarminja í tillögu að landsskipulagsstefnu 2013-2024.“	Húsafriðunarnefnd, dags. 20. nóv. 2012.
Hlutverk Skipulagsstofnunar	„Samkvæmt lögum á Skipulagsstofnun að staðfesta aðalskipulag sveitarfélaga. Þar sem Skipulagsstofnun leggur jafnframt fram landsskipulagsstefnu getur skapast hætta á vanhæfi þegar sjónarmið aðalskipulags stangast á við landskipulagsstefnuna. Tryggja verður að sjálfstjórnarréttur sveitarfélaganna sé varinn og að landskipulagsstefnan takmarki ekki skipulagsvald sveitarfélaganna.“	Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, dags. 20. nóv. 2012
Ferlið	Samband íslenskra sveitarfélaga gefur í sinni umsögn almennt yfirlit yfir aðkomu sambandsins að gerð landsskipulagsstefnu og afstöðu þess til þeirra áherslna sem ráðherra setti fyrir gerð fyrstu landsskipulagsstefnu.  „Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa átt ágæta aðkomu að ferlinu frá því að tillögur umhverfisráðherra um áherslur í þessari fyrstu tillögu að landsskipulagsstefnu komu fram í október 2011. ...Eftir að ráðgjafanefnd tók til starfa hefur aðkoma sambandsins að málinu aðallega verið í gegnum þá tvo fulltrúa sem það tilnefndi til setu í ráðgjafanefndinni, ásamt þátttöku í fundum svonefnds samráðsvettvangs. Fulltrúar margra sveitarfélaga hafa einnig verið virkir þátttakendur á þeim vettvangi. Að áliti skipulagsmálanefndar hefur samráð heilt á litið verið til fyrirmyndar í þessu mikilvæga máli og vinnuferlið hefur einnig verið fremur gagnsætt.“	Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. nóv. 2012.

Ferlið	„Að álit skipulagsmálanefndar sambandsins er ekki tilefni til stórvæðilegra breytinga á vinnuferli landsskipulagsstefnu þegar kemur að gerð næstu landsskipulagsstefnu. Ástæða hefði þó verið til þess að vanda betur til vinnu við mótun sviðsmynda sem lagðar voru til grundvallar umræðu á fundum samráðsvettvangs, en þær voru einnig lagðar til grundvallar við gerð mats á umhverfisáhrifum stefnunnar. Þessar sviðsmyndir voru að margra dómi of grófar og fólu í sér of mikla einföldun á viðfangsefni sem er í eðli sínu flókið. Skammur tími var veittur til umræðu um sviðsmyndirnar og gafst t.d. nánast enginn tími til þess að ræða mat á umhverfisáhrifum þeirra.“	Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. nóv. 2012.
Afmörkun	„Nefndin lýsti sig jafnframt sammála því sjónarmiði að nauðsynlegt væri að afmarka viðfangsefni þessarar fyrstu landsskipulagsstefnu fremur þröngt í samræmi við þann takmarkaða tíma sem veittur var til að ljúka verkefninu.“	Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. nóv. 2012.
Ferlið og samráð	Samband íslenskra sveitarfélaga gerir í sinni umsögn grein fyrir áherslum sambandsins við gerð landsskipulagsstefnu. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. nóv. 2012.
Áherslur í stefnunni	„Nokkuð áberandi að orðalag í tillögunni er víða mjög almenns eðlis, sem stafar líklega af því að leitast hefur verið við að láta það ná yfir ólík sjónarmið þeirra mörgu, sem komið hafa að samráði um gerð tillögunnar. Þetta virðist vera sérstaklega áberandi varðandi skipulagsmál á hálendinu. ...Æskilegt hefði verið að skilgreina markmið, leiðir og eftirfylgni með skýrari hætti og fækka þannig þeim málum sem verða háð ákvörðun eins aðila, þ.e. ráðherra. ...Eftirfylgnin skiptir síðan höfuðmáli og er lykillinn að því að árangur geti náðst.“	Mosfellsbær, dags. 28. nóv. 2012.

## Innkomnar athugasemdir flokkaðar eftir skjölum, köflum og stefnumiðum

Landsskipulagsstefna 2013-2024 - Tillaga til auglýsingar		
1 Gerð landsskipulagsstefnu		
Kafli nr.	Umsögn eða athugasemd	Aðili
1.3.1	"Skipulags- og byggingarráð tekur undir það sem fram kemur í kafla 1.3.1 að þörf sé á að samræma betur stefnu ólíkra stjórnvaldseininga hvað varðar einstaka málaflokka. Æskilegt væri t.d. að samræma stefnu varðandi samgöngukerfi og flutningskerfi raforku innan landshluta og á landinu í heild sinni."	Hafnafjarðarbær, Skipulags- og byggingarráð, dags. 17. sept. 2012.
1.3.1	"Í samgönguáætlun er vissulega lögð áhersla á að Reykjavíkurlflugvöllur geti áfram þjónað innanlandsflugi á fullnægjandi hátt. Í samþykktri þingsályktun er hinsvegar ekki tiltekið að Reykjavíkurlflugvöllur skuli vera í Vatnsmýri. Áætlunin útilokar þar með ekki aðra staðsetningu hans innan Reykjavíkur eða á höfuðborgarsvæðinu. Á bls. 23 í <i>Yfirliti um stefnu...</i> , er hinsvegar fullyrt að samgönguáætlun geri ráð fyrir flugvelli í Vatnsmýri til framtíðar og það þrátt fyrir að um tímabundna áætlun til 2022 sé að ræða. Þetta þarf að leiðrétta í greinargerð landskipulagsstefnu og í fylgiskjali hennar."	Reykjavíkurborg, dags. 8. nóv. 2012.
1.3.1	"Ekki hefur enn verið gerð formleg landsáætlun um skógrækt og uppgræðslu lands með skógi. Í lögum um landshlutaverkefni í skógrækt, nr. 95 13. júní 2006, er þó gert ráð fyrir að ríkið styrki skógrækt á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglandis neðan 400 m yfir sjávarmáli. Eðlilegt verður að telja að svo afdráttarlaus stefnumörkun um landnýtingu fái meiri umfjöllun í tillögu að landsskipulagsáætlun en raun ber vitni. Eingöngu er minnst á skógrækt í þeim þætti stefnumörkunar, er fjallar um búsetu mynstur og dreifingu byggðar." Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Skógrækt ríkisins, dags. 19. nóv. 2012.
1.3.1	"Gera þarf betur grein fyrir hvaða stefnur og áætlanir hins opinbera eigi að vera tækar til að leggja grunn að landsskipulagsstefnu." Bláskógabyggð bendir í þessu sambandi m.a. á tillögu að rammaáætlun og fyrirhugaðar breytingar á náttúruverndarlögum. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Bláskógabyggð, dags. 15. nóv. 2012.



1.3.1	"Varðandi misræmi í stefnu ríkis og sveitarfélaga sem lýst er í inngangi að landsskipulagsstefnu er tekið sem dæmi mismunandi stefna í samgönguáætlun annars vegar og borgarstjórnar Reykjavíkur hins vegar um framtíð Reykjavíkurlflugvallar, þar hefði gjarnan einnig mátt nefna eitthvert annað dæmi svo sem legu hringveggar við Vík. Þá mætti koma inn á mismunandi stefnur aðliggjandi sveitarfélaga í aðalskipulagi um landnýtingu svo sem í skipulagi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu."	Innanríkisráðuneytið, dags. 20. nóv. 2012.
1.3.1.	Landsvirkjun gerir athugasemd við að ekki er tekið tillit til kerfisáætlunar Landsnets.	Landsvirkjun, dags. 20. nóv. 2012.
1.3.1	"Ástæða er til að gera skýrari grein fyrir því hvaða ósamþykktu áætlana og stefnumiða er tekið tillit til í landsskipulagsstefnu og hverra ekki, en ekki verður séð nein skýr stefna um það í drögum. Ætla má að alltaf sé eðlilegast að taka tillit til staðfestrar stefnu sem fyrir liggur, nema það sé sérstaklega tekið fram og rökstutt að gengið verði gegn gildandi stefnu."	Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. nóv. 2012.
1.3.1	„Að áliti skipulagsmálanefndar hefði verið ástæða til að fjalla í landsskipulagsstefnu um reynsluna af framfylgd gildandi áætlana ríkisins. Í því sambandi væri fróðlegt að fá hlutlæga umfjöllun um áhrif þeirrar stefnu sem fylgt hefur verið um að fjölga þjóðgörðum, friðlýstum svæðum og sérstökum verndarsvæðum, sbr. náttúruverndaráætlanir. Í því sambandi hefði mátt fjalla um hvort fjármagn hafi verið nægilegt til að hrinda ákvörðunum sómasamlega í framkvæmd. Hér er væntanlega um verðugt umfjöllunarefni að ræða fyrir næstu landsskipulagsstefnu.“  „Einnig hefði mátt liggja skýrar fyrir hvernig fyrirhugaðar breytingar á náttúruverndarlögum samræmast tillögu að landsskipulagsstefnu og þannig mætti áfram telja, enda liggja fyrir ýmsar tillögur að breytingum á lögum sem varða landnýtingu, svo sem um endurskoðun jarðalaga, skógræktarlaga og laga um landgræðslu.“	Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. nóv. 2012.
1.3.1	„Loks má nefna að lítið er fjallað í tillögunni um möguleg áhrif hlýnunar jarðar á forsendur landsskipulagsstefnu og gildandi áætlana ríkis og sveitarfélaga. Varðandi miðhálandið sérstaklega má gera ráð fyrir að gróður muni víða aukast og valda breytingum á svæðum sem talin hafa verið til ósnortinna víðerna. Framtíðarstefnumótun um verndarsvæði á hálandinu þarf að taka tillit til slíkra þátta.“	Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. nóv. 2012.

1.3.1	Veðurstofa Íslands gerir athugasemdir við töflu 1 og nefnir að þar vantar áætlun um uppbyggingu varnarvirkja til ársins 2020. „Í töflu 1 eru m.a. tilteknar landgræðsluáætlun 2003-2014, ferðamálaáætlun 2011-2020 og fjarskiptaáætlun 2011-2022. Með sama hætti væri rétt að nefna áætlun um uppbyggingu varnarvirkja til 2020.“	Veðurstofa Íslands, dags. 21. nóv. 2012.
1.3.1	„Svo virðist sem það vanti að tilgreina og fara yfir áætlanir sem varða uppbyggingu hins opinbera og geta haft mikil áhrif á búsetumynstur s.s. áætlanir er varða heilsugæslu, sjúkrahús, þjónustu við aldraða, lögregluumdæmi o.s.frv.“	Skipulags- og byggingarnefnd uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps, dags. 20. nóv. 2012.
1.3.1	Samhljóða umsögn skipulags- og byggingarnefnd uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps sbr. hér að framan.	Grímsnes- og Grafningshreppur, dags. 23. nóv. 2012.
1.3.1	Sigríður Kristjánsdóttir fjallar í sínum athugasemdum um samræmingu áætlana ríkisins segir m.a. „Landsskipulagsstefnan gæti samhæft þessar áætlanir og gert upplýsingarnar aðgengilegri og gegnsærri.“	Sigríður Kristjánsdóttir, dags. 20. nóv. 2012.
1.3.1	Landsnet gerir athugasemd varðandi Kerfisáætlun Landsnets. Þar segir m.a. „Í tillögunni kemur fram að Kerfisáætlun Landsnets sé ekki staðfest af stjórnvöldum og því ekki hægt að taka hana með beinum hætti inn í landsskipulagsstefnu. Hins vegar er Kerfisáætlun að finna í upptalningu í töflu 1 á helstu stefnum og áætlunum opinberra aðila sem lagðar eru til grundvallar í tillögunni. Ekki er að finna nánari útskýringar á muninum á þessu tvennu. Kerfisáætlanir gefa mynd af flutningskerfinu og framtíðaruppbyggingu þess á grundvelli gefinna forsendna. ...Varðandi gildi og afgreiðslu kerfisáætlana er einnig bent á að í nýrri tilskipun Evrópusambandsins um raforkumál, nr. 2009/72, er að finna ítarlegri ákvæði um kerfisþróunaráætlanir flutningsfyrirtækja sem mun kalla á endurskoðun ákvæða raforkulaga um fyrirkomulag afgreiðslu kerfisáætlana.“ Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Landsnet, dags. 23. nóv. 2012.
1.3.1	„Nefndin telur það mjög jákvætt að leitast er við að samræma betur stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um nýtingu lands og landgæða og tryggja þannig heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana.“	Mosfellsbær, dags. 28. nóv. 2012.

1.4.2 miðhá- lendið	„Skútustaðahreppur gerir athugasemdir við niðurstöðu samráðsfundar 3. febrúar. "Það er mjög sérkennileg lýðræðisumræða í landsskipulagsstefnunni en hún virðist lúta að því að umhverfisráðherra (sbr. kafli 1.2 bls. 9) hafi meiri áhrif á nýtingu lands á landsbyggðinni heldur en þeir sem þar búa sbr. bls. 17 „ Treysta skipulagsvald sveitarfélaganna og setja á fót samráðsvettvang landshlutasamtaka og sveitarfélaga um miðhálandið. Gæta þess að þjóðhagslegir hagsmunir hafi meira vægi en sérhagsmunir og skammtímahagsmunir“.“	Skútustaðahreppur, dags. 20. nóv. 2012.
1.4.2 miðhálandið	Að mati FÍ er ástæða til að endurskoða dreifingu og flokkun þjónustustaða miðhálandisskipulagsins og gefa sveitarfélögunum betri leiðarlýsingu í þessum málaflokki. Einnig telur FÍ að huga þurfi að nýjum hálandismiðstöðvum við hálandisbrúnina.	Ferðafélag Íslands, dags. 6. des. 2012

2 Stefna		
Kafli nr.	Umsögn eða athugasemd	Aðili
2.1	Skipulags- og byggingarráð fagnar áherslum sem fram koma varðandi verndun náttúru á miðhálandinu.	Hafnafjarðarbær, Skipulags- og byggingarráð, dags. 17. 09. 2012.
2.1	Samorka gerir athugasemd við innra samræmi leiðarljóss og markmiða, stöðu Kerfisáætlunar Landsnets og bendir á óvissu um afgreiðslu rammaáætlunar. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Samorka, dags. 13. nóv. 2012.
2.1	Hörður Einarsson lýsir yfir eindregnum stuðningi við þá leið um skipulag á miðhálandi Íslands sem samþykkt var á aðalfundi Landverndar þann 12. maí 2012. Einnig leggur hann til að að tillaga að nýtingu miðhálandisins sem þjóðgarðs verði borin undir íslensku þjóðina sem valkostur við hina áformuðu nýtingu þess til framkvæmda fyrir þjónustu við stóriðjufyrirtæki. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Hörður Einarsson Seljugerði 9, Reykjavík, dags. 19. nóv. 2012.

2.1	Samtökin leggja til að miðhálandið verði ein skipulagseining í umsjón ríkisins. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands, dags. 19. nóv. 2012.
2.1	Skútustaðahreppur gerir athugasemdir við landsskipulagsstefnu um miðhálandið hvað varðar eignarhald og krefst þess að kannað verði hugur þeirra sem eiga land á miðhálandinu. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Skútustaðahreppur, dags. 20. nóv. 2012.
2.1	Landsvirkjun telur ástæðu til að taka meira tillit til svæðisskipulags miðhálandisins og aðalskipulags sveitarfélaga. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Landsvirkjun, dags. 20. nóv. 2012.
2.1	„Í landsskipulagsstefnu virðist aðal áherslan vera á friðlýsingu og verndun á miðhálandinu en lítið sem ekkert talað um mögulega nýtingu. ...Landsskipulagsstefna gerir ráð fyrir að landshlutasamtök verði ábyrg fyrir málefnum er varða miðhálandið. Er þetta sérstakt þar sem slík samtök hafa ekki skilgreint hlutverk sem stjórnvald samkvæmt skipulagslögum til að setja fram stefnumörkun er varðar landnotkun.“ Að öðru leyti er tekið undir athugasemdir skipulagsmálanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga.	Skipulags- og byggingarnefnd uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps, dags. 20. nóv. 2012.
2.1	Samhljóða umsögn skipulags- og byggingarnefnd uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps sbr. hér að framan.	Grímsnes- og Grafningshreppur, dags. 23. nóv. 2012.
2.1	„Undanfarið hefur verið að ryðja sér til rúms að skipulag sé unnið út frá heildarsýn á náttúrufar og landsgæði viðkomandi sveitarfélags, svokallaðri vistkerfisnálgun. Ef skipulagt er með hliðsjón af vistkerfinu er eðlilegt að vinna skipulagið út frá vatnasvæðum. Það er æskilegt að landsskipulagsstefna taki tillit til vistkerfisins og sé unnin í samhengi við það.“	Sigríður Kristjánsdóttir, dags. 20. nóv. 2012.
2.1	„Nokkuð óljóst orðalag er um aðkomu og hlutverki landshlutasamtaka að landskipulagsstefnunni og er nauðsynlegt að skilgreina það betur. Áréttu ber að þó skipulagsvaldið er hjá einstökum sveitarfélögum.“	Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, dags. 20. nóv. 2012.

2.1	„Samtökin taka undir margt af því sem kemur fram í drögum að landsskipulagi er snertir skipulag miðhálandis Íslands og fagnar auknum skilningi á miðhálandinu fyrir ferðamennsku en nauðsynlegt er að huga að því að gríðarleg tækifæri felast í uppbyggingu ferðapjónustu á svæðinu.“	Samtök ferðapjónustunnar, dags. 19. nóv. 2012.
2.1	<p>„Ástæða er til þess að skýra betur í tillögunni ýmis atriði sem snúa að skipulagi miðhálandisins. Eins og komið hefur fram á kynningarfundum undanfarið er það álit margra að tillögu um rammaáætlun, sem ekki hefur enn hlotið samþykki Alþingis, sé gefið of mikið vægi í tillögunni á meðan lítið er þar vikið að samræmi við aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga, svo sem varðandi staðsetningu virkjanakosta.“</p> <p>„Gert er ráð fyrir mannvirkjabeltum í tillögunni en ástæða er til að skýra betur hvað átt er við með því hugtaki. Í svæðisskipulagi miðhálandisins var þetta hugtak notað og skilgreint. Þar sem gert er ráð fyrir sérstökum mannvirkjabeltum á hálandinu er eðlilegt að útfæra þau með tilliti til þess hvar mannvirki er nú þegar að finna á því svæði, nema fram komi að þau mannvirki skulu hverfa á skipulagstímabilinu. Hægt er hins vegar að gera ráð fyrir að ekki skuli aukið við mannvirki á þessum svæðum, sé vilji til þess, þótt viðhald og endurbætur á þeim mannvirkjum sem fyrir eru verði heimilt.“</p>	Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. nóv. 2012.
2.1.2	Orkuveita Reykjavíkur telur að misræmis gæti í tillögunni hvað varðar forsendur stefnumörkunar og rökstuðning fyrir ákvarðanatöku varðandi náttúruvernd annars vegar og uppbyggingu og styrkingu flutningskerfis raforku hins vegar. Einnig telur OR umhugsunarvert að hægt sé að ganga lengra en staðfestar geiraáætlanir, en hins vegar sé ekki unnt að marka stefnu þar sem áætlanir séu ekki staðfestar. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Orkuveita Reykjavíkur, dags. 5. 11. 2012.
2.1.2	„Í kafla 2.1.2 er fjallað um verndun náttúru, landslags og menningarminja á miðhálandi Íslands. Þar eru skilgreind markmið (bls. 26) þar sem m.a. segir að á miðhálandinu verði <i>myndaðar þrjár stórar, samfelldar verndarheildir</i> . Í fyrri drögum (dags. 17. ágúst) að stefnunni segir í kjölfar framangreindrar setningar: <i>Mannvirkjagerð innan þessara svæða skal vera í algjöru lágmarki en þar sem ráðast þarf í mannvirkjagerð verði þess gætt að hún valdi sem minnstu raski og neikvæðum sjónrænum áhrifum</i> . Vandséð er hvers vegna þessa setningu er ekki lengur að finna í textanum. Eðlilega er það ekki trú Skipulagsstofnunar að algerlega verði hægt að koma í veg fyrir allar framkvæmdir innan þessara verndarheilda, sbr. fyrrgreint orðalag um lágmarks áhrif í leiðarljósi textans. Jafnframt segir enda í kjölfarið á markmiðssetningunni (í nýjum a-lið um leiðir) að innan verndarheilda verði <i>viðhaldið lágu byggingarstigi og mannvirkjagerð haldið í lágmarki</i> . Eðlilegt væri að í markmiðssetningunni kæmi einnig fram, líkt og í fyrri drögum, að horft sé til lágmarkunar framkvæmda innan verndarbelta.“	Samorka, dags. 13. nóv. 2012.

2.1.2	„Suðurorka mótmælir því að með landsskipulagsstefnu verði lokað á frekari framkvæmdir í mannvirkjabelti við Byggðalínu innan miðhálandis s.s. um Nyrðra Fjallabak.“	Suðurorka, dags. 20. nóv. 2012.
2.1.2 markmið	Samtökin gera athugasemdir við markmið um verndun náttúru, landslags og menningarminja og leggja m.a. til að landsskipulagsstefna stuðli að friðlýsingu miðhálandisins sem einnar verndarheildar og mismunandi verndarstig verði skilgreind innan verndarheildarinnar. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands, dags. 19. nóv. 2012.
2.1.2	Samtökin gera eftirfarandi athugasemdir við markmið um mannvirkjabelti: <ul style="list-style-type: none"> <li>• „Samtökin hafna alfarið þeim mannvirkjabeltum sem gróflega hafa verið skilgreind í landsskipulagsstefnu, enda ógna þau hagsmunum náttúruverndar, samfélags og hagsæðar Íslendinga. Ennfremur leggjast samtökin eindregið gegn því að virkjanir eða orkuflutningskerfi verði byggð á miðhálandi Íslands.</li> <li>• Lagt er til að mannvirkjabelti verði skilgreind í frekari smáatriðum, hvort sem um ræðir ytri mörk eða starfsemi leyfða innan þeirra.</li> <li>• Þess er krafist að í samráði um skipulagsmál hálandis Íslands verði fulltrúar náttúruverndarsamtaka.“ Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a></li> </ul>	Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands, dags. 19. nóv. 2012.
2.1.2	Fí undirstríkar að hugsun og túlkun víðerna sé að sumu leyti huglæg nálgun og telur að ætla meggi að nokkir fjallaskálar standi nú þegar innan þeirra.	Ferðafélag Íslands, dags. 6. des. 2012
2.1.2	Tekið er undir þá stefnu að styrkja þá verndun sem er til staðar en gerðar eru athugasemdir við stefnu um þrjár heildir. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Gunnar Njálsson, dags. 19. nóv. 2012.
2.1.2	Landsvirkjun gerir athugasemd við stefnu um mannvirkjabelti og leggur til að mannvirkjabeltum í svæðisskipulagi miðhálandisins verði viðhaldið.	Landsvirkjun, dags. 20. nóv. 2012.
2.1.2	Landsvirkjun gerir athugasemdir við stefnu um verndarheildir. „í drögum að landsskipulagsstefnu er að mati Landsvirkjunar gengið of langt í hverfisvernd eins og hún er þar útfærð, þ.e. sem viðbót við verndarsvæði.“	Landsvirkjun, dags. 20. nóv. 2012.
2.1.2	Gerð er athugasemd við umræðu um gildi miðhálandisins. „Talsvert er fjallað um hálandið og gildi þess út frá ferðamönnum. Einnig er fjallað um gildi vegna orkuframleiðslu. Lítið er hins vegar fjallað um önnur gildi, svo sem tilvistargildi, valkostagildi, fagurfræðileg gildi eða önnur gildi út frá lífhverfum eða visthverfum viðhorfum. Umræðan er m.ö.o. mjög mannverf.“	Teiknistofan Eik, dags. 20. nóv. 2012.

2.1.2	Gerð er athugasemd við verndarheildir á miðhálandinu og áhrif á flutningsleiðir raforku. „Hægt er að draga þá ályktun að ekki verði heimilað að fjölga línunum meðfram Sultartangalínu og þess í stað megi gera ráð fyrir að megin flutningskerfi raforku verði um láglendi. Skorradalshreppur gerir alvarlegar athugasemdir hvað þetta varðar og telur að mikilvægt sé að fyrir liggja áætlun ríkisins um flutningskerfi raforku áður en tekin er ákvörðun um verndarheildir miðhálandisins í landsskipulagsstefnu.“	Skorradalshreppur, dags. 20. nóv. 2012.
2.1.2	Skaftárhreppur gerir athugasemdir og veltir upp spurningum varðandi stefnu um verndun náttúru, landslags og menningarminja s.s. að óásættanlegt sé að tillaga að landsskipulagsstefnu sé einungis til að staðfesta núverandi stefnu, þó með þeim fyrirvörum að styrkja skuli verndarákvæði. Settar eru fram spurningar um mannvirkjabelti og núverandi flutningsleiðir raforku. Einnig er varpað fram spurningum um ósnortin víðerni o.fl. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Skaftárhreppur, dags. 3. nóv. 2012.
2.1.2	Samtökin fagna því að á miðhálandinu séu aðeins tvö mannvirkjabelti sem miðast við Kjöl og Sprengisand en telja þó að mannvirkjabeltin eigi að vera hluti af einni verndarheild miðhálandisins. Samtökin telja að ein verndarheild fyrir allt miðhálandið, í stað þriggja sé besti kosturinn til að huga að verndarhagsmunum hálandisins í heild. Með eina verndarheild skapast einnig möguleikar á einfaldara skipulagi við stjórnsýslu þjóðgarða og þjóðlenda. Ef mannvirkjabelti eru hluti af verndarheild miðhálandisins er hægt að setja upp ákveðnari takmörk fyrir mannvirkjagerð.	Samtök ferðaþjónustunnar, dags. 19. nóv. 2012.
2.1.2	Gerð er athugasemd um verndarheildir og áhrif þeirra á flutningsleiðir raforku. „Hægt er að túlka þetta orðalag á þann veg að ráðgert sé að afmá þau mannvirki sem nú eru talin skerða víðerni. Það er með öllu óásættanlegt að auglýst sé tillaga um verndarheildir á miðhálandinu þegar ljóst má vera að þær gangi að öllum líkindum þvert á hugmyndir um mögulega hringtengingu raforkukerfisins og ekki tekin afstaða um það hvernig eða hvort þörf sé á hringtengingu raforkukerfisins.“	Landssamtök landeigenda á Íslandi, dags. 20. nóv. 2012.
2.1.2	„Sjónmengun er mikil af háspennulínunum og áhrifsvæði þeirra þar af leiðandi mikið. Með tilkomu nýrra háspennulína á láglendi þá hamla þær frekari uppbyggingu útivistarsvæða, frístundabyggða og íbúðahúsa á stórum svæðum. Hagsmunir landeigenda er að fundin verði ásættanleg leið fyrir orkuflutning, þannig að þær skerði sem minnst athafnir landeiganda bæði í leik og starfi. Það er mat LLÍ að láglendið er ekki það landsvæði sem nýta á til hringtengingar raforkukerfisins. Hringtenging raforkukerfisins á að vera fjarri byggð eins og kostur er.“	Landssamtök landeigenda á Íslandi, dags. 20. nóv. 2012.

2.1.2	„Í kafla 2.1.2 Verndun náttúru, landslags og menningarminja er skýrt kveðið á um verndun landslags og náttúru en ekki um verndun menningarminja...“	Húsafriðunarnefnd, dags. 20. nóv. 2012.
2.1.2	„Tryggja verður að mannvirkjabelti sem skilgreind verða nái til þeirra svæða þar sem mannvirki er að finna, nema ætlunin sé að þau hverfi. Þetta á t.a.m. við um Byggðalínu og Sultartangalínu.“ Einnig er gerð athugasemd við að grannsvæði friðlýstra svæða njóti verndar. „Einnig er gerð athugasemd við að gert sé ráð fyrir fyrir að svæði í nágrenni verndarsvæða njóti einnig verndar. Slíkt fyrirkomulag leiðir til „grárra svæða“ og býður upp á deilur um túlkun. Nauðsynlegt er koma í veg fyrir slíkt og hafa skýrar línur.“	Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, dags. 20. nóv. 2012.
2.1.2	Landsnet gerir athugasemdir varðandi núverandi flutningsvirki í eigu Landsnets. „Landsnet leggur áherslu á að í landsskipulagsstefnu er nauðsynlegt að taka fullt tillit til nýtingarsjónarmiða með svipuðum hætti og gert er í gildandi svæðisskipulagi miðhálandis Íslands. Innan miðhálandis, eins og það er gróflega skilgreint á mynd 4 í tillögu að landsskipulagsstefnu, eru nú margar flutningslínur sem eru burðarásar í orkuflutningskerfi landsins. ...Nauðsynlegt er að áfram verði gert ráð fyrir mannvirkjabeltum meðfram þessum flutningsmannvirkjum raforku á hálandinu þar sem engin áform eru um að leggja þessar línur af.“ Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Landsnet, dags. 23. nóv. 2012.
2.1.2	Gerð er athugasemd við breytingar á markmiði um verndarheildir. „Af hálfu sambandsins er gerð athugasemd við að fallin er brott mikilvæg setning sem var í drögum sem rædd voru á fundi samráðsvettvangs 17. ágúst 2012 og hljóðar svo: „Mannvirkjagerð innan þessara svæða skal vera í algjöru lágmarki en þar sem ráðast þarf í mannvirkjagerð verði þess gætt að hún valdi sem minnstu raski og neikvæðum sjónrænum áhrifum.“ Án þessarar setningar er mögulegt að skilja tillöguna svo að engar framkvæmdir verði heimilaðar á miðhálandinu innan skilgreindra verndarheilda. Mikilvægt er að forðast óþarfa vafa um þetta atriði.“	Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. nóv. 2012.
2.1.2	„Ástæða er til að benda sérstaklega á að ekki virðist ætlunin að skilgreina mannvirkjabelti meðfram Byggðalínu, úr Skaftártungu um Fjallabak nyrðra að Hrauneyjum né heldur meðfram Sultartangalínu, sem liggur frá Sultartanga yfir afrétti Árnesinga vestur í Hvalfjörð. Ekki er heldur sagt að umræddar línur skuli aflagðar eða lagðar í jörð en þar segir þó að „leitast verði við að endurheimta víðerni ... skv. skilgreiningu náttúruverndarlaga“ . Þetta orðalag er hægt að túlka sem ráðagerð um að afmá þau mannvirki sem nú eru talin skerða víðerni. Hvergi er þó vikið beint að því í tillögunni hvort mannvirki skuli afmáð eða af hvaða ástæðum.“	Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. nóv. 2012.



2.1.2	Umhverfisstofnun telur að skilgreina verði betur hugtakið menningarlandslag. „Umhverfisstofnun telur að skýra þurfi þá umfjöllun í landsskipulagsstefnu þar sem vísað er til óskilgreindrar verndunar menningarlandslags og telur Umhverfisstofnun að frekari tengsl ættu að vera við hinn Evrópska landslagssáttmála.“	Umhverfisstofnun, dags. 21. nóv. 2012.
2.1.2	Sveitarfélagið Ölfus gerir athugasemdir við stefnu um mannvirkjabelti á miðhálandinu og bendir m.a. á að ekki er gert ráð fyrir mannvirkjabeltum á núverandi flutningsleiðum raforku á miðhálandinu. Einnig er bent á stefnu um endurheimt víðerna og áhrif þess á núverandi mannvirki.	Sveitarfélagið Ölfuss, dags. 19. nóv. 2012.
2.1.2 leiðir	Samorka gerir athugasemd við orðalag leiðar a) bls. 23. „Raunar er ákveðin mótsögn í texta hins nýja a-liðar því fyrri hluti hans segir að öll meiriháttar mannvirkjagerð á miðhálandinu einskorðist við mannvirkjabelti. Í kjölfarið kemur svo framangreindur texti um lágörkun byggingarstígs og framkvæmda. Samorka leggur því jafnframt til að á eftir orðinu „einskorðist“ verði t.d. bætt við orðunum „sem kostur er“ eða álíka, til að gætt verði að innra samræmi og ekki gefin fyrirheit sem gangi gegn leiðarljósi textans.“	Samorka, dags. 13. nóv. 2012.
2.1.2 leiðir	„Sú kvöð sem er ætluð sveitarfélögum um skilgreiningar hverfisverndar á grannsvæðum Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjósárvera er óásættanleg (bls. 23). Eðlilegt er að mörk þjóðgarðs séu jafnframt mörk þess svæðis sem vernduð verða ....“ Sjá nánar á <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Norðurþing, skipulags- og byggingarnefnd, dags. 16. nóv. 2012.
2.1.2 leiðir	Vegagerðin gerir athugasemd við leið d að orðalag þess er afar opið og matskennt og skapi því óvissu um stöðu svæða sem eru í nágrenni friðlýstra svæða „... Eðlilegra væri að gera ráð fyrir því að við afmörkun friðlýsts svæðis að því sé ætlað það rými að ekki skapist hætta á því að verndargildi þess rýni við framkvæmdir á aðliggjandi svæðum.“	Vegagerðin, dags. 19. nóv. 2012.
2.1.2 leiðir	Sveitarstjórn Bláskógabyggðar er samþykkt grundvelli aðferðarfræðinnar við skilgreiningu mannvirkjabelta í landsskipulagsstefnu en telur að taka þurfi af allan vafa um að gert sé ráð fyrir mannvirkjum á mannvirkjabeltum sem skilgreind voru í svæðisskipulagi s.s. byggðalínu úr Skaftártungu um Fjallabak nyrðra að Hrauneyjum og Sultatungalínu frá Sultatanga um afrétti Árnessýslu til Hvalfjarðar. Sjá nánar	Bláskógabyggð, dags. 15. nóv. 2012.

	<a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	
2.1.2 leiðir	„Sveitarstjórn Skútustaðahrepps mun láta reyna á það í endurskoðuðu aðalskipulagi sveitarfélagsins að hliðra afmörkun miðhálandislínunnar frá því sem hún er skilgreind í Svæðisskipulagi miðhálandisins 2015.“	Skútustaðahreppur, dags. 20. nóv. 2012.
2.1.2 leiðir	Skútustaðahreppur gerir athugasemd við leið d sem segir að grannsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjórsárvera njóti a.m.k. hverfisverndar. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Skútustaðahreppur, dags. 20. nóv. 2012.
2.1.2 Leiðir	Gerð er athugasemd við stefnu um verndun miðhálandisins, með hliðsjón af fjölgun ferðamanna. „Kveða þarf fastar að orði um nauðsyn þess að landsskipulagsstefnan og aðrar opinberar áætlanir muni tryggja verndun heilda á hálandinu miðað við áætlaða aukningu í komu erlendra ferðamanna (með allt að einni milljón ferðamönnum hér á landi árið 2020).“	Teiknistofan Eik, dags. 20. nóv. 2012.
2.1.2 leiðir	„Að sama skapi gerir skipulagsmálanefnd verulega athugasemd við áform um að gera sérstaklega ráð fyrir verndarsvæði í kringum verndarsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjórsárvera. Það má spyrja sig hvort þá skuli einnig gera ráð fyrir verndarsvæði frá Vatnajökli til sjávar í landsskipulagi og þá einnig aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Eðlilegt er að hvert verndarsvæði fyrir sig hafi það rými sem þörf er talin á og það sé skilgreint þegar svæðið er stofnað, frekar en að landsskipulagsstefna kveði á um stækkun slíkra svæða. Verður að telja vafasamt að fyrrgreint orðalag eigi sér lagastoð í 10. gr. skipulagslaga.“	Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. nóv. 2012.
2.1.2 leiðir	Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við orðalag í leið a. „Að mati Umhverfisstofnunar er hægt að skilja ofangreint markmið á fleiri en einn veg og því nauðsynlegt að skilgreina betur hvað átt er við með „lágu byggingarstigi og mannvirkjagerð í lágmarki“. Hér virðist gert ráð fyrir að hvert sveitarfélag fyrir sig geti skilgreint umfang og stærð bygginga, þar sem landsskipulag setur engar raunverulegar skorður við stærð þeirra og gerð.“	Umhverfisstofnun, dags. 21. nóv. 2012.
2.1.2 leiðir	Fí gerir athugasemd við lið b í „leiðir“ um stofnun landshlutasamtaka til stefnumörkunar um verndun verndarheilda og telur mikilvægt að stefnumörkunin nái að endurspeglast í aðalskipulagi sveitarfélaganna.	Ferðafélag Íslands, dags. 6. des. 2012

2.1.2 leiðir	Fí telur að hið opinbera þurfi að skilgreina betur hugtakið víðerni og vísar m.a. í umfjöllun í Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands.	Ferðafélag Íslands, dags. 6. des. 2012
2.1.2 leiðir	Fí bendir á í tengslum við lið f í „leiðir“ að endurskoða þurfi afmörkun miðhálandisins og að það hlutverk verði falið sveitarfélögunum við endurskoðun aðalskipulags.	Ferðafélag Íslands, dags. 6. des. 2012

Kafli nr.	Umsögn eða athugasemd	Aðili
2.1.3	Orkuveita Reykjavíkur telur að misræmis gæti í tillögunni hvað varðar forsendur stefnumörkunar og rökstuðning fyrir ákvarðanatöku varðandi náttúruvernd annars vegar og uppbyggingu og styrkingu flutningskerfis raforku hins vegar. Einnig telur OR umhugsunarvert að hægt sé að ganga lengra en staðfestar geiraáætlanir, en hins vegar sé ekki unnt að marka stefnu þar sem áætlanir séu ekki staðfestar. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Orkuveita Reykjavíkur, dags. 5. 11. 2012.
2.1.3	„Orkuveita Reykjavíkur lýsir áhyggjum af því hversu erfitt mun verða að færa virkjunarkosti úr biðflokki verndar- og nýtingaráætlunar og að svo virðist sem tillaga að landsskipulagsstefnu torveldi færslu úr biðflokki í nýtingarflokk enn frekar.“ Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Orkuveita Reykjavíkur, dags. 5. 11. 2012.
2.1.3	„... varhugavert að miða framsetningu landsskipulagsstefnu í svo ríkum mæli við óafgreitt endurflutt þingmál á Alþingi sem mikil óvissa ríkir um... Texti kaflans (á bls. 28) segir rétt að gera ráð fyrir tengingu virkjana sem nú er lagt til að verði í biðflokki rammaáætlunar. Að mati Samorku þyrfti hins vegar einnig að tiltaka þarna með skýrum hætti að óvissa ríki um rammaáætlun og að ekki sé hægt að útiloka að ráðist verði í orkukosti sem nú er í umræddu þingskjali raðað í verndarflokk – þvert gegn röðun verkefnisstjórnar um gerð rammaáætlunar.“	Samorka, dags. 13. nóv. 2012.

2.1.3	„Óásættanlegt er með öllu að landsskipulagsstefna taki mið af ósamþykkttri tillögu að rammaáætlun um vernd og orkunýtingu þar sem hún er í mótsögn við fyrirbyggjandi samþykktar skipulagsáætlanir...“.	Norðurþing, skipulags- og byggingarnefnd, dags. 16. nóv. 2012.
2.1.3	„Rammaáætlun sem ekki hefur verið samþykkt af Alþingi, fær of mikið vægi í tillögnum að landsskipulagsáætlun.“	Bláskógabyggð, dags. 15. nóv. 2012.
2.1.3	Samtökin setja m.a. fram kröfu um að engar virkjanir verði á miðhálandi Íslands og leggja til að raforkuflutningur verði utan miðhálandis Íslands. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands, dags. 19. nóv. 2012.
2.1.3	Landsvirkjun gerir athugasemd við stefnu um að virkjanakostir í biðflokki innan verndarheilda. „Óásættanlegt er að virkjanakostir í biðflokki séu afskrifaðir með því að skilgreina mögulegt virkjanasvæði sem verndarsvæði, eða innan verndarheilda.“ Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Landsvirkjun, dags. 20. nóv. 2012.
2.1.3	Landsvirkjun bendir á að það skorti á að fjallað sé um með hvaða hætti væri mögulegt að vinna að mannvirkjagerð á mannvirkjabeltum á þann hátt að slík röskun ylli sem minnstum umhverfisáhrifum.	Landsvirkjun, dags. 20. nóv. 2012.
2.1.3	„Búlandsvirkjun er á aðalskipulagi Skaftárhrepps sem umhverfisráðherra hefur staðfest. Nú mun, vegna fyrirhugaðra mannvirkja Búlandsvirkjunar sem liggja á mörkum hálandislínu, þurfa að breyta svæðisskipulagi miðhálandis. Suðurorka hefur áhyggjur af því að með landsskipulagsstefnu verði það gert erfiðara en ella að koma á slíkri breytingu. Reynsla Suðurorku af rammaáætlun og aðalskipulagsbreytingum veldur áhyggjum af því að stjórnskipuleg sjálfhelda geti komið upp. Það er að í rammaáætlun sé ætlast til að skipulagsmálin sé þegar afgreidd og í svæðisskipulaginu sé ætlast til að rammaáætlun sé þegar afgreidd. Í venjulegum kringumstæðum gerir maður ráð fyrir að reynt sé að forðast slíkt. En í ljósi framangreindrar reynslu af vinnubrögðum með málefni Búlandsvirkjunar þá óttast undirritaður að þeir innan stjórnsýslunnar sem telji virkjað nóg á Íslandi líti á það sem kost eða sigur ef hægt er að koma á slíkri sjálfheldu.“	Suðurorka, dags. 20. nóv. 2012.

2.1.3	Gerð er athugasemd við umfjöllun um biðflokka í verndar- og orkunýtingaráætlun. „Gera verður alvarlegar athugasemdir við að þarna sé reynt að koma nánast öllum mögulegum virkjanakostum á miðhálandinu inn á skilgreindar verndarheildir en ef sú er ekki ætlunin er greinilega þörf á að endurskoða orðalag hvað þetta varðar. ...Í lögum um verndar og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011, er ekki gert ráð fyrir því að sérstök verndarákvæði gildi um virkjanakosti í biðflokki samkvæmt rammaáætlun.“	Skaftárhreppur, dags. 3. nóv. 2012.
2.1.3	„Mikilvægt er að ef ráðist verður í byggingu háspennulínu yfir hálendið, verði hugað sérstaklega að staðsetningu og legu mannvirkja og fullt tillit tekið til þeirra náttúrufarslegu, huglægu og sjónrænu áhrifa sem slík framkvæmd kann að hafa í för með sér.“	Ferðamálastofa, dags. 15. okt. 2012.
2.1.3	„Samtökin ítreka að yfir 80% erlendra ferðamanna koma til landsins vegna náttúrunnar og möguleikans á að upplifa óspillta náttúru. SAF fagna því að í drögum að landsskipulagi sé gert ráð fyrir að meginflutningskerfi raforku eigi sér stað utan miðhálandisins þar sem slíkur flutningur hefði gríðarlega neikvæð áhrif á landslag og ímynd. Hugmyndir um virkjanir á Skrokköldusvæðinu og Hágöngusvæðinu eru fráleitar þar sem þær eru í jaðri verndarsvæða og munu mannvirki á þessu svæði koma í veg fyrir upplifun ferðamanna af víðernum og ósnortinni náttúru.“	Samtök ferðaþjónustunnar, dags. 19. nóv. 2012.
2.1.3	„Þá leggja Bændasamtökin áherslu á að eignarréttur bænda og landeigenda verði virtur, þ.m.t. nýtingarréttur lands og annarra hlunninda. Mikilvægt er að athafnafrelsi og umferðarréttur bænda verði ekki skertur og að allar tillögur í landsskipulagsstefnu taki mið af því. Með því að þvinga stórar raflínur niður í byggð með friðun miðhálandisins verður óhjákvæmilega gengið verulega á eignarrétt bænda og það er óásættanlegt. Auk þess kemur lagning slíkra raflína til með að takmarka nýtingarmöguleika þeirra jarða sem verða fyrir slíku raski.“	Bændasamtök Íslands, dags. 20. nóv. 2012.
2.1.3	Gerð er athugasemd við stefnu um orkuflutning á miðhálandinu. „Sjónmengun er mikil af háspennulínum og áhrifasvæði þeirra þar af leiðandi mikið. Með tilkomu nýrra háspennulína á láglendi þá hamlar þær frekari uppbyggingu útivistarsvæða, frístundabyggða og íbúðahúsa á stórum svæðum. Hagsmunir landeigenda er að fundin verði ásættanleg leið fyrir orkuflutning, þannig að þær skerði sem minnst athafnir landeiganda bæði í leik og starfi. Það er mat LLÍ að láglendið er ekki það landsvæði sem nýta á til hringtengingar raforkukerfisins. Hringtenging raforkukerfisins á að vera fjarri byggð eins og kostur er.“	Landssamtök landeigenda á Íslandi, dags. 20. nóv. 2012.

2.1.3	„Gerðar eru alvarlegar athugasemdir að virkjunarkostir sem lenda í biðflokki lendi sjálfkrafa innan verndarheilda skv. stefnuáætlunum en það hlýtur að takmarka möguleika sveitarfélaga á að gera ráð fyrir þeim virkjunarkostum í aðalskipulagi. Eitt af meginþáttum landskipulagsstefnu hlýtur að teljast hagkvæm nýting landkosta þar sem þó er tekið tillit til náttúruverndarsjónarmiða. Rannsóknunum á virkjunarkostum í biðflokki er væntanlega ætlað að skera úr um hvort virkjunarkostirnir verði metnir í verndar- eða nýtingarflokk.“	Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, dags. 20. nóv. 2012.
2.1.3	Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við stefnu um verndarheildir og samspil þeirra við virkjanakosti í biðflokki. „Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun falla í biðflokk verndar- og nýtingaráætlunar virkjanakostir sem talið er að þurfi frekari upplýsinga um svo meta megi á grundvelli sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. laganna hvort þeir eigi að falla í orkunýtingarflokk eða verndarflokk. Stjórnvöldum er því ekki heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu vegna virkjanakosta sem eru í biðflokki. Umhverfisstofnun telur að ekki sé hægt að fullyrða að þeir virkjanakostir sem falla í biðflokk samræmist stefnu landskipulagsstefnu um verndarheildir. Ekki verði hægt að taka afstöðu til þessa fyrr en aflað hefur verið nægilegra gagna til að meta þá virkjunarkosti sem umræðir.“	Umhverfisstofnun, dags. 21. nóv. 2012.
2.1.3	Sveitarfélagið Ölfus gerir athugasemdir við stefnu um orkunýtingu, samspil virkjanakosta í biðflokki og verndarheilda. Einnig er gerð athugasemdir við að tillagan sé grundvölluð á tillögu til þingsályktunar um verndar- og nýtingaráætlun sem ekki hefur verið afgreidd á Alþingi. Eðlilegra væri að taka mið af gildandi skipulagsáætlunum sveitarfélaga.	Sveitarfélagið Ölfuss, dags. 19. nóv. 2012.
2.1.3 Ágrip forsendna	Samorka ítrekar athugasemdir um Kerfisáætlun Landsnets. „Samorka ítrekar athugasemd samtakanna við umrætt atriði og minnr á að Landsnet ber ríkar skyldur í þessum efnum skv. raforkulögum. Þá vekur þessi afstaða athygli í ljósi framangreinds um stöðu ósamþykkrar rammaáætlunar í skjalinu, en þar er eingöngu á ferðinni endurflutt tillaga sem alls óvíst er að hljóti afgreiðslu á Alþingi.“	Samorka, dags. 13. nóv. 2012.
2.1.3 Ágrip forsendna	Landsvirkjun gerir athugasemdir við að ekki er tekið tilliti til Kerfisáætlunar Landsnets. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsveitvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsveitvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Landsvirkjun, dags. 20. nóv. 2012.

2.1.3 Ágrip forsendna	Landsnet gerir athugasemd við að ekki sé hægt að taka Kerfisáætlun Landsnets með beinum hætti inn í landsskipulagsstefnu þar sem hún sé ekki staðfest af stjórnvöldum. „Hins vegar er Kerfisáætlun að finna í upptalningu í töflu 1 á helstu stefnum og áætlunum opinberra aðila sem lagðar eru til grundvallar í tillögunni. Ekki er að finna nánari útskýringar á muninum á þessu tvennu. Kerfisáætlanir gefa mynd af flutningskerfinu og framtíðaruppbyggingu þess á grundvelli gefinna forsendna. ...Varðandi gildi og afgreiðslu kerfisáætlana er einnig bent á að í nýrri tilskipun Evrópusambandsins um raforkumál, nr. 2009/72, er að finna ítarlegri ákvæði um kerfisþróunaráætlanir flutningsfyrirtækja sem mun kalla á endurskoðun ákvæða raforkulaga um fyrirkomulag afgreiðslu kerfisáætlana.“ Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Landsnet, dags. 23. nóv. 2012.
2.1.3 Ágrip forsendna	Landsnet bendir á að tillagan tekur ekki fullt tillit til gildandi skipulagsáætlana. „Landsnet bendir á að tillagan tekur ekki tillit til svæðisskipulags miðhálandis og aðalskipulagsáætlana sveitarfélaga, sem eru í gildi og hafa verið staðfestar af ráðherra. Í þeim er bæði gert ráð fyrir flutningsvirkjum og eins framtíðar uppbyggingu flutningskerfisins eins og nánar er vikið að í köflum II og III í athugasemdum þessum.“ Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Landsnet, dags. 23. nóv. 2012.
2.1.3 Ágrip forsendna	Gerðar eru athugasemdir við mismunandi notkun á vægiseinkun í greinargerð og umhverfisskýrslu. Einnig er bent á mismunandi orðanotkun í greinargerð og umhverfisskýrslu. „Gerðar eru athugasemdir við röksemdir og forsendur fyrir mati á vægi umhverfisáhrifa flutningslína yfir hálandið. ...Bent er á að þessi vægiseinkun, „umtalsverð neikvæð áhrif“ er ekki rétt miðað við niðurstöður umhverfisskýrslu og aðferðafræðina, sem beitt er við skilgreiningu vægiseinkunn áhrifa, sbr. töflu 1. bls. 18 í umhverfisskýrslu. Bent er á umfjöllun í kafla 3.1.6 og 3.4 í greinargerð og kafla 5.4 í umhverfisskýrslu þar sem fram kemur að óvissa sé „um möguleg neikvæð áhrif vegna uppbyggingar í tengslum við orkuvinnslu, sérstaklega hvað varðar orkuflutning á landslag og ímynd.“ Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Landsnet, dags. 23. nóv. 2012.
2.1.3 Ágrip forsendna	„Fram kemur í forsendum um orkunýtingu (kafla 2.1.3, bl. 28) að „... þeir virkjunarkostir sem eru í biðflokki ... samræmast því stefnu landsskipulagsstefnu um verndarheildir“. Fram kemur (bls. 26) að „Aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaganna geri ráð fyrir að víðerni ... innan verndarheildanna þriggja verði ekki skert frá því umfangi sem það er við gildistöku landsskipulagsstefnu.“ Þegar þetta tvennt er lesið saman er hægt að draga þá ályktun að öll virkjanaáform sem lenda í biðflokki skuli verða innan verndarheilda landsskipulagsstefnu og þá innan skilgreindra víðerna, nema þau lendi fyrir tilviljun innan svokallaðra mannvirkjabelta t.d. vegna nálægðar við Sprengisandsveg. Hlýtur slíkt orðalag í landsskipulagsstefnu að torvela síðar að gera ráð fyrir þessum virkjunum á aðalskipulagi sveitarfélaga. Skipulagsmálanefnd gerir alvarlega athugasemd við að þarna sé reynt að koma nánast öllum mögulegum virkjunarkostum á miðhálandinu inn á skilgreindar verndar-heildir en ef sú er ekki ætlunin er greinileg	Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. nóv. 2012.

	þörf á að endurskoða orðalag hvað þetta varðar. Er sérstök ástæða til að fram komi í tillögunni að röðun virkjanakosta í biðflokk er tímabundin og sætir samkvæmt lögum endurskoðun. Þessi flokkun getur því ekki leitt til varanlegra breytinga á skilgreiningu þessara svæða í skipulagsáætlunum sveitarfélaga.“	
2.1.3	Gerðar eru athugasemdir við stefnu um orkunýtingu og orkuflutning. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Gunnar Njálsson, dags. 19. nóv. 2012.
2.1.3	Skútustaðahreppur gerir athugasemd við að tekin skuli mið af ósamþykktri tillögu til þingsályktunar að verndar- og nýtingaráætlun. „En að sama skapi eigi ekki að taka tillit til samþykktra svæðisskipulaga sveitarfélaganna sbr. Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, en þar hafa sveitarfélögin m.a. markað sína stefnu um orkunýtingu í Þingeyjarsýslum.“	Skútustaðahreppur, dags. 20. nóv. 2012.
2.1.3 markmið	Samorka leggur til að orðunum „að sem mestu leyti“ verði bætt við annað markmið um orkunýtingu og orkuflutning og það verði „Að orkunýting og mannvirki henni tengd séu að sem mestu leyti utan verndarheilda og gangi ekki á óbyggðir og víddir sem ferðamenn upplifa á miðhálandinu“. Einnig er lagt til að orðin „sem minnst“ komi í stað „ekki“ í þriðja markmiði og það verði „Að háspennulínur skerði sem minnst sérkenni miðhálandisins, svo sem hvað varðar ósnortin víðerni, lífríki, landslag og fágætar jarðmyndanir“.	Samorka, dags. 13. nóv. 2012.
2.1.3 markmið	Landsvirkjun gerir athugasemdir við orðalag í 2. og 3. mgr. kaflans um markmið. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Landsvirkjun, dags. 20. nóv. 2012.
2.1.3 leiðir	Samorka gerir athugasemd við d. lið. „Að því gefnu að slík áætlun hafi hins vegar hlotið samþykki getur slík skilgreining um takmörkun á landnotkun þó væntanlega eingöngu verið <i>tímabundin</i> , eða takmörkuð <i>að sinni</i> , á meðan uppi er óvissa um hvort viðkomandi svæði verði síðar raðað í nýtingar- eða verndarflokk.“	Samorka, dags. 13. nóv. 2012.
2.1.3 leiðir	„Í lögnum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011, er ekki gert ráð fyrir að sérstök verndarákvæði gildi um virkjunarkosti í biðflokki skv. Rammaáætlun. Í fyrirbyggjandi drögum að landsskipulagsstefnu er verið að taka skrefið lengra og þessi landsvæði skilgreind sem sérstakur landnýtingarflokkur sem ber að auðkenna sem varúðarsvæði og lenda innan verndarheilda. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar mótmælir þessari framsetningu sem gengur í raun lengra en lagalegar forsendur og skipulagsáætlanir sveitarfélaga gefa tilefni til.“	Bláskógabyggð, dags. 15. nóv. 2012.



2.1.3 leiðir	„Landsnet leggur áherslu á að engin rök eru til að fella Sprengisandslínu niður í landsskipulagsstefnu, á þeirri forsendu að eftir sé að marka stefnu um með hvaða hætti verði staðið að styrkingu raforkukerfisins. ...Hægt er að útfæra slíka tengingu með ýmsum hætti, sem eru til þess fallin að lágmarka umhverfisáhrif.“	Landsnet, dags. 23. nóv. 2012.
2.1.3. Eftirfylgni	„Í Eftirfylgni og viðmið bls. 26 og víðar er Ferðamálastofa ætlað að sjá um viðhorfskönnun fjórða hvert ár, til að kanna viðhorf ferðamanna, ferðaþjónustuaðila, landvarða og nytjarétthafa til náttúru og upplifunar. Ferðamálastofa fagnar því að taka þetta verkefni að sér, að því gefnu að stofnuninni verði tryggðir fjármunir til að annast það.“	Ferðamálastofa, dags. 15. okt. 2012.

Kafli nr.	Umsögn eða athugasemd	Aðili
2.1.4	„Landssamband Hestamannafélaga leggur ríka áherslu á að þær reiðleiðir sem sýndar eru í samþykktu Svæðisskipulagi Miðhálandisins verði hluti af Landsskipulagsstefnu 2013-2024.“	Landssamband Hestamannafélaga, dags. 14. nóv. 2012.
2.1.4	„Nefndin áréttar að heilsársvegir yfir miðhálandið geta orðið mikilvægar samgönguleiðir milli landshluta... Skoða þarf sérstaklega hvernig mögulegt er að stytta leiðir milli austurlands og vesturlands...Eðlilegt er að miða hönnun umferðarmannvirkja yfir miðhálandið við að umferð um þá sé sem tryggust allt árið.“	Norðurþing, skipulags- og byggingarnefnd, dags. 16. nóv. 2012.
2.1.4	Samtökin leggja ríka áherslu á að ekki verði uppbyggðir vegir á miðhálandi Íslands. Einnig er lagt til að „Ferðamannastraumi verði beint að Kjalvegi og Sprengisandsleið líkt og nefnt er í landsskipulagsstefnu. Hinsvegar verði skýrt tekið fram að þeir vegir verði ekki uppbyggðir og að aðrir hlutar vegakerfisins verði ekki uppbyggðir.“ Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands, dags. 19. nóv. 2012.
2.1.4	„Samtökin ítreka þá kröfu að horfið verði frá fyrirhuguðum mannvirkjabeltum sem gróflega eru skilgreind í landsskipulagsstefnu. Þess í stað verði allri meiriháttar uppbyggingu beint í utanverðan jaðar hálandisins, þó e.t.v. megi skoða uppbyggingu minni gönguskála til að styrkja gönguleiðir.“ Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands, dags. 19. nóv. 2012.

2.1.4	Gerðar eru athugasemdir við stefnu um samgöngur, ferðaþjónustu og almannarétt. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Gunnar Njálsson, dags. 19. nóv. 2012.
2.1.4	Innanríkisráðuneytið gerir athugasemd við hvernig gerð er grein fyrir stofnvegum í landsskipulagsstefnu. „Tekið hefur verið tillit til margra athugasemda innanríkisráðuneytis á fyrri stigum, þó vantar að gera betur grein fyrir stofnvegum hálendisins, sérstaklega Fjallabaksleið sem er óumflýjanleg öryggisleið um Suðurland og þarf því að gera skil. Þá er Kaldadal hvergi getið en sú leið er einnig stofnvegur.“	Innanríkisráðuneytið, dags. 20. nóv. 2012.
2.1.4	„Samtökin benda á að miðhálandið er víðfeðmt og getur tekið á móti mun fleiri ferðamönnum en koma þangað í dag með skipulagi og þróun nýrra leiða og með uppbyggingu viðkomustaða. Samtökin fagna því að almannarétturinn skuli hafður í heiðri bæði fyrir einstaklinga og hópa, hvort sem er á eigin vegum eða í atvinnurekstri. Bent er á að lög um náttúruvernd hafa ekki verið lögð fram á Alþingi og því erfitt að skilgreina almannarétt eða gera nánari athugasemd við þennan lið að svo stöddu.“	Samtök ferðaþjónustunnar, dags. 19. nóv. 2012.
2.1.4	„Varðandi vegamál og stýringu umferðar á miðhálandinu er það álit LLÍ að tillagan sé of einhliða varðandi það að raska ekki víðernum og verndarheildum. Mikilvægt er að landsskipulagsstefna endurspegli fleiri þætti og má í því sambandi nefna að vegir gegna mikilvægu öryggishlutverki, t.d. þegar bregðast þarf við náttúruvá. Af hálfu LLÍ er lögð áhersla á að markmið landsskipulagstefnu er ekki að leggja til að öll umsvif verði bönnuð á tilteknum landsvæðum, svo sem á miðhálandinu, heldur miklu fremur að tryggja sjálfbæra nýtingu, vernd landgæða og heildarsýn við stefnumótun ríkis og sveitarfélaga.“	Landssamtök landeigenda á Íslandi, dags. 20. nóv. 2012.
2.1.4	„Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hafa ályktað um að gerður verði heilsársvegur um Kjalveg. Ekki verður séð að varanlegur vegur um þá leið skaði hálendið eða víðerni þess umfram það sem nú er. Eðlilegt verður einnig að teljast að allur almenningur hafi aðgang að hálendinu því ekki komast allir um á tveimur jafnfljótum. Núverandi vegakerfi á hálendinu fullnægir engan veginn þeim kröfum sem gerðar eru vegna akandi umferðar.“	Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, dags. 20. nóv. 2012.

2.1.4	<p>„Varðandi vegamál og stýringu umferðar á miðhálandinu er það álit skipulagsmálanefndar að áherslan í tillögunni sé of einhliða á að raska ekki víðernum og verndarheildum. Mikilvægt er að landsskipulagsstefna endurspegli fleiri þætti og má í því sambandi nefna að vegir gegna mikilvægu öryggishlutverki, t.d. þegar bregðast þarf við náttúruvá. Einnig minnir skipulagsmálanefnd á að landshlutasamtök sveitarfélaga hafa í einhverjum tilvikum ályktað um að þau telji gerð heilsársvega yfir hálandið mikilvæga. Væntir nefndin þess að slíkar áherslur komi nánar fram í umsögnum sveitarfélaga og landshlutasamtaka. Af hálfu sambandsins er lögð áhersla á að markmið landsskipulagsstefnu er ekki að leggja til að öll umsvif verði bönnuð á tilteknum landsvæðum, svo sem á miðhálandinu, heldur miklu fremur að tryggja sjálfbæra nýtingu, vernd landgæða og heildarsýn við stefnumótun ríkis og sveitarfélaga.“</p>	Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. nóv. 2012.
2.1.4	<p>„Að álit skipulagsmálanefndar verður landsskipulagsstefnan að veita sveitarfélögum nægilegt svigrúm til að heimila markvissa uppbyggingu til að bregðast við álagi á hálandinu en nefndin er sammála þeirri meginstefnu að slík uppbygging skuli eiga sér stað í jaðri miðhálandisins eða á mannvirkjabeltum. Uppbygging þarf m.a. að taka mið af því að hægt sé að sinna eftirliti, öryggismálum og þjónustu við ferðafólk. Jafnframt þarf að tryggja að mannvirki séu vönduð og falli vel að landslagi.“</p>	Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. nóv. 2012.
2.1.4	<p>Sveitarstjórn Bláskógabyggðar mótmælir þeirri stefnumörkun sem kemur fram í tillögu að landsskipulagsstefnu um samgöngur. „Eins og tillaga að landsskipulagsstefnu er orðuð, þá er ekki gert ráð fyrir heilsársvegi yfir hálandið og mótmælir sveitarstjórn Bláskógabyggðar þeirri tillögu að stefnumörkun.“</p>	Bláskógabyggð, dags. 15. nóv. 2012.
2.1.4	<p>„Samtökin eru mótfallin því að uppbygging á miðstöðvum ferðamanna skuli einungis miðast við jaðarsvæði. Samtökin skilja nauðsyn þess að beina uppbyggingu á stærri þjónustukjörnum að jaðarsvæðum en mikilvægt er huga að þeim möguleikum sem til staðar eru innan miðhálandisins hvað varðar ferðaleiðir. Laugavegurinn frá Landmannalaugum í Þórsmörk hefur verið vinsæl leið á meðal ferðamanna og er nú orðin þétt setin. Nauðsynlegt er að þróa og stika nýjar gönguleiðir á miðhálandinu ásamt uppbyggingu á gístiaðstöðu með það að markmiði að dreifa álagi og vernda vistkerfi og vistgerðir ákveðinna svæða. Samtök ferðaðþjónustunnar vilja árétta mikilvægi skipulags fyrir landið í heild og telja að það þurfi að koma skýrt fram í landsskipulagi að þróun og hönnun mannvirkja falli sem best að svipmóti lands og náttúru.“</p>	Samtök ferðaðþjónustunnar, dags. 19. nóv. 2012.

2.1.4	Skútustaðahreppur gerir athugasemdir við að mörkuð sé stefna um að Kjalvegur og Sprengisandsvegur verði fyrst og fremst til sumarnota. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Skútustaðahreppur, dags. 20. nóv. 2012.
2.1.4	Skaftárhreppur gerir athugasemdir við stefnu um samgöngur, ferðaþjónustu og almannarétt. Komið er inn á skilgreiningu á þölmörkum, hálendisvegi, endurskoðun stefnu um skála/skálavæði og rætt um samvinnu sveitarfélaga á grundvelli svæðisskipulags.	Skaftárhreppur, dags. 3. nóv. 2012.
2.1.4	Sveitarfélagið Ölfus telur mikilvægt að Kaldidalur sé skilgreindur sem einn af helstu tengivegum milli Suðurlands og Vesturlands. Einnig er bent á að endurskoða þurfi stefnu um staðsetningu skála eða skálavæða. Bent er á að eðlilegt sé að sveitarfélögin taki sig saman um skipulag samliggjandi svæða á grundvelli 21. gr. skipulagslaga.	Sveitarfélagið Ölfus, 19. nóv. 2012.
2.1.4	„Engin umræða er um mikilvægi fornleifa, eins og t.d. útilegumannaminja eða fornra leiða, þjóðsagna þeim tengdum og annars sagnaarfs fyrir ímynd hálendisins eða nýtingu og varðveislu minja í tengslum við ferðaþjónustu.“	Fornleifavernd ríkisins, dags. 30. nóv. 2012.
2.1.4 Ágrip forsendna	Vegagerðin gerir athugasemdir við orðalag í ágripri forsendna m.a. að „...gæta þurfi þess að öll uppbygging á ferðamannastöðum og vegum verði í samræmi við gæði svæðisins, allt í senn fábrotin, látlaus og frumstæð.“ Vegagerðin telur ástæðu til að benda á að þessi stefnumörkun er til þess fallin að draga úr möguleikum þjóðarinnar til að uppfylla kröfur 866/2011 um öryggisstjórnun vegmannvirkja.	Vegagerðin, dags. 19. nóv. 2012.
2.1.4 Ágrip forsendna	Ferðamálastofa gerir athugasemd við lýsingu á uppbyggingu ferðamannastaða á bls. 27. Ferðamálastofa getur fallist á að uppbygging sé fábrotin og látlaus eins og þar kemur fram, en fellst hins vegar er ekki á að hún sé frumstæð.	Ferðamálastofa, dags. 15. okt. 2012.
2.1.4 Markmið	„Vegagerðin tekur ekki afstöðu til þess hvort stofnvegir á hálendinu eiga að vera heilsársvegir eða ekki. Eðlilegt er að stefnumótun um gerð og hlutverk vega fari fram í samgönguáætlun.“	Vegagerðin, dags. 19. nóv. 2012.
2.1.4 Markmið	Umhverfisstofnun gerir athugasemd við markmið. „Í umfjöllun um markmið kemur fram: „Uppbygging samgangna og þjónustu stuðli að hreyfanleika og jafnræði ferðamáta, án þess að ganga á óbyggðir og víddir sem ferðamenn upplifa á miðhálendinu.“ Umhverfisstofnun vekur athygli á því að jafnræði í ferðamáta getur ekki orðið þar sem vegir fyrir vélknúin farartæki hljóta að hlíta takmörkunum sem gönguleiðir falla ekki undir.“	Umhverfisstofnun, 21. nóv. 2012.

2.1.4 leiðir	„Skipulagsnefnd leggur áherslu á að í landsskipulagsstefnu 2013-2024 verði gert ráð fyrir heilsárs stofnvegum um miðhálandið en að öðru leyti er tekið undir athugasemdir Sambands ísl. Sveitarfélaga.“	Akureyri, skipulagsnefnd, dags. 16. nóv. 2012.
2.1.4 leiðir	„Vegagerðin leggur til að stofnvegir á hálandinu verði ekki flokkaðir í tvo flokka með mismunandi vægi.“	Vegagerðin, dags. 19. nóv. 2012.
2.1.4 leiðir	Vegagerðin tekur fram í tengslum við leið c. að af öryggisástæðum er ekki æskilegt að beina umferð hjólreiðamanna á almenna þjóðvegi, hvorki á hálandinu né í byggð.	Vegagerðin, dags. 19. nóv. 2012.
2.1.4 leiðir	Gerð er athugasemd við stefnu um verndun miðhálandisins, með hliðsjón af fjölgun ferðamanna. Jafnframt er bent á að setja mætti fram hugmynd um að dreifa ferðamönnum betur um landið. „Kveða þarf fastar að orði um nauðsyn þess að landsskipulagsstefnan og aðrar opinberar áætlanir muni tryggja verndun heilda á hálandinu miðað við áætlaða aukningu í komu erlendra ferðamanna (með allt að einni milljón ferðamönnum hér á landi árið 2020)... Setja mætti fram hugmynd um að dreifa ferðamönnum betur um landið. Þannig mætti létta á auknum þrýstingi á skilgreindum verndarsvæðum (heildum) á hálandinu vegna fjölgunar ferðamanna. Vestfirðir eru jarðfræðilega ólíkir hálandinu en eru þó dæmi um svæði sem hafa ákveðin einkenni sem menn sækjast í á hálandinu, þ.e. fámenni, víðerni og lítt snortna náttúru.“	Teiknistofan Eik, dags. 20. nóv. 2012.
2.1.4 leiðir	Gerð er athugasemd við leið b. „Landsskipulagsstefnan gerir ráð fyrir (bls. 29) að þolmörk og mörk ásættanlegra breytinga á viðkvæmum svæðum sem fjölsótt eru af ferðamönnum verði skilgreind í aðalskipulagsáætlunum. Spyrja má hvort sveitarfélögin hafi bolmagn til að ráðast í slíka vinnu að óbreyttu. E.t.v. væri sanngjarnt að fjármunir kæmu frá atvinnugreininni sjálfri í gegnum einhvers konar gjaldtöku eða þann skatt sem greiddur er innan greinarinnar. Frestun verkefna sveitarfélaga eða útvíkkun tekjuramma opinberra aðila er ekki ákjósanleg. Spyrja má hvort ekki sé eðlilegra að ríkið sjái til þess að grunnvinna sem þessi fari fram og að sveitarfélögin komi að stefnumörkun í sínum skipulagsáætlunum og jafnvel í gegnum aðrar opinberar áætlanir. Að sama skapi verður að tryggja með eftirfylgni að sveitarfélögin marki sér stefnu um verndum hálandisins í sínum aðalskipulagsáætlunum, óháð bolmagni þeirra.“	Teiknistofan Eik, dags. 20. nóv. 2012.
2.1.4 leiðir	„Ferðamálastofa fagnar að fjallað sé um að jafnræði verði tryggt milli mismunandi ferðamáta og að sérstaklega skuli hugað að notkun sjálfbærra samgangna. Þá tekur Ferðamálastofa undir lið f. bls. 29 ... Hér þarf einnig að huga að flugumferð og þá sérstaklega hvað varðar útsýnisflug í litlum flugvélum og þyrlum.“	Ferðamálastofa, dags. 15. okt. 2012.

2.1.4 Leiðir	Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við leið c. „Að mati Umhverfisstofnunar kallar það á miklar framkvæmdir við vegalagningu að hönnunarhraði verði samfelldur á löngum köflum og slík krafa mun gera það að verkum að aðlögun að landi við vegagerð verður að víkja fyrir hönnunarkröfum. Að mati Umhverfisstofnunar á krafan um samfelldan hönnunarhraða á löngum vegköflum ekki við um vegi á miðhálandinu.“	Umhverfisstofnun, 21. nóv. 2012.
2.1.4 Leiðir	Umhverfisstofnun gerir athugasemd við leið f. „Umhverfisstofnun telur augljóst að það verði vandkvæðum háð að skilgreina kyrrlát svæði ef vélknúnum ökutækjum er tryggður aðgangur að fjölbreyttum svæðum. Umhverfisstofnun bendir á að fram er komið frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum. Í ofangreindu frumvarpi kemur fram að: „Umhverfisráðherra skal í reglugerð kveða á um gerð kortagrunns þar sem merktir skuli vegir og vegslóðar sem heimilt er að aka vélknúnum ökutækjum.“ Að mati Umhverfisstofnunar gæti slíkur kortagrunnur stuðlað að sátt milli mismunandi ferðamáta.“	Umhverfisstofnun, 21. nóv. 2012.
2.1.4 leiðir	„Skipulagsmálanefnd leggur til að b-liður á bls. 32 í tillögunni falli brott, með vísan til þess að mat á þolmörkum svæða ætti að vera þáttur í mótun stefnu um ferðamennsku skv. e-lið á sömu blaðsíðu. Skipulagsmálanefnd veur hins vegar athygli á því að það kallar á verulega aukið fjármagn að grípa til nauðsynlegra verndaraðgerða og byggja jafnframt upp nauðsynlega þjónustu til að mæta auknum straumi ferðamanna á þessi svæði.“	Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. nóv. 2012.
2.1.4 leiðir	Fí kallar eftir að hugtakið „þolmörk“ verði skilgreint. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Ferðafélag Íslands, dags. 6. des. 2012.
2.1.4 leiðir	Fí er ósammála því að miða við sömu stefnu um hálandismiðstöðvar og kemur fram í svæðisskipulagi miðhálandis og tekur að endurskilgreina þurfit hluta þeirra miðstöðva í ljósi reynslunnar og breyttrar ferðamennsku.	Ferðafélag Íslands, dags. 6. des. 2012.
2.1.4 Eftirfylgni	Vegagerðin bendir á að það muni á engan hátt bæta og auðvelda stjórnáætlun að umhverfisráðuneytið komi að skilgreiningu og útfærslu vega auk Vegagerðarinnar og innanríkisráðuneytisins.	Vegagerðin, dags. 19. nóv. 2012.
2.1.4 Eftirfylgni	Gerð er athugasemd við að ekki sé að finna eftirfylgni og viðmið sem snúa að hjólreiðarfólkinu eða samgöngumáta ferðafólks almennt. Gerð er tillaga um breytingar. „Í könnun Ferðamálastofu mætti bæta við spurningar um ferðamáta ferðamanna .... hafa t.d. í fjórða (síðasta) liði „Skilgreining vega og stíga, þ.m.t. hjólreiðarstígar og útfærsla í aðalskipulagi“ í staðinn fyrir „Skilgreining vega og útfærsla í aðalskipulagi“.“	Landssamtök hjólreiðamanna, dags. 18. nóv. 2012.

2.1.4 Eftirfylgni	„Í Eftirfylgni og viðmið bls. 26 og víðar er Ferðamálastofu ætlað að sjá um viðhorfskönnun fjórða hvert ár, til að kanna viðhorf ferðamanna, ferðaþjónustuaðila, landvarða og nytjaréttihafa til náttúru og upplifunar. Ferðamálastofa fagnar því að taka þetta verkefni að sér, að því gefnu að stofnuninni verði tryggðir fjármunir til að annast það.“	Ferðamálastofa, dags. 15. okt. 2012.
-------------------	---	--------------------------------------

Kafli nr.	Umsögn eða athugasemd	Aðili
2.1.5	Samtökin taka undir að beitarmálum skuli háttað þannig að þau dragi úr jarðvegsrofi og að landgræðslusvæði skuli skilgreind í aðalskipulagi sveitarstjórna. Samtökin leggja til að: <ul style="list-style-type: none"> <li>„Að stefna varðandi beitarmál verði unnin í samræmi við vísindalegar rannsóknir og mat á ástandi lands og tilmæli vísindamanna.</li> <li>Að landsskipulagsstefna kveði skýrt á um að svæði á hálendi Íslands sem ekki eru talin þola beit verði beitarfrí þar til gróður og jarðvegur hefur náð sér að nýju.“</li> </ul>	Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands, dags. 19. nóv. 2012.
2.1.5	Gerðar eru athugasemdir við stefnu um beitarmál og andgræðslu og m.a. er lagt til að öll beit á miðhálandinu verði bönnuð. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Gunnar Njálsson, dags. 19. nóv. 2012.
2.1.5	Sveitarfélagið Ölfus gerir athugasemdir við stefnu um beitarmál og telur að almennt ætti að vísa þessum málum beint sveitarfélaga og Landgræðslu ríkisins.	Sveitarfélagið Ölfus, dags. 19. 2012.
2.1.5 markmið	„Landgræðsla ríkisins fagnar því að í kafla 2.1.5 Beitarmál og landgræðsla, eru sett fram markmið sem eru í samræmi við markmið og stefnu Landgræðslu ríkisins.“	Landgræðsla ríkisins, dags. 19. nóv. 2012.

2.1.5 leiðir	Landgræðsla ríkisins gerir tillögu um breytingu á leið a. „Setningin hljómaði þá: <i>Í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga komi fram skilmálar fyrir beitarsvæði í samráði við bændur og Landgræðslu ríkisins. Þar verði rökstutt að leyfilegt beitarálag sé í samræmi við ástand vistkerfa og markmið um að styrkja vistkerfi og draga úr jarðvegseyðingu.</i> “	Landgræðsla ríkisins, dags. 19. nóv. 2012.
--------------	---	--

Kafli nr.	Umsögn eða athugasemd	Aðili
2.2	Í athugasemdum Hafnafjarðarbæjar er m.a. tekið undir þær áherslur sem fram koma varðandi umhverfismál, sjálfbærar samgöngur, félagslega og efnahagslega þætti, sem eru í allflestum atriðum samhljóða stefnumörkun sem fram kemur í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Hafnafjarðarbær, Skipulags- og byggingarráð, dags. 17. 09. 2012.
2.2	Orkuveita Reykjavíkur tekur sérstaklega undir það sem fram kemur á bls. 65 í umhverfisskýrslu um að tillagan sé „líkleg til að bæta yfirsýn yfir vatnsvernd og álagspunkta tengda byggð og hafa með því jákvæð áhrif á vatn.“	Orkuveita Reykjavíkur, dags. 5. 11. 2012.
2.2	Reykjavíkurborg tekur undir leiðarljós og megin markmið sem koma fram í landsskipulagsstefnunni varðandi búsetumynstur og dreifingu byggðar.	Reykjavíkurborg, 8. nóv. 2012.
2.2	„Skipulagsnefnd Norðurþings telur að litið sé framhjá þeim jákvæðu hliðum sem dreifing íbúðarbyggðar vissulega hefur. Heimilun á uppbyggingu íbúða í dreifbýli sem ekki tengjast beint landbúnaði og tilkoma s.k. búgarðabyggðar er líkleg til að styðja við landbúnaðarbyggðir með hækkun þjónustustigi.“	Norðurþing, skipulags- og byggingarnefnd, dags. 16. nóv. 2012.
2.2	„Sveitarstjórn Bláskógabyggðar mótmælir því að í landsskipulagsstefnu skuli vera rætt um íbúabyggð í dreifbýli sem ósjálfbæra. Í stefnunni er settar slíkar alhæfingar fram, án rökstuðnings sem heldur.“ Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Bláskógabyggð, dags. 15. nóv. 2012.



2.2	„Í greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála kemur fram að stefna sveitarfélaga varðandi uppbyggingu íbúðar- og frístundabyggðar í dreifbýli hefur leitt til dreifingar búsetu. Hér er þörf stefnubreytingar, því slík stefna er ekki sjálfbær, m.a. m.t.t. landnotkunar, samgangna og útblásturs gróðurhúsalofttegunda. Nokkuð er tekið á þessu í landsskipulagsstefnu og er það vel.“	Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands, dags. 19. nóv. 2012.
2.2	Tekið er undir orð sambandsins um búgarðabyggð og neikvæð sjónarmið gagnvart búsetu í dreifbýli án tengsla við búskap. „Sveitarfélagið tekur undir þau orð sambandsins að fjölgun eyðibýla og fækkun jarða þar sem stundaður er hefðbundin landbúnaður er líklega meira áhyggjuefni en tilkoma búgarðabyggða....Enn fremur vill sveitarfélagið taka undir orð Sambands íslenskra sveitarfélaga að við gerð tillögu að landsskipulagsstefnunnar hafi ítrekað komið fram mjög neikvæð sjónarmið í garð þess stækkandi hóps sem kys að búa í dreifbýli án þess að hafa viðurværi af landbúnaði.“	Skorradalshreppur, 20. nóv. 2012.
2.2	„Þá segir í kafla 1.2.2 Búsetumynstur og dreifing byggða: <i>Búsetumynstur og dreifing byggðar er önnur áhersla landsskipulagsstefnu 2013-2024 samkvæmt bréfi umhverfisráðherra. Til að afmarka stefnumörkunina er fyrst og fremst horft til dreifingar heilsárs- og frístundabúsetu utan þéttbýlis ...</i> . Í ljósi ofanritaðs telur Veðurstofan að mikilvægt sé að sem flestir þættir sem kunna að hafa áhrif á búsetu og skipulag komi í stefnunni og tekið sé mið af sérkennum þeirra.“ Meðfylgjandi eru yfirlitsmyndir sem skýra viðfangsefnið betur fyrir almenningi. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Veðurstofa Íslands, dags, 21. nóv. 2012.

2.2	<p>Vistbyggðarráð telur æskilegt að við endurskoðun landsskipulagsstefnu verði fjallað um búsetumynstur í þéttbýli. Vistbyggðarráð hefði viljað ganga heldur lengra og leggur áherslu á gott samráð við sveitarfélögin og telur æskilegt að unnið verði nánar í skilgreiningum og rannsóknum. „Því væri æskilegt að hefja nú þegar vinnu við undirbúning endurskoðunar á landsskipulagsstefnu, þar sem áhersla væri lögð á nákvæmari útfærslu á byggðaþróun í þéttbýli, en gera má ráð fyrir að mörg sveitafélög endurskoði aðalskipulag á ný í kjölfar næstu kosninga til sveitarstjórna, vorið 2014. ... Það er þó mat VBR að æskilegt hefði verið að ganga talsvert lengra í þessu fyrsta skrefi þar sem Landsskipulag hefur ekki áður verið unnið á Íslandi og því afar mikilvægt að það virki strax í upphafi sem virkt stjórnæki þar sem settar eru fram leiðbeiningar og tillögur um hvernig framfylgja megi stefnumiðum á landsvísu. Slík tillaga hefði þó tekið mun lengri tíma í vinnslu. Mikilvægt er að vinna nánari útfærslu stefnu í góðu samráði við sveitarfélög svo hún endurspeglir í skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Víða er farið að vinna að vistvænu skipulagi en æskilegt er að unnið verði að nánari að skilgreiningum og rannsóknum á hagkvæmni þess að draga úr dreifingu byggðar út frá bæði umhverfis- efnahags- og samfélagslegu sjónarmiði, ekki aðeins í dreifbýli heldur einnig innan þéttbýlismarkna.“</p>	Vistbyggðarráð, dags. 20. nóv. 2012.
2.2	<p>Skipulags- og byggingarnefnd uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps fjallar um tillögu að stefnu um búsetumynstur og telur umfjöllunina í kaflanum of neikvæða gagnvart búsetuþróun í dreifbýli. Fram að þessu hafi ekki verið litið á íbúafjölgun sem vandamál og m.a. þess vegna hafi sveitarfélög ekki verið neikvæð út í svokallaða búgarðabyggð. Spurt er hvort það sé endilega óhagkvæmt og ósjálfbært fyrir sveitarfélögin að þjónusta fleiri íbúa í sveitinni.</p>	Skipulags- og byggingarnefnd uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps, dags. 20. nóv. 2012.
2.2	<p>Samhljóða umsógn skipulags- og byggingarnefnd uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps sbr. hér að ofan.</p>	Grímsnes- og Grafningshreppur, dags. 23. nóv. 2012.
2.2	<p>„Undanfarið hefur verið að ryðja sér til rúms að skipulag sé unnið út frá heildarsýn á náttúrufer og landsgæði viðkomandi sveitarfélags, svokallaðri vistkerfisnálgun. Ef skipulagt er með hliðsjón af vistkerfinu er eðlilegt að vinna skipulagið út frá vatnasvæðum. Það er æskilegt að landsskipulagsstefna taki tillit til vistkerfisins og sé unnin í samhengi við það.“</p>	Sigríður Kristjánsdóttir, dags. 20. nóv. 2012.

2.2	Samtök ferðapjónustunnar telja að byggðapróun á láglandi sé ekki síður mikilvæg en á hálendi og benda á að ferðamenn njóti náttúru landsins á láglandi í jafnríkum mæli og á hálendinu. Samtökin fagna því að ferðapjónustan sé talin eitt af lykilatriðum í þróun búsetumynsturs enda sé uppbygging ferðapjónustu eitt af markmiðum strjálbyggðra svæða í flestum löndum Evrópu. Samtökin telja mikilvægt að horfa til hönnunar við skipulag búsetumynsturs með það að markmiði að mannvirki falli vel að svipmóti lands og náttúru, þetta byggðakjarna eins mikið og unnt er og tryggja samgöngur með ferðamenn á milli svæða og innan svæða.	Samtök ferðapjónustunnar, dags. 19. nóv. 2012.
2.2	„...ekkert er vikið að húsvernd í kafla 2.2.2 Uppbygging og verndun eða í köflum 3.2.2 Samfélag og byggð og 3.2.3 Landslag og ímynd, þar sem m.a. er rætt um jákvæð áhrif og ímynd, þrátt fyrir að ljóst sé talið að heilstætt menningarlandslag og vel haldinn byggingararfur gefi sérstaklega góða ímynd, auðgi tilveru okkar og verði ekki metin til fjár, sbr. Menningarstefnu í Mannvirkjagerð...“.	Húsafriðunarnefnd, dags. 20. nóv. 2012.
2.2	„Í vinnuferlinu hefur sambandið ítrekað gagnrýnt að af hálfu Skipulagsstofnunar hafi komið fram of einhliða afstaða gegn ákveðnum búsetumynstrum. Að áliti skipulagsmálanefndar er fjölgun eyðibýla og fækkun jarða þar sem stundaður er landbúnaður líklega meira áhyggjuefni en tilkoma búgarðabyggða. Hefði þessi valkostur ekki komið til sögunnar er til dæmis ekki ólíklegt að einhver hluti þess hóps sem kys þetta búsetuform hefði séð sig knúinn til þess að kaupa í staðinn heilu bújarðirnar, án þess að stunda þar búskap. Það er því alls ekki hægt að útiloka að jákvæð áhrif þessarar þróunar séu tölverð, út frá sjónarmiðum um sjálfbæra þróun, matvælaöryggi og hagkvæma nýtingu landbúnaðarsvæða. Nefndin bendir einnig á að við gerð tillögunnar hafa ítrekað komið fram mjög neikvæð sjónarmið í garð þess stækkandi hóps sem kys að búa í dreifbýli án þess að hafa viðurværi af landbúnaði. Að áliti skipulagsmálanefndar ber að varast alhæfingar um að slík búseta sé ósjálfbær, til þess skortir einfaldlega vandaðri rannsóknir á áhrifum þessa búsetumynsturs.“	Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. nóv. 2012.
2.2	Umhverfisstofnun telur að skilgreina verði betur hugtakið menningarlandslag.	Umhverfisstofnun, dags. 21. nóv. 2012.

2.2	„Nefndin telur það mjög jákvætt að leitast er við að samræma betur stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um nýtingu lands og landgæða og tryggja þannig heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana. Sérstaklega er tekið undir það að þörf er á því að skil milli þéttbýlis og dreifbýlis verði skýrari. Þannig þarf að gæta þess að ekki verði gengið á verðmætt landbúnaðarsvæði heldur verði þau varðveitt og eflað eftir föngum.“	Mosfellsbær, dags. 28. nóv. 2012.
2.2.1	Skipulags- og byggingaráð Hafnafjarðar tekur undir þær áherslur sem koma fram í leiðarljósum.	Hafnafjarðarbær, Skipulags- og byggingarráð, dags. 17. 09. 2012.
2.2.1	Reykjavíkurborg tekur undir leiðarljós „Skipulag byggðar styður við fjölbreyttan ferðamáta og greiðar og öruggar samgöngur og góð tengsl eru á milli íbúða, atvinnusvæða og náttúrusvæða....“	Reykjavíkurborg, 8. nóv. 2012.
2.2.1	„Almennt er tekið undir leiðarljós í þessum kafla, ekki síst það að fólk hafi greiðan aðgang að náttúruverndarsvæðum í sínu daglega umhverfi og að verðmætt landbúnaðarland verði flokkað eftir jarðgæðum til ræktunar og tekið frá til framtíðarnota (bls. 36). Þetta er mikilvægt að gera til að tryggja betur fæðuöryggi í framtíðinni. Þá eru þau markmið jákvæð sem eiga að stuðla að þéttingu byggðar og vistvænum ferðamátum og virðast haldast ágætlega í hendur við nokkrar þeirra leiða sem lagðar eru til svo draga megi úr dreifingu byggðar, tryggja sem stýstar ferðaleiðir og auka veg almenningsgangna (bls. 38-40)“.	Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands, dags. 19. nóv. 2012.
2.2.1	Veðurstofa Íslands gerir athugasemd við leiðarljós og leggur til að náttúruvá verði nefnd sérstaklega. „Í kafla 2.2.1 Leiðarljós ætti að nefna náttúruvá sérstaklega og að byggð sé í sátt og samræmi við náttúrfar almennt á svæðinu.“	Veðurstofa Íslands, dags. 21. nóv. 2012.
2.2.1	„Í kafla um búsetumynstur er nefnt að byggðin ætti að þéttast sem þjónar hagsmunum hjólréiðarfólks. Viðbót „eins og staðhættir leyfa“ er óþarfi.“	Landssamtök hjólréiðamanna, dags. 18. nóv. 2012.

Kafli nr.	Umsögn eða athugasemd	Aðili
2.2.2	Skipulags- og byggingaráð Hafnafjarðar tekur undir þær áherslur sem koma fram í markmiðum og þeim leiðum sem þar eru lagðar til.	Hafnafjarðarbær, Skipulags- og byggingarráð, dags. 17. 09. 2012.
2.2.2	Orkuveita Reykjavíkur tekur undir þá áherslu sem í tillögunni er lögð á að þetta byggð og stytta vegalengdir.	Orkuveita Reykjavíkur, dags. 5. 11. 2012.
2.2.2	„Í tillögunni er einnig lögð áhersla á að nýrri íbúðarbyggð verði almennt komið fyrir innan núverandi þéttbýlis eða í þéttu samfelldu framhaldi af byggð sem fyrir er. Það fellur ágætlega að stefnumörkun í aðalskipulagi Hveragerðis.“	Hveragerðisbær, skipulags- og bygginganefnd, dags. 07. 11. 2012.
2.2.2	Samtökin gerir nokkrar athugasemdir sem tengjast landnotkun, m.a. hvað varðar skipulag skógræktar og þróun byggðar þar sem náttúruvá er fyrir hendi. Einnig er gerð athugasemd við að umfjöllun um verndun lífríkis, búsvæða og vistkerfa. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands, dags. 19. nóv. 2012.
2.2.2	„Á blaðsíðu 52 í drögnum segir m.a. að það að halda við bújörðum og draga úr byggingu stakra íbúðar- og frístundahúsa á landbúnaðarsvæðum er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á menningarlandslag. Á þessari hugmyndafræði er ákveðinn galli því menningarlandslag í sveitum verður ekki til nema þar sé byggð og byggð í dreifbýli byggist ekki eingöngu á landbúnaði heldur einnig fjölbreyttari notkun á landi, s.s. undir frístundahús, ferðaþjónustu eða aðra atvinnustarfsemi. Ef skipulagsvaldi er haldið hjá sveitarfélögunum aukast líkurnar á að jafnvægi í menningarlandslagi skapist á hverjum stað enda aðstæður mjög mismunandi á milli sveitarfélaga og stefnumörkun á landsvísu ekki líkleg til þess að bera árangur nema síður sé.“	Bændasamtök Íslands, dags. 20. nóv. 2012.
2.2.2	„Á sömu blaðsíðu segir einnig að stefna um að nýrri íbúðarbyggð verði almennt komið fyrir innan núverandi þéttbýlis geti haft áhrif á staðsetningu og eðli þjónustu og atvinnulífs á hverjum stað og styrkt slíka starfsemi. Á þessu er einnig galli. Þétting íbúðarbyggðar og þar með samþjöppun þjónustu á einn stað þarf ekki einungis að hafa í för með sér styrkingu á slíkri starfsemi heldur getur hún einnig haft í för með sér lakara og erfiðara aðgengi íbúa í dreifbýli að þessari sömu þjónustu. Nauðsynlegt er að stjórnvöld geri sér grein fyrir þessu en jafnframt þeim tækifærum sem geta falist í því að efla byggð í dreifbýli.“	Bændasamtök Íslands, dags. 20. nóv. 2012.

2.2.2	Sveitarfélagið Ölfus gerir athugasemd við stefnu um uppbyggingu og verndun, s.s. um kostnað við greiningu á landbúnaðarlandi og möguleika á að stytta vegalengdir milli heimilis, vinnustaðar og nærþjónustu. Nefnt er að stefna sveitarfélagsins Ölfus sé að heimila byggð utan þéttbýlis þar sem aðstæður eru til þess. Einnig að í dreifbýli þar sem stundaður er landbúnaður er í mörgum tilfellum einnig stunduð vinna af bæ. Einnig er talið mikilvægt að huga að uppbyggingu nærþjónustu að hálfu hins opinbera í hinum dreifðu byggðum. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Sveitarfélagið Ölfus, dags. 19. nóv. 2012.
2.2.2	Skaftárhreppur gerir athugasemdir við stefnu um uppbyggingu og verndun. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Skaftárhreppur, dags. 3. nóv. 2012.

Kafli nr.	Umsögn eða athugasemd	Aðili
2.2.3	Skipulags- og byggingaráð Hafnafjarðar tekur undir þær áherslur sem koma fram í markmiðum og þeim leiðum sem þar eru lagðar til.	Hafnafjarðarbær, Skipulags- og byggingarráð, dags. 17. 09. 2012.
2.2.3	Reykjavíkurborg tekur undir megin markmið sem koma fram í landsskipulagsstefnunni varðandi búsetumynstur og dreifingu byggðar. „Að skipulagi byggðar sé þannig hagað að hugað sé að hagkvæmni við uppbyggingu, viðhald og rekstur grunnkerfa....“; „Að skipulag byggðar stuðli að fjölbreyttum og vistvænum ferðamátum og góðum tengslum á milli íbúða og þjónustu.“	Reykjavíkurborg, 8. nóv. 2012.
2.2.3	IRR gerir athugasemd við umfjöllun um samgöngur og búsetumynstur. „Í samgönguáætlun er lögð rík áhersla á aukið samstarf sveitarfélaga um skipulag byggðar ekki hvað síst m.t.t. samgangna. Það færi vel á að þeirri áherslu væru gerð sterkari skil í landsskipulagi enda er samstarf skipulags- og samgönguyfirvalda ein grundvallarforsenda þess að koma á góðum almenningssamgöngum, að gera öðrum samgöngumátum hærra undir höfði og um leið fylgja stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum.“	Innanríkisráðuneytið, dags. 20. nóv. 2012.

2.2.3	Skaftárhreppur gerir athugasemdir við stefnu um samgöngur, veitukerfi, nærþjónustu og vinnusókn og spyr um uppbyggingu hins opinbera á nærþjónustu s.s. heilsugæslu, sjúkrahús, flugvelli, þjónustu við aldraða ofl. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Skaftárhreppur, dags. 3. nóv. 2012.
2.2.3	„Samgöngur er einn lykilþáttur í vistvænu skipulagi. VBR tekur undir áherslu á vistvæna ferðamáta, en leggur þó áherslu á að vinna þarf um leið að frekari samræmingu í stefnumótun opinberra aðila hvort sem það er Vegagerðin og/eða sveitarfélög þegar kemur að skipulagningu og hönnun umferðamannvirkja í þéttbýli.“	Vistbyggðarráð, dags. 20. nóv. 2012.
2.2.3	Sveitarfélagið Ölfus gerir athugasemdir við forsendur stefnunnar. „Sé vilji til að fara áfram með þessa röksemdafærslu er æskilegt að landsmenn búi í fáum, stórum fjölbýlishúsum. E.t.v. vantar í landsskipulagsstefnu að marka stefnu um lífsgæði og hvað íbúar kjósa að telja til lífsgæða.“ Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Sveitarfélagið Ölfus, dags. 19. nóv. 2012.

Kafli nr.	Umsögn eða athugasemd	Aðili
2.2.4	Skipulags- og byggingaráð Hafnafjarðar tekur undir þær áherslur sem koma fram í markmiðum.	Hafnafjarðarbær, Skipulags- og byggingarráð, dags. 17. 09. 2012.
2.2.4	Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur nauðsynlegt að finna leið til að meta verðmæti landbúnaðarlands sem breið samstaða og sátt ríkir um. Einnig er bent á að hafa ber í huga ýmis ákvæði laga. „Nýlegt dæmi má nefna frumvarp til náttúruverndarlaga og hugmyndir sem þar birtast um verndun votlendis. Það er að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar dæmi um illa ígrundaða tillögu sem gæti haft veruleg neikvæð áhrif til framtíðar litið fyrir landbúnað og akuryrkju á Suðurlandi.“	Bláskógabyggð, dags. 15. nóv. 2012.

2.2.4	Mælt er með að í landsskipulagsstefnu verði mótuð stefna um uppskiptingu bújarða. „Sveitarfélögin hafa um nokkurt skeið lýst áhyggjum af því að of auðvelt sé að skipta upp bújörðum og taka hluta jarðar úr landbúnaðarnotum, en ekki er vikið að því álitaefni í auglýstri tillögu. Skorradalshreppur mælir með að landsskipulagsstefna birti stefnu í þessum efnum, þar sem sala bújarða í mörgum hlutum er óafturkræf aðgerð, rýri bújarðir til frambúðar og vegur þar með að sjálfbærnimöguleikum þeirra.“	Skorradalshreppur, dags. 20. nóv. 2012.
2.2.4	Skaftárhreppur telur æskilegt að hægt sé að grófflokka landbúnaðarland enda þurfi ekki að fara í kostnaðarsama kortlagningu sem óljóst er hverju skilar. Lýst er áhyggjum af því hve auðvelt er að skipta upp bújörðum og taka hluta hennar úr landbúnaðarnotum. Einnig er talin ástæða til að fjalla um áhrif aukinnar skógræktar á landnýtingu en gera verður ráð fyrir að það viðfangsefni bíði næstu landsskipulagsstefnu.	Skaftárhreppur, dags. 3. nóv. 2012.
2.2.4	„Bændasamtökin eru hlynnt því að verðmætt landbúnaðarland verði ekki tekið úr landbúnaðarnotum nema brýna nauðsyn beri til, en forsenda búsetu í dreifbýli og þess að hægt verði að stunda búrekstur í sveitum er að ákvarðanir um byggingar íbúða og uppbyggingu atvinnurekstrar verði á hendi sveitarfélaganna og að stefnumörkun stjórnvalda rýri ekki möguleika þeirra til þess að skipuleggja land í dreifbýli undir íbúðarbyggð, atvinnurekstur eða annað.“	Bændasamtök Íslands, dags. 20. nóv. 2012.
2.2.4	„Bændasamtökin taka undir það sem fram kemur á bls. 41 í drögum að landsskipulagsstefnu, að standa þurfi vörð um verðmætt landbúnaðarland til ræktunar og matvælaframleiðslu til framtíðar. Þá þurfi að skilgreina landbúnaðarland og flokka, gefa út leiðbeiningar um flokkun landsins og greiningu þess. Þá er einnig tekið undir þar sem segir að svæði verði ekki tekin úr landbúnaðarnotum nema brýna nauðsyn beri til. Bændasamtökin óska eftir því að fá að vera með í ráðum á öllum stigum þess að landbúnaðarland verði skilgreint og flokkað. Það getur haft verulega þýðingu fyrir framtíðarskipulag í sveitum landsins og þar af leiðandi fyrir framleiðslu matvæla. Ljóst er að nú þegar og á komandi árum verður mikil samkeppni um nýtingu á góðu landbúnaðarlandi, sérstaklega til akuryrkju, s.s. vegna áforma um nytjaskógrækt og verklegra framkvæmda af ýmsu tagi. Þá er ljóst að skjóta þarf styrkari stoðum undir fæðuöryggi á Íslandi.“	Bændasamtök Íslands, dags. 20. nóv. 2012.
2.2.4	„Sveitarfélögin hafa um nokkurt skeið lýst áhyggjum af því að of auðvelt sé að skipta upp bújörðum og taka hluta jarða úr landbúnaðarnotum en ekki er vikið að því álitaefni í drögunum. Ástæða hefði einnig verið til að fjalla sérstaklega um áhrif aukinnar skógræktar á landnýtingu en gera verður ráð fyrir að það viðfangsefni bíði frekar næstu landsskipulagsstefnu.“	Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. nóv. 2012.



2.2.4	„Í drögunum er gert ráð fyrir að það verði þáttur í vinnu við aðalskipulagsgerð að flokka landbúnaðarland eftir verðmæti. Skipulagsmálanefnd bendir á að nákvæm greining og kortlagning lands er kostnaðarsöm og óljóst hverju slíkt mat skilar inn í aðalskipulagsvinnu miðað við þann mælikvarða sem það er unnið í. Leggur nefndin sérstaka áherslu á að slík íþyngjandi verkefni séu kostnaðarmetin á grundvelli 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.“	Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. nóv. 2012.
2.2.4	Sveitarfélagið Ölfus bendir á hvað varðar flokkun landbúnaðarlands þá sé rétt að horfa fremur til lands sem hentar til akuryrkju. Einnig er talið æskilegt að grófflokka landbúnaðarland, enda þurfi ekki að fara í kostnaðarsamar greiningar eða kortlagningu sem óljóst er hverju skilar. Í sveitarfélaginu Ölfus hefur landbúnaður minnkað mikið og jarðir nú meira nýttar til ferðaþjónustu. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Sveitarfélagið Ölfus, dags. 19. nóv. 2012.
2.2.4 leiðir	„Landsskipulagstillagan er nokkuð fjárhagslega íþyngjandi fyrir sveitarfélög. Sérstaklega virðist greining, kortlagning og flokkun landbúnaðarlands eftir verðmæti íþyngjandi fyrir dreifbýl landbúnaðarhérað og í raun óljóst hverju það mun skila inn í aðalskipulag. Nauðsynlegt er að lagt verði mat á kostnað við slíka flokkun á landsvísu.“	Norðurþing, skipulags- og byggingarnefnd, dags. 16. nóv. 2012.

Kafli nr.	Umsögn eða athugasemd	Aðili
2.2.5	„Skógrækt ríkisins vekur athygli á því að í lögum um landshlutaverkefni í skógrækt, 1. gr. nr. 95 13. júlí 2006, er tilgangi og markmiðum verkefnanna lýst á þann veg að þau skuli skapa skógarauðlind á Íslandi, treysta byggð og efla atvinnulíf í landshlutunum.“ Skógrækt ríkisins hvetur til þess að í landsskipulagsstefnu verði skógarauðlindinni gefinn meiri gaumur og bendir á að Landshlutaverkefni og önnur verkefni í skógrækt treysta byggðafestu og stuðla að byggðamynstri sem er í samræmi við markmið sem koma fram í tillögu landsskipulagsstefnu. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Skógrækt ríkisins, dags. 19. nóv. 2012.

2.2.5	Settar eru fram ábendingar um umfjöllun um frístundabyggð og bent er á að gera þurfi greiningu á byggðamynstri í gegnum tíðina á einstökum svæðum. Bent er á að horfa til sérstöðu hvers svæðis.	Teiknistofan Eik, dags. 20. nóv. 2012.
2.2.5	Vistbyggðarráð telur æskilegt að við endurskoðun landsskipulagsstefnu verði fjallað um búsetumynstur í þéttbýli. „Því væri æskilegt að hefja nú þegar vinnu við undirbúning endurskoðunar á landsskipulagsstefnu, þar sem áhersla væri lögð á nákvæmari útfærslu á byggðaþróun í þéttbýli, en gera má ráð fyrir að mörg sveitafélög endurskoði aðalskipulag á ný í kjölfar næstu kosninga til sveitarstjórna, vorið 2014.“	Vistbyggðarráð, dags. 20. nóv. 2012.

Kafli nr.	Umsögn eða athugasemd	Aðili
2.3	Reykjanesbær gerir athugasemdir við stefnu um haf- og strandsvæði hvað varðar frárennslis- og mengunarmál, strandsiglingar, fiskeldi og sjótengda ferðaþjónustu. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Reykjanesbær, dags. 6. nóv. 2012.
2.3	Samtökin telja mikilvægt að við gerð fyrstu landsskipulagsstefnu verði byggt á stefnu Íslands um málefni hafsins „Hafið“ frá 2004. Tekið er undir sjónarmið um að stefna Íslands í málefnum hafsins eigi að byggja á Hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna, sjálfbærri nýtingu og því sjónarmiði að stjórnun og ákvarðanatöku við verndun hafsins og nýting lifandi auðlinda hvíli á þeim sem mestra hagsmuna eigi að gæta og ákvarðanir snerta með beinum hætti.	Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva, dags. 20. nóv. 2012.
2.3	Samtökin telja að málefni hafsins og sérstaklega málefni sem snerta sjávarútveg eigi að vera á forræði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.	Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva, dags. 20. nóv. 2012.

2.3	<p>„Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik og Háskóla­setur Vestfjarða fagna því að haf- og strandsvæði skuli vera eitt af viðfangsefnum í landsskipulagsstefnu. Ánægjulegt að sjá hve vel hefur tekist að ná utan um efnið miðað við þann stutta tíma sem gefinn var til verksins. Jafnframt er jákvætt að leitað skuli hafa verið eftir víðtæku samráði og samvinnu við þá sem málið varðar.“</p>	Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik og Háskóla­setur Vestfjarða, dags. 20. nóv. 2012.
2.3	<p>Samtök ferðaþjónustunnar telja að skipta þurfi hafsvæðum í ákveðna flokka til að nýting og verndun haf- og strandsvæða nái markmiðum sínum. Samtökin leggja til eftirfarandi flokka:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Svæði til ræktunar (umferð takmörkuð og veiðar bannaðar)</li> <li>• Til uppskeru (veiðisvæði)</li> <li>• Til afþreyingar (veiðar bannaðar nema með handfærum)</li> <li>• Vernduð svæði til rannsókna (Öll umferð bönnuð)</li> </ul> <p>„Það er skoðun SAF a slík skipting skilgreini hafið betur og er þannig betur hægt að fylgjast með þróun vistgerða og vistkerfa í hafinu. Nauðsynlegt er að skipuleggja ákveðin hafsvæði fyrir afþreyingu eingöngu þar sem veiðar með stórvirkum veiðarfærum í atvinnuskyni eru útlokaðar.“</p>	Samtök ferðaþjónustunnar, dags. 19. nóv. 2012.
2.3	<p>„Mikilvægt er að í þessum kafla þar sem fjallað er um haf- og strandsvæði verði sérstaklega hugað að afmörkun svæða og að fullt tillit verði tekið til hagsmuna ferðaþjónustunnar sérstaklega hvað varðar hvala-, sela- og fuglaskoðun.“</p>	Ferðamálastofa, dags. 15. okt. 2012.
2.3	<p>„Undanfarið hefur verið að ryðja sér til rúms að skipulag sé unnið út frá heildarsýn á náttúru­far og lands­gæði viðkomandi sveitarfélags, svokallaðri vistkerfisnálgun. Ef skipulagt er með hliðsjón af vistkerfinu er eðlilegt að vinna skipulagið út frá vatnasvæðum. Það er æskilegt að landsskipulagsstefna taki tillit til vistkerfisins og sé unnin í samhengi við það.“</p>	Sigríður Kristjánsdóttir, dags. 20. nóv. 2012.

2.3	<p>„Háskólasetrið tekur ekki afstöðu til skilgreiningar Skipulagsstofnunar á marklínu hafsvæða og strandsvæða (115 m línan) en gerir ráð fyrir því að Samband sveitarfélaga og starfshópur um nýtingaráætlun fyrir Arnarfjörð muni færa efnisleg rök fyrir annmörkum á þeirri marklínu. Mikilvægt er að vanda mjög til löggjafar og samþættra áætlana um skipulag haf – og strandsvæða og gæta þess að hugtök séu skýr frá upphafi sem og að sátt ríki um þau. Loks mælir Háskólasetrið með því að endurmat fari fram að fimm árum liðnum frá gildistöku laga, einkum vegna samræmis aðalskipulags einstakra sveitarfélaga og hafskipulags aðliggjandi svæða sem þá verða í gildi (sjá bls. 44).“</p>	Háskólasetur Vestfjarða, dags. 19. nóv. 2012.
2.3	<p>„Skipulagsmálanefnd er í meginatriðum sammála tillögum sem fram koma í drögunum varðandi skipulag haf- og strandsvæða. Ljóst er að þörfin fyrir stefnumörkun og skýrari löggjöf um þetta efni er brýn, enda eru engar skipulagsáætlanir í gildi á strandsvæðum hér við land. Skortur á slíkri stefnumörkun hefur þegar valdið of mikilli óvissu og hætta er á að afleiðingin verði annaðhvort of mikil nýting eða vannýting. Þar til ákvörðun liggur fyrir um fyrirkomulag skipulags- og nýtingaráætlana fyrir strandsvæði leggur skipulagsmálanefnd til að yfirvöld viðurkenni gildi nýtingaráætlana sem unnar eru fyrir einstök strandsvæði, líkt og Skipulagsstofnun hefur lagt til að gert verði með nýtingaráætlun sem nú er verið að vinna fyrir Arnarfjörð.</p> <p>Mikilvægt er að gera skýran greinarmun á gerð skipulags- og nýtingaráætlana annars vegar á strandsvæðum, þar sem hagsmunir sveitarfélaga, íbúa og landeigenda liggja almennt skýrt fyrir, og hins vegar hafsvæðum. Einnig geta viðfangsefni á sviði skipulagsmála verið mjög ólík eftir því hvort um er að ræða strandsvæði, svo sem í fjörðum þar sem fjölbreytt starfsemi fer fram, eða úthaf þar sem aðallega reynir á skipulag veiða og siglinga þótt einnig geti verið um annars konar starfsemi að ræða, svo sem efnisvinnslu af hafsbotni og olíu- og gasvinnslu.“</p>	Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. nóv. 2012.
2.3	<p>Sveitarfélagið Ölfus telur nauðsynlegt að horfa til þess að skipulagsvald sveitarfélag nái lengra en netlög. Einnig er talið æskilegt að í fjörðum og þrengri flóum nái skipulagsvald sveitarfélaga saman svo ekki verði um lítil afmörkuð svæði að ræða sem lúti öðrum reglum og sveitarfélögin samræmi stefnu sína á samliggjandi hafsvæðum. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a></p>	Sveitarfélagið Ölfus, dags. 19. nóv. 2012.
2.3.2	<p>„Íþyngjandi er fyrir sveitarfélög að stefna landsskipulagsstefnu innan netlaga skuli útfærð í aðalskipulagi sveitarfélaga.“</p> <p>„Jákvætt er að hefja á undirbúning að gerð lagafrumvarps um skipulag haf- og strandsvæða í samráði við ráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra hagsmunaaðila. Í þessum undirbúningi er mögulegt að endurskoða það</p>	Fjarðarbyggð, dags. 7. nóv. 2012.

	fyrirkomulag að lögsaga sveitarfélaga miðist við netlög eins og nú er.“	
2.3.2	Samtökin taka undir þá forgangsröðun sem felst í því að fyrst verði sett löggjöf um skipulag haf- og strandsvæða sem skýri ábyrgð og stjórnsýslu í málefnum hafsins. Þá er lagt til að í tillögunni verði mörkuð stefna um vernd og nýtingu þess hluta haf- og strandsvæða sem sveitarfélög hafa skipulagsvald yfir. Því er beint til Skipulagsstofnunar að í endanlegri tillögu leggi hún til við umhverfis- og auðlindaráðherra að vinna við löggjöf um skipulag haf- og strandsvæða verði hraðað og strax í framhaldinu verði hafin vinna við gerð landsskipulagsstefnu á þeim svæðum sem hún nær ekki yfir í dag.	Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands, dags. 19. nóv. 2012.
2.3.2	Samtökin telja mikilvægt að ræða nánar og í samráði við hagsmunaaðila ef breyta á mörkum skipulagsvalds sveitarfélaga.	Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva, dags. 20. nóv. 2012.
2.3.2	Fjórðungssamband Vestfirðinga áréttar afstöðu vestfirskra sveitarfélaga um mikilvægi þess að hefja nú þegar gerð strandsvæðaskipulags og gera breytingar á lögsögumörkum sveitarfélaga til hafsins. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Fjórðungssamband Vestfirðinga, dags. 20. nóv. 2012.
2.3.2	Gerð er athugasemd við skilgreiningu á hugtökum. „Skilgreining á hugtakinu strandsvæði er óljós í drögunum. Þar er talað um strandsvæði sem ströndina og svæði á sjó út að netlögum. Innri mörk koma ekki fram en telja verður það nauðsynlegt, m.a. með tilliti til aðgengis að svæðinu og áhrifa af hækkun sjávarborðs. Þessi skilgreining er mjög afmörkuð m.a. ef horft er til skilgreiningar á strandsjó skv. lögum um stjórn vatnamála (í samræmi við vatnatilskipun Evrópusambandsins) en þar miðast ytri mörk við eina sjómílu utan grunnlínu landhelginnar. Mikilvægt er að notkun hugtaka og skilgreiningar séu samræmdar á meðal þeirra sem nota þær. Gott væri að skilgreina þessi hugtök í viðauka með orðskýringum.“	Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik og Háskólasetur Vestfjarða, dags. 20. nóv. 2012.

2.3.2	Bent er á að erfitt er að miða skipulagsmörk við línu sem dregin er 115 metra frá stórstraumsfjöruborði.	Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik og Háskólasetur Vestfjarða, dags. 20. nóv. 2012.
2.3.2	Gerð er athugasemd við að nýting fjarða fær fremur lítinn sess í stefnunni en þar er þó hvað þéttust nýting utan lands eins og reyndar kemur ágætlega fram í greinargerð um stöðu haf- og strandsvæðaskipulags.	Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik og Háskólasetur Vestfjarða, dags. 20. nóv. 2012.
2.3.2	Skaftárhreppur gerir athugasemdir við stefnu um skipulag haf- og strandsvæða og telur mikilvægt að gera skýran greinamun á strandsvæðum þar sem hagsmunir sveitarfélaga, íbúa og landeigenda liggja skýrt fyrir og hins vegar hafsvæða. Þá er talið úrelt það fyrirkomulag að lögsaga sveitarfélaga miðist við netlög.	Skaftárhreppur, dags. 3. nóv. 2012.
2.3.2	„Umhverfisnefnd telur nauðsynlegt að færa skipulagslögsögu sveitarfélaga út í eina sjómílu utan við grunnlínu landhelginnar.“  „Í samfélaginu er mikil umræða um aukið íbúalýðræði. Nærtæk leið til að auka íbúalýðræði er að beina því m.a. í gegnum þann farveg sem nefndir sveitarfélaga og skipulagslög hafa þegar búið til. Metnaðarfull sveitarfélög hafa, undir eftirliti Skipulagsstofnunar, gert vandaðar skipulagsáætlanir á borð við aðalskipulag sveitarfélaga. Slík vinna er bæði samfélagslega eflandi og lýðræðisleg. Víða um heim eru strandsvæðin innan einnar sjómílu utan við grunnlínu á skipulagsvaldi sveitarfélaga. Þannig er það í Noregi. Í Svíþjóð og Finnlandi eru skipulagsmörk sveitarfélaga 12 sjómílu utan grunnlínu. Að auki miðast Vatnatilskipun Evrópusambandsins við eina sjómílu utan við grunnlínu. Það er tæpast nokkur ástæða til þess fyrir Íslendinga að halda í flókið og svífaseint stofnanafyrirkomulag að svo miklu leyti sem hægt er að greiða úr málum með skipulagsvaldi sveitarfélaga og því íbúalýðræði sem því fylgir. Gera má ráð fyrir að skipulagsmál yrðu skilvirkari, heildstæðari og einfaldari ef skipulagsvald á strandssvæðum yrði fært til sveitarfélaga.“	Ísafjarðarbær, umhverfisnefnd, dags. 22. nóv. 2012.

2.3.2	„Skipulagsmálanefnd er þeirrar skoðunar að það sé úrelt fyrirkomulag að lögsaga sveitarfélaga til hafsins miðist við netlög. Skipulagsmálanefnd leggst því gegn tillögu í drögum að landsskipulagsstefnu að skilgreining á hafsvæði og strandsvæði fylgi núverandi netlögum. Fremur ætti að miða að því að lögsaga sveitarfélaga á strandsvæðum ráðist af miðlínu á fjörðum, og svæði er nær út sem nemi einni sjómílu út frá ystu nesjum og eyjum eða grunnlínupunkti fiskveiðilögsögunnar, þannig að strandsvæði verði öll innan lögsögu sveitarfélaga. Að áliti nefndarinnar er það mikilvægur þáttur í þeirri vinnu sem framundan er að móta framtíðarstefnu um afmörkun skipulagslögsögu sveitarfélaga.“	Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. nóv. 2012.
2.3.2 leiðir	Gerð er athugasemd við leið c. „Á bls. 43 þarf að skýra betur hvað við er átt: „[...] þar sem aðstæður gefa tilefni til og á þeim svæðum þar sem þörfin er brýnust.“ Hér vantar dæmi um aðstæður sem og dæmi um svæði sem þetta á við.“	Háskólaþing Vestfjarða, dags. 19. nóv. 2012.
2.3.3	Samtökin telja mikilvægt að vinna við framhald mótunar stefnu um skipulag haf- og strandsvæða fari fram í góðri samvinnu við hagsmunaaðila.	Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva, dags. 20. nóv. 2012.

<b>3 Samantekt umhverfismats</b>		
<b>Kafli nr.</b>	<b>Umsögn eða athugasemd</b>	<b>Aðili</b>
3.1.1 Vatn	„Í kafla 3.1.1 segir m.a.: „Markmið landsskipulagsstefnu um þrjár stórar verndarheildir sem ná yfir vatnasvið...“. Umhverfisstofnun telur að hér ætti einnig að koma fram að þessar verndarheildir ná einnig yfir skilgreind vatnasvæði Íslands í samræmi við reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála. Það væri í samræmi við texta kaflans í heild sinni enda er þar einnig vísað til vatnasvæða.“	Umhverfisstofnun, dags. 21. nóv. 2012.
3.1.3 Landslag og ímynd	Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við umfjöllun um landslag og ímynd. „...Að mati Umhverfisstofnunar þarf að meta þá hagsmuni sem eru í húfi þegar kemur að því að raska þeirri ró sem finnst á hálendinu og ímynd hins ósnorta miðhálandis þegar gert er ráð fyrir flutningskerfi raforku og uppbyggingu vega yfir miðhálandið. Að mati Umhverfisstofnunar ætti þar af leiðandi ekki að gera ráð fyrir orkuflutningi yfir hálendið að svo stöddu.“	Umhverfisstofnun, dags. 21. nóv. 2012.
3.1.5	„Í kafla 3.1.5 í tillögunni er fjallað um loftslagsmál í samhengi samantektar um umhverfismat. Þar segir í 2. mgr. (bls. 50) að landsskipulagsstefnan ger[i] ekki ráð fyrir frekari orkuvinnslu vatns og jarðvarma á miðhálandinu. Þarna er augljóslega um einhvern misskilning að ræða sem hér er mælt til að verði leiðréttur, sbr. fyrri umfjöllun tillögunnar um rammaáætlun (bls. 28) svo dæmi sé tekið.“	Samorka, dags. 13. nóv. 2012.
3.2.1 Vatn	Orkuveita Reykjavíkur bendir á að ekki er síður ástæða til að leggja áherslu á takmörkun landnotkunar til að vernda neysluvatn.	Orkuveita Reykjavíkur, dags. 5. 11. 2012.
3.2.1 Vatn	„Umhverfisstofnun telur að hér mætti einnig vísa til yfirborðsvatns en ekki eingöngu grunnvatns. Þá vekur Umhverfisstofnun athygli á að það markmið að takmarka dreifingu byggðar utan þéttbýlis er væntanlega eitt og sér ekki nægilegt til að ná árangri heldur einnig mikilvægt að framfylgja gildandi reglum um fráveitur.“ Umhverfisstofnun telur einnig óskýrt hvað er átt við þegar fullyrt er að „með því að gera ekki ráð fyrir byggð á verndarsvæðum er ólíklegt að votlendi verði fyrir neikvæðum áhrifum.“	Umhverfisstofnun, dags. 21. nóv. 2012.



3.2.2	„Einnig er tekið undir sjónarmið sem koma fram í kafla um umhverfisáhrif byggðamynsturs um að „samfelld og þétt byggð getur stuðlað að breyttum ferðavenjum með aukinni notkun almenningsgangna og fjölgun hjólandi og gangandi.“ Þessi markmið ríma vel við markmið samgönguáætlunar um breyttar ferðavenjur, styttingu vegalengda og ferðatíma og almennt umhverfislega sjálfbærar samgöngur. Ofangreind markmið eru einnig forsenda þess að markmið ríkisvaldsins sem koma fram í Stefnumörkun í loftslagsmálum, nái fram að ganga. ...Veigamesti þátturinn í þéttingu byggðar í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu, er að losa land til uppbyggingar í Vatnsmýri og flytja miðstöð innanlandsflugsins úr Vatnsmýrinni. Þetta staðfestir m.a. hagkvæmniúttektir sem gerðar voru á vegum samráðsnefndar ríkis og borgar árið 2007.“	Reykjavíkurborg, dags. 8. nóv. 2012.
3.1.7	„Hér er fjallað um eftirfylgni og viðmið, þar sem lagt er til í sjötta lið að Ferðamálastofu verði falið að fylgjast með fjölda ferðamanna og gistinátta á helstu áfangastöðum miðhálandisins. Hagstofan fylgist með talningu gistinátta á Íslandi og er því eðlilegast að þessum þætti þ.e. að fylgjast með fjölda gistinátta verði beint til Hagstofunnar.“	Ferðamálastofa, dags. 15. okt. 2012.
3.2	„...ekkert er vikið að húsvernd í kafla 2.2.2 Uppbygging og verndun eða í köflum 3.2.2 Samfélag og byggð og 3.2.3 Landslag og ímynd, þar sem m.a. er rætt um jákvæð áhrif og ímynd, þrátt fyrir að ljóst sé talið að heilstætt menningarlandslag og vel haldinn byggingararfur gefi sérstaklega góða ímynd, auðgi tilveru okkar og verði ekki metin til fjár, sbr. Menningarstefnu í Mannvirkjagerð...“	Húsafriðunarnefnd, dags. 20. nóv. 2012.
3.4	Gerðar eru athugasemdir við mismunandi notkun á vægiseinkunn í greinargerð og umhverfisskýrslu. Einnig er bent á mismunandi orðanotkun í greinargerð og umhverfisskýrslu. „Gerðar eru athugasemdir við röksemdir og forsendur fyrir mati á vægi umhverfisáhrifa flutningslína yfir hálendið. ...Bent er á að þessi vægiseinkun, „umtalsverð neikvæð áhrif“ er ekki rétt miðað við niðurstöður umhverfisskýrslu og aðferðafræðina, sem beitt er við skilgreiningu vægiseinkunn áhrifa, sbr. töflu 1. bls. 18 í umhverfisskýrslu. Bent er á umfjöllun í kafla 3.1.6 og 3.4 í greinargerð og kafla 5.4 í umhverfisskýrslu þar sem fram kemur að óvissa sé „um möguleg neikvæð áhrif vegna uppbyggingar í tengslum við orkuvinnslu, sérstaklega hvað varðar orkuflutning á landslag og ímynd.“ Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Landsnet, dags. 23. nóv. 2012.

4. Viðauki 1	Háskólasetur Vestfjarða telur að bæta þurfi inn skilgreiningum Skipulagsstofnunar á hafskipulagi og strandsvæðaskipulagi.	Háskólasetur Vestfjarða, dags. 19. nóv. 2012.
--------------	---	---

<b>Innkomnar athugasemdir flokkaðar eftir skjölum, köflum og stefnumiðum</b>		
	<b>Umhverfisskýrsla</b>	
<b>Kafli nr.</b>	<b>Umsögn eða athugasemd</b>	<b>Aðili</b>
Almennt	Landsvirkjun telur ástæðu til að framkvæmt verði mat á umhverfisáhrifum landsskipulagsstefnunar. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Landsvirkjun, dags. 20. nóv. 2012.
Almennt	Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við orðanotkun í tengslum við vatn og telur að umræða um vatn ætti að vera í samræmi við skilgreiningar í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.	Umhverfisstofnun, dags. 21. nóv. 2012.
Almennt	„Í stuttu máli þá vantar alla umfjöllun um menningarminjar í þessu skipulagi. Þótt orðið „menningarminjar“ komi fyrir á nokkrum stöðum í skjalinu, þá er þar enga umfjöllun að hafa um t.d. líkleg umhverfisáhrif stefnunar eða mismunandi sviðsmynda á fornleifar, hugsanlegar aðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum, vöktun eða eftirfylgni. ...Núgildandi þjóðminjalög nr. 107/2001 eru nefnd á einum stað í umhverfisskýrslunni en annars er hvergi vísað til þeirra, t.d. sem viðmiða í tengslum við mat á umhverfisáhrifum. Sömuleiðis virðast stofnanir þjóðminjavörslunnar ekki hafa neitt hlutverk í skipulaginu, sbr. t.d. töflu 7 á bls. 52 í umhverfisskýrslunni, þar sem hinar ýmsu stofnanir sem koma að umhverfisvernd eru listaðar upp og gerð grein fyrir hlutverki þeirrar og aðkomu, en Fornleifavernd ríkisins eða Húsafriðunarnefnd hvergi nefndar. Ef landsskipulagsstefnu er ætlað að taka til menningarminja og varðveislu þeirra þá á vinnan við þann málaflokk enn nokkuð í land.“	Fornleifavernd ríkisins, dags. 30. nóv. 2012.
1.1.1 Vatn	Umhverfisstofnun telur að einnig þurfi að vísa til vatnasvæða í fyrstu setningu kafla 1.1.1 Vatn þannig að hún orðist svo: „Markmið landsskipulagsstefnu um þrjár stórar verndarheildir sem ná yfir vatnasvið og vatnasvæði er líklegt til að hafa...“	Umhverfisstofnun, dags. 21. nóv. 2012.

1.1.2 Samfélag og byggð	„Í landsskipulagsstefnu koma fram hugmyndir um mannvirkjabelti og ýmsar framkvæmdir aðrar á hálendinu sem eiga rætur í Svæðisskipulagi Miðhálandisins. Umhverfisstofnun vill benda á að síðan þessar tillögur komu fram hefur fjöldi ferðamanna sem sækja landið heim stóraukist. Ferðaþjónusta er orðin ein stærsta atvinnugrein landsins og er gert ráð fyrir að mikilvægi hennar muni aukast á næstu árum. Við markaðssetningu Íslands hefur verið byggð upp ímynd af landinu þar sem áhersla er lögð á óraskaða náttúru og óbyggðir þar sem unnt er að njóta útiveru á friðsælum stöðum. Umhverfisstofnun telur að í landsskipulagsstefnu séu þau verðmæti sem felast í víðernum á hálendinu vanmetin og að endurskoða eigi hugmyndir um að skipta hálendinu upp með mannvirkjabeltum án þess að skilgreina hvaða framkvæmdir unnt verði að ráðast í án þess að eiga á hættu að skerða víðerni og þar með þá ímynd sem byggð hefur verið upp af landinu erlendis.“	Umhverfisstofnun, dags. 21. nóv. 2012.
1.2.1	Orkuveita Reykjavíkur bendir á að ekki er síður ástæða til að leggja áherslu á takmörkun landnotkunar til verndar neysluvatns.	Orkuveita Reykjavíkur, dags. 5. nóv. 2012.
1.3 Helstu niðurstöður	„Að mati Umhverfisstofnunar virðist vera ósamræmi milli helstu niðurstaða og umfjöllunar um áhrif á loftslag.“ Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Umhverfisstofnun, dags. 21. nóv. 2012.
3.2	„Mikilvægt er að taka saman sérstakan kafla um náttúruvá undir kafla 3.2 Umhverfisáhrif tillögu að stefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar.“	Veðurstofa Ísland, dags. 22. nóv. 2012.
5.1.1	„Hér er fjallað um verndun náttúru, landslag og menningarminja. Markmiðið er eftirfarandi: „Að á miðhálandinu verði myndaðar þrjár stórar samfelldar verndarheildir og að sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins verði viðhaldið.“ Umhverfisstofnun telur að hér sé um ósamræmi að ræða þar sem sérkennum miðhálandisins gæti verið stefnt í hættu með því að skipta hálendinu í þrennt með mannvirkjabeltum sem fylgja núverandi aðalleiðum yfir hálendið. Hér er því verið að skerða en ekki viðhalda núverandi ástandi.“	Umhverfisstofnun, dags. 21. nóv. 2012.
5.2.1	„Loks segir í texta umhverfisskýrslunnar (í kafla 5.2.1, 1. mgr. bls. 44) að landsskipulagsstefna um orkunýtingu og orkuflutninga bygg[ ] á tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða sem lögð h[afi] verið fram á Alþingi. Sem fyrr segir ríkir mikil óvissa um stöðu þessa þingmáls. Í tillögunni er þess getið ásamt með ýmsum öðrum forsendum (kafla 1.2.1, bls. 9) og vill Samorka því benda á að ofangreindum texta þyrfti að lágmarki að breyta á þann hátt að bæta við orðunum „meðal annars“ á eftir orðinu „byggir“.	Samorka, dags. 13. nóv. 2012.

5.2.1	Umhverfisstofnun gerir athugasemd við tilvísun í vatnatilskipun. „Þar sem Ísland er búið að innleiða fyrrnefnda tilskipun Evrópusambandsins með lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála ætti að tilgreina markmið þeirra laga fremur en tilgang tilskipunarinnar.“ Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Umhverfisstofnun, dags. 21. nóv. 2012.
5.2.2	Umhverfisstofnun vísar til þess sem segir „Landsskipulagsstefna gerir hins vegar ráð fyrir að stuðlað sé að hreyfanleika og jafnræði ferðamáta án þess að ganga á óbyggðir og víddir miðhálandisins.“ Stofnunin telur óraunhæft að ætla að unnt sé að gera gangandi og akandi ferðamönnum jafnt undir höfði án þess að komi til umfangsmikillar vegagerðar á miðhálandinu.	Umhverfisstofnun, dags. 21. nóv. 2012.
5.2.5	„... landsskipulagsstefnan ger[i] ekki ráð fyrir frekari orkuvinnslu vatns og jarðvarma á miðhálandinu. Þarna er augljóslega um einhvern misskilning að ræða sem hér er mælt til að verði leiðréttur, sbr. fyrri umfjöllun tillögunnar um rammaáætlun (bls. 28) svo dæmi sé tekið. Þennan sama misskilning er að finna í sjálfum texta umhverfisskýrslunnar (bls. 51, 4. mgr.).“	Samorka, dags. 13. nóv. 2012.
5.3 Eftirfylgni og aðgerðir	„...Sömuleiðis virðast stofnanir þjóðminjavörslunnar ekki hafa neitt hlutverk í skipulaginu, sbr. t.d. töflu 7 á bls. 52 í umhverfisskýrslunni, þar sem hinar ýmsu stofnanir sem koma að umhverfisvernd eru listaðar upp og gerð grein fyrir hlutverki þeirrar og aðkomu, en Fornleifavernd ríkisins eða Húsafriðunarnefnd hvergi nefndar.“	Fornleifavernd ríkisins, dags. 30. nóv. 2012.
5.4	Gerðar eru athugasemdir við mismunandi notkun á vægiseinkunn í greinargerð og umhverfisskýrslu. Einnig er bent á mismunandi orðanotkun í greinargerð og umhverfisskýrslu. „Gerðar eru athugasemdir við röksemdir og forsendur fyrir mati á vægi umhverfisáhrifa flutningslína yfir hálandið. ...Bent er á að þessi vægiseinkun, „umtalsverð neikvæð áhrif“ er ekki rétt miðað við niðurstöður umhverfisskýrslu og aðferðafræðina, sem beitt er við skilgreiningu vægiseinkunn áhrifa, sbr. töflu 1. bls. 18 í umhverfisskýrslu. Bent er á umfjöllun í kafla 3.1.6 og 3.4 í greinargerð og kafla 5.4 í umhverfisskýrslu þar sem fram kemur að óvissa sé „um möguleg neikvæð áhrif vegna uppbyggingar í tengslum við orkuvinnslu, sérstaklega hvað varðar orkuflutning á landslag og ímynd.“ Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Landsnet, dags. 23. nóv. 2012.

6.1.2	Umhverfisstofnun bendir á umfjöllun um leiðir í umhverfisskýrslu þar sem segir: „Í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga verði ný íbúðarbyggð almennt skipulögð í þéttnu og samfelldu framhaldi af byggð sem fyrir er, eftir því sem staðhættir leyfa og með góðum tengingum við eldri byggð.“ Umhverfisstofnun telur að a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu eigi einnig að líta til möguleika á samnýtingu samgöngumannvirkja og almenningssamgangna milli sveitarfélaga þar sem þess er kostur. Einnig er vísað til þess sem segir: „Skipulag almenningssamgangna verði hluti af aðalskipulagsgerð og hugað verði að almenningssamgöngum á milli þéttbýlisstaða.“ Umhverfisstofnun telur að huga ætti að forsendum s.s. fjarlægð og fólksfjölda sem forsendum slíkra skipulagsgerðar ásamt því að vinna í lausnum sem stuðla að umhverfisvænni samgöngum.	Umhverfisstofnun, dags. 21. nóv. 2012.
6.1.3 Landbúnaður, menningarlandslag og ásýnd lands	Umhverfisstofnun gerir athugasemd við umfjöllun um eftirfarandi leið: „Landbúnaðarsvæði sem teljast verðmæt vegna núverandi eða mögulegrar ræktunar eða eru mikilvæg fyrir landbúnaðinn að öðru leyti verði ekki tekin úr landbúnaðarnotum nema brýn nauðsyn beri til. „Umhverfisstofnun telur að hér þurfi að líta til fleiri þátta en eingöngu mögulegra landbúnaðarnota t.d. verndargildis votlendis en í stefnumótun stjórnvalda „Velferð til framtíðar“ kemur fram að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi landsins.“	Umhverfisstofnun, dags. 21. nóv. 2012.
6.2.2 Samfélag og byggð	Umhverfisstofnun vísar til þess sem segir um grunnástand. „Ræktanlegt land...er verðmæt auðlind sem er mikilvægt að varðveita m.a. með hliðsjón af fæðuöryggi og þörf fyrir landbúnaðarland í framtíðinni.“ Umhverfisstofnun ítrekar í sinni umsögn að hér þarf einnig að líta til verndunar svæða og vistkerfa en ekki eingöngu lands til landbúnaðarnota. Þar sem fæðuöryggi er hér forsenda slíkrar landnotkunar ætti að skilgreina hvernig tryggt verði að allir landsmenn hafi jafnan aðgang að landbúnaðarafurðum.	Umhverfisstofnun, dags. 21. nóv. 2012.
6.4	Orkuveita Reykjavíkur tekur sérstaklega undir það sem fram kemur á bls. 65 í umhverfisskýrslu um að tillagan sé „líkleg til að bæta yfirsýn yfir vatnsvernd og álagspunkta tengda byggð og hafa með því jákvæð áhrif á vatn.“	Orkuveita Reykjavíkur, dags. 5. nóv. 2012.

<b>Innkomnar athugasemdir flokkaðar eftir skjölum, köflum og stefnumiðum</b>		
	<b>Greinargerð um stöðu haf- og strandsvæðaskipulags</b>	
<b>Kafli nr.</b>	<b>Umsögn eða athugasemd</b>	<b>Aðili</b>
	Einar Örn Thorlacius bendir á að leiðrétta þarf heiti sveitarfélags á bls. 52 í fylgiskjalinu Greinargerð um stöðu haf- og strandsvæðaskipulags þar sem segir að Grunnafjörður sé í Skilmannahreppi og Leirár- og Melahreppi. Frá árinu 2006 heitir sveitarfélagið Hvalfjarðarsveit.	Einar Örn Thorlacius lögfr. dags. 8. nóv. 2012.
	Landhelgisgæslan bendir á atriði sem mætti bæta í töflu bls. 16-18 og töflu 1. frh. bls. 19. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Landhelgisgæsla Íslands, 19. nóv. 2012.
4 Kortlagning	Árni Vésteinsson gerir athugasemd við Greinargerð um stöðu haf- og strandsvæðaskipulags en að hans mati falla sjómælingar og sjókortagerð undir efni 4. kafla, Kortlagning á lífríki, notkun og vernd. Einnig ítrekar hann nauðsyn þess að kortleggja hafsbotninn. „Það þarf að kortleggja hafið svo menn viti hvernig „landið liggur“ hvað varðar dýpi og lögun hafsbotnsins. Það er grundvöllurinn sem allt hvílir á. Það er tómt mál að tala um framkvæmdir, nýtingu eða skipulag, af hvaða tagi sem vera skal, ef þessi grundvöllur er ekki til staðar. Þess vegna tel ég kortlagningu hafsbotnsins (sjómælingar og sjókortagerð) vera eina af mikilvægustu stöðunum undir haf- og strandsvæðaskipulagi á Íslandi.  Það hefði verið gagnlegt að fá umfjöllun um stöðu kortlagningar hafsbotnsins inn í 4. kafla en úr því sem komið er verður því væntanlega ekki við komið en ég geri mér góðar vonir um að það verði gert á vettvangi landsskipulags þótt síðar verði.“	Árni Vésteinsson, dags. 19. nóv. 2012.
	Gerð er athugasemd við texta á bls. 71 og 46 í Greinargerð um stöðu haf- og strandsvæðaskipulags. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik og Háskólasetur Vestfjarða, dags. 20. nóv. 2012.
	Hafrannsóknarstofnunin gerir athugasemdir og tillögur um úrbætur við bls. 9, 16-18, 20, 30, 37, 83-86 í Greinargerð um stöðu haf- og strandsvæðaskipulags. Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Hafrannsóknarstofnun, dags. 20. nóv. 2012.

<b>Innkomnar athugasemdir flokkaðar eftir skjölum, köflum og stefnumiðum</b>		
	<b>Ferðamennska á miðhálandi Íslands</b>	
<b>Kafli nr.</b>	<b>Umsögn eða athugasemd</b>	<b>Aðili</b>
	„Landssamband Hestamannafélaga mótmælir harðlega þeirri fullyrðingu sem fram kemur í skýrslu um Ferðamennsku á miðhálandi Íslands þar sem segir á bls. 40: „ <i>Hestúsi og hestaleigu í hjarta friðlandsins er alveg ofaukið í Landmannalaugum</i> “. Landmannalaugar eru einn af áfangastöðum hestamanna á ferðalögum um Fjallabak og skal vera það áfram.“	Landssamband Hestamannafélaga, dags. 14. nóv. 2012.
	Trausti Valsson athugasemdir við fylgiskjalið <i>Ferðamennska á miðhálandi Íslands: Staða og spá um framtíðarhorfur</i> . Sjá nánar á: <a href="http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/">http://www.landsskipulag.is/samradsvettvangur/innkomnar-athugasemdir/</a>	Trausti Valsson, dags. 19. nóv. 2012.

<b>Innkomnar athugasemdir flokkaðar eftir skjölum, köflum og stefnumiðum</b>		
	<b>Greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála</b>	
<b>Kafli nr.</b>	<b>Umsögn eða athugasemd</b>	<b>Aðili</b>
	Settar eru fram ábendingar um umfjöllun um frístundabyggð og bent er á að gera þurfi greiningu á byggðamynstri í gegnum tíðina á einstökum svæðum. Bent er á að horfa til sérstöðu hvers svæðis.	Teiknistofan Eik, dags. 20. nóv. 2012.





## 10 Tilvitnanir og heimildir

- 
- <sup>1</sup> Skipulagsstofnun (2012). *Landsskipulagsstefna 2013-2024, tillaga til auglýsingar*. Reykjavík: Skipulagsstofnun. Sótt 19. desember 2012 af: [http://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna/24\\_sept\\_2012\\_Landsskipulagsstefna\\_2013\\_2024\\_lokagerd.pdf](http://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna/24_sept_2012_Landsskipulagsstefna_2013_2024_lokagerd.pdf)
- <sup>2</sup> Skipulagsstofnun (2012). *Umhverfisskýrsla, með tillögu að landsskipulagsstefnu*. Reykjavík: Skipulagsstofnun. Sótt 19. desember 2012: [http://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna/24\\_sept\\_2012\\_Umhverfisskyrsla\\_landsskipulagsstefnu\\_lokagerd.pdf](http://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna/24_sept_2012_Umhverfisskyrsla_landsskipulagsstefnu_lokagerd.pdf)
- <sup>3</sup> Skipulagsstofnun (2012). *Yfirlit um stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun*. Reykjavík: Skipulagsstofnun. Sótt 19. desember 2012 af: [http://www.skipulagsstofnun.is/media/landsskipulagsstefna/24\\_sept\\_2012\\_Yfirlit\\_um\\_stefnu\\_stjornvalda\\_lokagerd.pdf](http://www.skipulagsstofnun.is/media/landsskipulagsstefna/24_sept_2012_Yfirlit_um_stefnu_stjornvalda_lokagerd.pdf)
- <sup>4</sup> Skipulagsstofnun (2012). *Greinargeð um stöðu og þróun skipulagsmála*. Reykjavík: Skipulagsstofnun. Sótt 19. desember 2012 af: [http://www.skipulagsstofnun.is/media/landsskipulagsstefna/24\\_sept\\_2012\\_Greinargerð\\_um-stöðu\\_og\\_þróun\\_skipula\\_lokagerd.pdf](http://www.skipulagsstofnun.is/media/landsskipulagsstefna/24_sept_2012_Greinargerð_um-stöðu_og_þróun_skipula_lokagerd.pdf)
- <sup>5</sup> Skipulagsstofnun (2012). *Greinargeð um stöðu haf- og strandsvæðaskipulags*. Reykjavík: Skipulagsstofnun. Sótt 19. desember 2012 af: [http://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna/24\\_sept\\_2012\\_Greinargerð\\_lokagerd\\_lokautgafa.pdf](http://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna/24_sept_2012_Greinargerð_lokagerd_lokautgafa.pdf)
- <sup>6</sup> Anna Dóra Sæþórsdóttir (2012). *Ferðamennska á miðhálandi Íslands: Staða og spá um framtíðarhorfur*. Reykjavík: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Sótt 19. desember 2012 af: [http://www.skipulagsstofnun.is/media/landsskipulagsstefna/Ferðamennska\\_a\\_midhalendi\\_Islands\\_loka\\_ths\\_ad%5B1%5D.pdf](http://www.skipulagsstofnun.is/media/landsskipulagsstefna/Ferðamennska_a_midhalendi_Islands_loka_ths_ad%5B1%5D.pdf)
- <sup>7</sup> Forsetabréf um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands nr. 100, birt í A-deild Stjórnartíðinda 30. ágúst 2012.

